24

Eygló Björk Ólafsdóttir er nýr formaður í lífrænum búskap



28–29

Matvælasvindl og glæpir 10 til 20% af matvælamarkaði heimsins



30–31

Bændur standa sig vel í skilum á heyrúlluplasti



Bændablaðið

10. tölublað 2018 • Fimmtudagur 24. maí • Blað nr. 515 • 24. árg. • Upplag 32.000 • Vefur: bbl.is



Hestamenn í Vestur- og Austur-Húnavatnssýslum eiga samanlagt langflest hross í landinu samkvæmt nýjustu tölum Búnaðarstofu MAST um búfjáreign landsmanna. Eiga þeir samtals 8.346 hross. Þegar skoðaður er fjöldi hrossa sem skráður er í einstökum sveitarfélögum trónir Skagafjörður efst með 6.963 hross. Síðan kemur Rangárþing eystra með 6.000 hross og í þriðja sæti er Borgarbyggð með 5.106 hross. Húnvetnsku hrossin á myndinni létu sér þó í léttu rúmi liggja öll talnaspeki MAST þar sem þau hímdu í vornæðingnum í fyrri viku skammt frá bænum Leysingjastöðum við Hóp við Húnafjörð. – *Sjá nánar um búfjáreign landsmanna á bls. 2 og 4.* Mynd / HKr.

Könnun sem Gallup gerði nýverið fyrir markaðsstofuna Icelandic Lamb:

Lambakjötið vinsælasti íslenski maturinn meðal erlendra ferðamanna

Rúmlega 90% erlendra ferðamanna smökkuðu dæmigerðan íslenskan mat samkvæmt könnun sem Gallup gerði nýverið fyrir markaðsstofuna Icelandic Lamb.

Spurt var um lambakjöt, skyr, laxfiska, mjólk, þorsk, nautakjöt, ost, svínakjöt, harðfisk, hval, kæstan hákarl og folaldakjöt. Einungis 9,4% erlendu ferðamannanna höfðu ekki smakkað neitt af þessu. Ef hin 90,6% eru skoðuð kemur í ljós að 57,8% þeirra borðuðu lambakjöt á meðan þeir dvöldu hér á landi en 53,7% smökkuðu íslenska skyrið, sem er í öðru sæti.

Erlendir ferðamenn vilja íslenskan mat


Markaðsstofan Icelandic Lamb hóf starfsemi fyrir rúmu ári. Helsta verkefni hennar er að kynna íslenskt lambakjöt og aðrar sauðfjárafurðir fyrir erlendum ferðamönnum. Þetta er m.a. gert með öflugri markaðsherferð á samfélagsmiðlum og samstarfi við um 160 aðila í verslun, veitingarekstri, framleiðslu, nýsköpun og hönnun.

Árangurinn hefur verið framar björtustu vonum. Innanlandssala á lambakjöti hefur vaxið síðustu misseri og kannanir sýna að stór hluti þess vaxtar er vegna aukinnar neyslu erlendra ferðamanna.

„Þessar kannanir sem Gallup hefur gert fyrir okkur sýna án nokkurs vafa að erlendir ferðamenn vilja borða íslenskan mat og þó að íslenska lambakjötið sé vinsælast eru aðrar afurðir ekki langt undan," segir Svavar Halldórsson, framkvæmdastjóri Icelandic Lamb.

Lambakjötið skilar miklu í ríkissjóð

Kannanirnar sem Gallup gerði fyrir Icelandic Lamb sýna að 52%–58% erlendra ferðamanna borða lambakjöt á meðan þeir dveljast hér á landi. Samkvæmt tölum Ferðamálastofu komu um 2,2 milljónir erlendra ferðamanna til Íslands í fyrra. Þetta þýðir að meira en milljón útlendingar borða íslenskt lambakjöt hér á hverju ári. Icelandic Lamb hefur áætlað út frá könnunum og sölutölum að erlendir ferðamenn borði um 1,5 milljón skammta af íslensku lambakjöti árlega.



„Ef við miðum við að hver máltíð kosti um 3.000 krónur er hægt að reikna út að gjaldeyristekjurnar eru 4,5 milljarðar," segir Svavar. „Öll sú atvinna og verðmætasköpun sem verður til á leiðinni frá sveitabæjunum á veitingastaðina og í verslanirnar skilar líka dágóðum skatttekjum. Bara virðisaukaskatturinn af þessari matarsölu er metinn á hálfan milljarð."

–Sjá nánar á bls. 4 og í sérblaði sem fylgir Bændablaðinu í dag.

FRÉTTIR


Búfé landsmanna telst vera rúmlega 1,5 milljón dýr, bæði ferfætlingar og fiðurfé, samkvæmt nýjustu tölum MAST:

Nautgripum fjölgar frá metárinu 2016 en sauðfé fækkar um 16 þúsund

– Hlutfallslega eru nákvæmlega jafn margir landsmenn á bak við hvern nautgrip nú og árið 1981

Samkvæmt nýjustu búfjártölum Búnaðarstofu Matvælastofnunar fyrir 2017–2018, þá telst búfé landsmanna nú vera 643.474 gripir auk 910.363 alifugla. Það er samtals 1.553.837 ferfætlingar og fiðurfé. Af frátöldum alifuglum, sem voru augljóslega verulega vantaldir í síðustu tölum, þá fækkaði búfé landsmanna um 21.912 gripi milli talninga.

Af þessum fjölda eru 80.895 nautgripir á 619 búum. Hefur nautgripunum fjölgað úr 80.024 eða um 871 grip á sama tíma og kúabúum á landinu hefur fækkað um 26.



Enn nýtt met í fjölda nautgripa

Í fyrra var greint frá því að nautgripastofninn á Íslandi hafi aldrei verið stærri og hefur nú enn bætt í það met. Nokkuð ört hefur fjölgað í stofninum frá 2013, eða úr 68.776 gripum 2013 í 80.024 2016 og 80.695 gripi um síðustu áramót. Þannig hefur fjölgað frá 2013 um 12.119 gripi.

Jafn margir íbúar um hvern nautgrip 1981 og 2018

Ef miðað er við höfðatöluna frægu, þá voru 4,3 Íslendingar um hvern nautgrip árið 1981, en þá voru Íslendingar samtals 229.327. Þann 1. janúar 2018 voru íbúar landsins orðnir 350.710 og hafði fjölgað um 12.361 á milli ára. Miðað við sama góða höfðatöluútreikninginn eru hlutfallslega alveg jafn margir íbúar um hvern nautgrip nú og árið 1981 eða 4,3.

Sauðfjárbúum fækkaði um 91 og sauðfé fækkaði um 16 þúsund


Sauðfé á fóðrum er 459.766 samkvæmt tölum MAST á 2.379 búum. Hefur sauðfé fækkað frá því að vera 475.893 skepnur skv. síðustu tölum, eða um 16.127 skepnur. Þá hefur sauðfjárbúum fækkað um 91 frá tölum MAST í fyrravor. Inni í sauðfjártölunum eru 9.066 lambhrútar og geldingar.


Geitum fjölgar

Alls voru 1.300 geitur og lífkið í landinu á 113 búum um síðustu áramót. Á árinu 2016 töldust vera 1.188 geitur og lífkið svo fjölgunin er rúmlega 9%.

Gríðarleg fækkun sauðfjár á 37 árum

Töluvert aðra sögu er að segja af sauðfjárstofni landsmanna. Á árinu 1981 voru 794.097 vetrarfóðraðar kindur í landinu, eða um 3,5 sauðkindur á hvern einasta landsmann. Samkvæmt nýjustu tölum var vetrarfóðrað sauðfé komið niður í 459.766 um síðustu áramót en landsmönnum hafði fjölgað um 121.383 frá 1981. Því eru ekki lengur 3,5 sauðkindur á fóðrum á hvern íbúa eins og áður heldur einungis 1,3 kindur. Hefur því fækkað gríðarlega í stofninum á undanförnum áratugum, eða um hartnær helming að höfðatölu fjárins og enn meira sem hlutfall af íbúafjölda. Frá 1995 hefur sauðfé aldrei farið yfir 500 þúsund vetrarfóðraðar skepnur.





Styttist í að framboð anni ekki eftirspurn?

Eftir nokkurn stöðugleika í sauðfjárstofninum frá 2003 til 2008 fór stofninn nokkuð að vaxa á nýjan leik. Var hann kominn í 487 þúsund fjár árið 2014. Þá var fækkun um 14.540 fjár til 2015. Vetrarfóðruðu sauðfé fjölgaði síðan aðeins á milli áranna 2015 og 2016, eða úr 472.461 í 475.893. Það er fjölgun upp á 3.432 skepnur sem framleiddu fleiri lömb og meira kjöt en markaðurinn virðist tilbúinn að taka við. Fækkun nú á milli ára um ríflega 16 þúsund skepnur á fóðrum samfara fólksfjölgun hlýtur því að hafa umtalsverð áhrif á markaðsstöðuna. Er því líklegt að það styttist í að framleiðsla á kindakjöti anni ekki eftirspurn. Það yrði sögulega mjög sérstök staða í ræktun sauðfjár á Íslandi.

Hrossum hefur fækkað um nær 2.300

Þá eru hross í landinu nú talin vera 64.792 á 2.262 búum. Hrossin voru hins vegar talin vera 67.186 í tölum Búnaðarstofu MAST vorið 2017 og hefur því fækkað um 2.394 hross. Þá hefur hrossabúunum eða ræktendum einnig fækkað, eða um 208.

Að mati sérfræðinga í hrossarækinni hefur sannarlega orðið fækkun í hrossastofninum, en heildartalan bæði nú og í fyrra er samt ekki talin ná alveg yfir öll hross í landinu. Þar getur verið um einhverja skekkju að ræða vegna hrossa sem ekki eru gefin upp í skýrslum og þá einkum í þéttbýlinu.

Örlítil fjölgun í svínastofninum

Svín eru 66 fleiri en í síðustu tölum, eða 3.576 á móti 3.510 í fyrra. Þá eru svínabú nú sögð vera 20 en voru 19 í fyrravor. Þarna er aðeins verið að tala um fullorðnar gyltur og gelti, en ekki grísi. Ef grísirnir eru taldir með er heildarfjöldi svína mun meiri, því þar eru 20.421 eldisgrís, 7.000 smágrísir og 9.528 fráfærugrísir. Fjöldi grísa er mjög rokkandi á milli mánaða svo til að gera tölur samanburðarhæfar milli ára er eðlilegast að miða eingöngu við gyltur og gelti.

Óvissa í framvindu í minkarækinni

Loðdýr eru 34.445 talsins samkvæmt nýjustu tölum MAST og hefur því fækkað á milli ára. Voru þau 38.773 í tölum MAST 2017 og hefur því fækkað um 4.328 dýr, þ.e. fullorðnir högnar og læður. Inni í þessum tölum eru líka 2 refir og 323 kanínur. Í heild eru búin 63, en þar af 38 með mink og ref, en þau voru talin 39 í fyrra. Augljóst virðist að lokauppgjör ársins sé ekki í þessum tölum frekar en í fyrra. Vitað er um eina fimm minkabændur sem hættu starfsemi undir lok síðasta árs svo taka verður þessum tölum með fyrirvara.


Mikil óvissa er nú í loðdýraræktinni vegna stöðugs verðfalls undanfarin ár. Síðasta uppboð hjá Kopenhagen Fur í Danmörku lagaði ekki þá stöðu. Vonast minkabændur nú eftir að næsta uppboð sem fram fer í júní gefi vonir um betri tíð í greininni.


Alifuglarnir taldir vera yfir 910 þúsund

Alifuglar landsmanna teljast nú vera 910.363 á 453 búum. Þar af eru 894.908 varphænsn, holdahænur, lífungar og kjúklingar og 14.505 kalkúnar. Þá eru aliendur 742 og aligæsir 127.

Í tölunum um alifuglana eru varphænsn, holdahænur, lífungar yngri en 5 mánaða, kjúklingar, endur, gæsir, kalkúnar og aðrir alifuglar. Samkvæmt nýju tölunum hefur búum svo fækkað um 16 og eru alls 453.

Verulega hefur verið bætt úr talnagögnum varðandi alifuglana. Í fyrra skorti mikið á að tölur stæðust um heildarfjölda fugla, en þar voru alifuglarnir taldir vera 358.979 á 469 búum. Þá vantaði inn tölur um kjúklinga sem nú eru taldir 598.847. Reyndar verða tölur um alifugla trúlega alltaf tilefni til skoðanaskipta, því tölurnar geta verið mjög breytilegar frá mánuði til mánaðar. */HKr.*






Jötunn Byggingar kynna

Jötunn

Vönduð heilsárshús, hönnuð og framleidd fyrir íslenskar aðstæður sem henta sérlega vel sem útleigueiningar fyrir ferðaþjónustu. Húsið er u.þ.b. 31 m^2.

Hús tilbúin til notkunar daginn sem þau eru afhent.

- Útveggir uppbyggðir í samræmi við íslenska reglugerð.
- 150 mm einangrun klædd að utan með viðarpanel, málað í þeim lit sem viðskiptavinurinn óskar.
- Loft einangruð með 150mm einangrun klædd að innan með tilbúnni klæðningu sem ekki þarf að mála.
- Vínildúkur heillímdur á þak.
- Raflagnir innanhúss ásamt töflu innifaldar.
- Pípulagnir innanhúss ásamt hitakerfi eru innifaldar.
- Gólf eru með vínilparketi.
- Eldhúsinnrétting, ísskápur, helluborð og örbylgjuofn.
- Borðbúnaður fyrir fjóra og öll áhöld til eldunar. Pottar, pönnur, hnífar, bretti o.fl. innifalið.
- Öll húsgögn eins og sýnd eru á myndum fylgja með ásamt fataskáp, kommóðu og náttborði í svefnherbergi.
- Baðherbergi dúkalagt. Klósett, vaskur, sturta með blöndunartækjum og hitakútur innifalið.
- U.þ.b. 18m^2 viðarklæddur útipallur.
- Undirstöður: Steyptir bitar 0,2 x 0,6 x 5 m - 4 stk.
- Allar flasningar, þakrennur og niðurföll að jörð innifaldar.



Verð aðeins

kr. **6.980.000**

án vsk



JÖTUNN BYGGINGAR

Austurvegur 69 - 800 Selfoss // Sími 480 0480 & 766 0505// byggingar@jotunn.is // www.jotunn.is

Jötunn Byggingar býður upp á gripa-, iðnaðar-, sumar-, heilsárs-, og íbúðarhús, gistirými, kartöflugeymslur, skemmur ofl. Öll húsin standast ströngustu kröfur fyrir íslenkan markað og gott betur en það, í bland við góða hönnun og hagstætt verð þar sem óskir og þarfir viðskiptavinarins eru sett í 1. sæti

FRÉTTIR

Hross landsmanna teljast nú vera 64.792 og hefur fækkað nokkuð á milli ára samkvæmt tölum Búnaðarstofu MAST:

Hrossflesta sveitarfélagið á landinu er Skagafjörður

– Húnvetningar eiga þó landshlutavinninginn, eða 8.346 hross, en minnst hrossaeign er hjá Suðurnesjamönnum, eða 362 hross

Fjöldi hrossa á Íslandi hefur yfirleitt verið talinn vera nálægt 70 þúsund að teknu tilliti til skekkjumarka samkvæmt tölum Búnaðarstofu MAST. Flest voru þau 80.5782 árið 1996 en nú eru þau talin vera 64.792.

Verulega hefur verið bætt úr skýrsluhaldi og skráningu hrossa á landinu, en í nokkur ár gat þar að líta verulegt misræmi. Sem dæmi voru einungis 53.021 hross í landinu samkvæmt tölum MAST árið 2013 en voru árið 2012 talin vera 77.380. Tölurnar nú, eftir að Búnaðarstofa MAST kom til sögunnar, benda til að skráningin sé mun raunhæfari en áður þótt kunnugir telji að nokkuð vanti upp á að hrossaeigendur, einkum í þéttbýli, geri grein fyrir allri sinni hrossaeign. Því geti hugsanlega skeikað um nokkur þúsund hross. Hins vegar gefi tölur í fyrra og nú tilefni til að ætla að komið sé nokkuð gott samræmi í hlutina þannig að greina megi þróunina í greininni.

Rétt skráning mikilvæg sem og skil á skýrslum

Líkt og með skráningu á hrossaeign landsmanna, þá skipta allar búfjártölur miklu máli í hagtölum landsins. Þá er það líka hreint og klárt fjárhagsspursmál fyrir bændur að þeir skili inn skýrslum um búfjáreign sína ella detta þeir út úr kerfinu og missa tilkall til stuðningsgreiðslna.


Flest hross sveitarfélaga eru í Skagafirði

Þegar skoðaður er fjöldi hrossa sem skráður er í einstökum sveitarfélögum, þá skera þrjú sveitarfélög sig algjörlega úr. Þar trónir Skagafjörður efst með 6.963 hross og hefur þar fjölgað um 127 hross frá birtingu talna í fyrravor. Næst kemur Rangárþing eystra með 6.000 hross en þar hefur fækkað um 251 hross.

Í þriðja sæti er Borgarbyggð með 5.106 hross en þar hefur fækkað um 143 hross.

Húnvetningar með mestu samanlagða hrossaeignina

Húnvetningar sem heild eiga þó sameiginlega landshlutametið með samtals 8.346 hross. Þar af eru 4.344 hross í Húnavatnshreppi og hafði fjölgað þar um 178 hross. Húnaþing vestra er svo með 4.002 hross, en þar hefur fækkað um 30 hross.



Á eftir Húnvetningum í sjötta sæti kemur Flóahreppur með 2.680 hross. Þar hefur fækkað um 182 hross á milli ára. Skeiða- og Gnúpverjahreppur er eins og áður í sjöunda sæti með 1960 hross, en þar hefur fækkað um 51 hross. Í áttunda sæti kemur Bláskógabyggð, eins og í fyrra, með 1.680 hross og hefur þar einnig fækkað, eða um 213 hross. Í níunda sæti kemur svo Ásahreppur með 1.370 hross. Þar hefur hrossum fjölgað um 50 og skýst Ásahreppur þar með upp fyrir Árborg þar sem töluverð fækkun hefur orðið í hrossastofninum. Þannig er Árborg nú í tíunda sæti með 1.332 hross eftir fækkun frá fyrra ári um 295 hross.

Akureyri með 1.083 og Reykjavík með 682 hross

Næst kemur svo Ölfus með 1.285 hross, Hrunamannahreppur með 1.236 (var með1.450), Dalabyggð með 1.198 (var með1.279), Akureyri með 1.083 (voru með 1.278), Fljótsdalshérað með 1.044 (var með 1.116), Hörgársveit með 1.037 (var með 1.033) og Akrahreppur með 1.007 (var með 984), en önnur sveitarfélög voru með færri hross. Í Reykjavík eru hross nú skráð 682 en voru 700 í fyrra.

Fæst hross á Suðurnesjum og á Vestfjörðum

Ef skoðuð eru sveitarfélög sem hafa fæst skráð hross þá eru einungis 9 hross skráð í Tálknafjarðarhreppi, 10 í Vesturbyggð og 21 í Kaldrananeshreppi. Á Vestfjörðum í heild eru einungis skráð 774 hross og hlutfallslega flest þeirra í Ísafjarðarbæ, eða 240. Á Suðurnesjum eru skráð 362 hross. Þar af flest í Reykjanesbæ, eða 221, en fæst í Sandgerði, eða 12 og 17 í Garði (sveitarfélög sem bráðum heita líklega eitthvað annað, Garðskagabær). */HKr.*

– ***Sjá nánar um búfjáreign á bls. 2***



Foss á Síðu.

Hver er framtíð landbúnaðar?

Samráðshópur um endurskoðun búvörusamninga í samstarfi við KPMG heldur vinnufundi á næstu vikum vegna sviðsmyndavinnu um framtíð landbúnaðar á Íslandi.

Markmið fundanna er að laða fram skoðanir frá aðilum um land allt á þeim þáttum sem munu skipta landbúnaðinn mestu máli á komandi árum. Þar er horft til þátta eins og byggðaþróunar, sjálfbærni og tengsla bænda við neytendur.

Á fundunum munu gestir fá tækifæri til að velta upp mikilvægustu áhrifaþáttum sem geta haft áhrif á framtíð íslensks landbúnaðar.

Í tilkynningu frá samráðshópi um endurskoðun búvörusamninga segir að fundirnir séu öllum opnir sem láta sig málefni íslensks landbúnaðar varða.

Fundirnir verða haldnir á eftirfarandi stöðum:

Hvanneyri, Ársalir
3. hæð í Ásgarði
Þri 29. maí kl. 13–15

Egilsstaðir,
Icelandair Hótel Hérað
Mið 30. maí kl. 13–15

Laugarbakki
Hótel Laugarbakki
Mán. 4. júní kl. 13–15

Akureyri, Hótel KEA
Þri 5. júní kl. 13–15

Reykjavík, Hótel Saga, 2. hæð
Mið 6. júní kl. 13–15

Hella, Árhús
Fim. 7. júní kl. 13–15

Erlendir ferðamenn sækjast eftir vörum sem unnar eru úr hráefni af íslensku sauðkindinni:


Keyptu um 200.000 lopapeysur fyrir um fjóra milljarða króna

Samkvæmt könnun sem Gallup gerði fyrir markaðsstofuna Icelandic Lamb í lok síðasta árs keyptu erlendir ferðamenn sem hingað komu í fyrra um 207 þúsund íslenskar lopapeysur fyrir nær fjóra milljarða króna. Þar af fékk ríkissjóður 750 milljónir í virðisaukaskatt.

Engum dylst að Ísland er orðið að vinsælum áningarstað erlendra ferðamanna. Samkvæmt tölum Ferðamálastofu sóttu rúmlega tvær milljónir okkur heim í fyrra. Þetta er margföldun á örfáum árum. Ástæður vinsældanna eru eflaust margar en ímynd hreinleika og sjálfbærni, alþjóðleg velgengni íþróttafólks og listamanna og landlæg gestrisni okkar Íslendinga hefur án efa hjálpað mikið til. Öflugt markaðsstarf Íslandsstofu og ýmissa íslenskra fyrirtækja skiptir líka verulegu máli.

Ferðamenn koma sterkir inn

Markaðsstofan Icelandic Lamb hóf starfsemi fyrir rúmu ári. Helsta verkefni hennar er að kynna íslenskt lambakjöt og aðrar sauðfjárafurðir fyrir erlendum ferðamönnum. Þetta er m.a. gert með öflugri markaðsherferð á samfélagsmiðlum og samstarfi við um 150 aðila í verslun, veitingarekstri, framleiðslu, nýsköpun og hönnun. Árangurinn hefur verið framar björtustu vonum. Innanlandssala á lambakjöti hefur vaxið síðustu misseri og kannanir sýna okkur að stór hluti þess vaxtar er vegna aukinnar neyslu erlendra ferðamanna.





Það er ýmsilegt fleira en lambakjöt sem íslenska sauðkindin gefur af sér fyrir þjóðarbúið.

Ferðamenn borða eina og hálfa milljón lambakjötsmáltíða

Samkvæmt könnun sem Gallup gerði fyrir markaðsstofuna Icelandic Lamb í lok síðasta árs borðaði rúmur helmingur erlendu ferðamannanna lambakjöt í Íslandsferðinni. Sumir borðuðu eingöngu lambakjöt á veitingastöðum en aðrir keyptu það úti í búð. Sumir gerðu hvort tveggja. Samtals borðuðu erlendu ferðamennirnir um eina og hálfa milljón skammta af íslensku lambakjöti. Í upphafi þessa árs spurði Gallup líka út í kaup ferðamanna á ull, gærum og ullarvörum.

Fjórir milljarðar króna fyrir sölu á lopapeysum

Um þriðjungur þeirra nærri 2.500 erlendu ferðamanna sem svöruðu sögðust hafa keypti einhverjar vörur úr ull, beinum, gærum eða öðrum afurðum sauðkindarinnar. Þegar rýnt er í tölurnar sést einnig að 9,4% þeirra keyptu íslenska lopapeysu í ferðinni. Þetta gera samanlagt um 207 þúsund peysur. Andvirði þeirra út úr búð er öðru hvorum megin við fjóra milljarða króna.

Virðisaukaskattur til ríkisins af þessum kaupum nemur um 750 milljónum króna. Bændur þakka handverksfólki, verslunareigendum og ferðaþjónustunni samstarfið. */HKr./SH*

Nýir traktorar fyrir íslenskar aðstæður

Kubota



Kubota M5001 serían

KUBOTA M5001 serían er ný dráttarvélalína frá KUBOTA í stærðunum 95 og 113 hestöfl. Þetta er stærðarflokkur sem hentar einstaklega vel við íslenskar aðstæður.

Við hönnun á nýju M5001 seríunni var hlustað á þarfir bænda og tekið tillit til þeirra. Öll aðstaða ökumanns var bætt til muna, farþegasæti er nú staðalbúnaður og öll stjórntæki dráttarvélarinnar eru á góðum stað í stjórnborðinu hægra megin við ökumannssætið

KUBOTA M5001 serían er útbúin nýjustu mengunarvörnum og uppfyllir EURO 4 mengunarvarnarstaðalinn. Á merkilegan hátt hefur hönnuðum KUBOTA tekist að koma öllum mengunarvarnarbúnaðinum fyrir undir vélarhlíf traktorsins svo að ekki spilli hann fyrir útsýninu.

Tæknilýsing	M5091	M5111
Mótor:	4cylindra, 3,8 lítra KUBOTA mótor með forþjöppu og millikæli	
Hámarsk afl [hö]	95	113
Gírkassi:	6 gíra kassi með 1 milligír og L/M/H drifi. 36 gírar áfram & afturábak	
Vendigír:	Mjúkur og þægilegur kúplingsfrír vökvavendigír	
Hámarkshraði:	ca. 40 km/klst við lágan snúning	
Aflúrtakshraðar:	540 / 540E	
Drifbúnaður:	Fjórhjóladrif og driflæsing á afturöxli, tregðulæsing á framöxli	
Vagnbremsur:	Vökvavagnbremsur	
Stjórnun þrítengibeislis:	Stangarstýrt beisli	
Lyftigeta á þrítengibeisli [kg]:	4.100	
Krókur:	Vökvaútskjótanlegur lyftukrókur með klofi og dráttarkrók.	
Vökvadæla:	64 l/mín vökvadæla og 20 l/mín óháð stýrisdæla.	
Dekkjastærð:	360/70R24 að framan og 480/70R34 að aftan	

Ámoksturstæki:
STOLL samlit ámoksturstæki með dempara, 3 sviði og EURO ramma. 2.05 m skófla.

ÞÓR HF

REYKJAVÍK:
Krókháls 16
Sími 568-1500

AKUREYRI:
Baldursnesi 8
Sími 568-1555

Vefsíða:
www.thor.is

Bændablaðið
– Málgagn bænda og landsbyggðar –

Bændablaðið kemur út 24 sinnum á ári. Því er dreift ókeypis á yfir 400 stöðum á landinu og á öll lögbýli landsins.
Lesendur geta einnig gerst áskrifendur að blaðinu og fengið það sent heim í pósti gegn greiðslu. Árgangurinn kostar þá kr. 10.500 með vsk. (innheimt í tvennu lagi). Ársáskrift fyrir eldri borgara kostar 5.250 með vsk.

Heimilisfang: Bændablaðið, Bændahöll við Hagatorg, 107 Reykjavík.
Sími: 563 0300 – **Fax:** 562 3058 – Kt: 631294–2279
Bændablaðið er í eigu Bændasamtaka Íslands.

Ritstjóri: Hörður Kristjánsson (ábm.) hk@bondi.is – **Sími:** 563 0339 – **Rekstur og markaðsmál:** Tjörvi Bjarnason tjorvi@bondi.is – **Blaðamenn:** Margrét Þ. Þórsdóttir mth@bondi.is – Sigurður Már Harðarson smh@bondi.is – Vilmundur Hansen vilmundur@bondi.is – **Auglýsingastjóri:** Guðrún Hulda Pálsdóttir ghp@bondi.is – **Sími:** 563 0303 – **Netfang auglýsinga:** augl@bondi.is – **Vefur blaðsins:** www.bbl.is – **Netfang blaðsins:** (fréttir og annað efni) er bbl@bondi.is
Frágangur fyrir prentun: Anna Kristín Ólafsdóttir – Prentun: Landsprent ehf. – Upplag: sjá forsíðu – Dreifing: Landsprent og Íslandspóstur. ISSN 1025-5621

SKOÐUN

Eignaupptaka

Það er afar áhugavert að fylgjast með tölum Seðlabanka Íslands um verðbólgu á Íslandi þessa dagana í samanburði við tölur Eurostat, hagstofu Evrópusambandsins. Þó okkur sé talin trú um að hagspekin sé sú sama þá er niðurstaða hagfræðinga hvort sínum megin Atlantsála gjörólík.

Seðlabanki Íslands segir okkur að hamingja okkar felist í þeirri einstöku snilld að halda stýrivöxtum eins háum og mögulegt er. Það hafi hemil á efnahagslífinu og dragi úr þenslu og hættunni á verðbólgu. Stýrivextirnir, sem nú má ekki kalla annað en meginvexti, eru 4,25% og hafa ekkert breyst síðan 18. apríl. Lengst af á síðustu misserum hafa þeir reyndar verið yfir 5%. Svo segir Seðlabankinn okkur að verðbólgan sé 2,3% og þá er að sjálfsögðu reiknað samkvæmt séríslenskri hagspeki með húsnæðisliðinn inni í jöfnunni, sem önnur Evrópulönd gera ekki. Þannig fá stjórnendur banka heimild til að reikna 2,3% verðbólgu ofan á öll verðtryggð lán landsmanna og glotta út í annað. Enda skiluðu fjármálastofnanir hver um sig tugum milljarða í gróða á síðasta ári og gera enn. Því hærra sem húsnæðisverð skrúfast upp, því meira græða bankarnir.

Það má kannski segja að 2,3% verðbólga sé ekki mikið ef miðað er við þá klikkuðu rússíbanareið sem Íslendingar hafa siglt í gegnum á liðnum áratugum. Samt eru 2,3% verðbólguvextir hreint vaxtaokur þegar undir liggja 4,25% stýrivextir. Svo þykjast menn vera hissa á því að í þessu „gargandi góðæri“ séu þúsundir Íslendinga að berjast í bökkum.

Það þarf ekki að fara langt til að sjá í hverju blekkingin liggur. Þar nægir að fara inn á vefsíðu Eurostat. Þar er útlistuð reiknuð árleg verðbólga í öllum Evrópusambandsríkjunum, auk Noregs, Sviss og Íslands. Það er samt greinilega eftir allt annarri formúlu en Seðlabanki Íslands og Hagstofan leyfa sér að nota. Eurostat notar samræmda neysluvísitölu (Harmonised Index of Consumer Prices - HICP), líkt og hér er gert, en innihald vísitölunnar er augljóslega ekki það sama.

Samkvæmt Eurostat ríkir verðhjöðnun á Íslandi en ekki verðbólga. Að bregðast við slíku með háum stýrivöxtum hefur aldrei þótt góð latína og raunar að flestra mati stórhættuleg hagstjórn. Það mun fyrr en seinna hafa skelfilegar afleiðingar. Bakslag í þenslunni sem hér hefur skapast vegna stöðugrar aukningar ferðamanna, kann að verða þúfan sem veltir því hlassi sem þessi stefna hefur hlaðið upp.

Eins og áður sagði mælir Seðlabankinn verðbólguna nú 2,3% og hefur hún lækkað um 0,5 prósentustig síðan í mars. Hjá Eurostat mælist verðbólgan á Íslandi alls ekki 2,3% heldur -0,7%. Í apríl 2017 var hún -0,8% og -2,2% í nóvember. Verðbólgan á Íslandi er búin að vera neikvæð í öllum mánuðum frá áramótum ef undan er skilinn mars, samkvæmt tölum Eurostat. Hún var -0,7% í janúar, -1,0% í febrúar, +0,3% í mars og -0,7% í apríl. Hvergi í Evrópusambandslöndunum er jafn mikil verðhjöðnun og hér og það er aðeins í tveim ríkjum ESB sem ríkir verðhjöðnun, það er á Írlandi -0,1% og -0,3% á Kýpur.

Einhver kann að spyrja hvort þetta sé bara ekki hið besta mál. Verðbólgan bara enn minni en Seðlabankinn segir okkur. – Nei, svo huggulegt er það ekki. Þetta segir einfaldlega það að með þeim reikningskúnstum sem hér eru viðhafðar er búið að stela af skuldurum á Íslandi þessum mismun. Í apríl munar þar 3 prósentustigum sem notuð eru til að skrúfa upp lán á 4,25% stýrivaxtagrunni. Þetta er ekkert annað en eignaupptaka og rán um hábjartan dag og þetta er búið að stunda árum saman − og allt með samþykki Alþingis. */HKr.*

Gjaldeyrisskapandi landbúnaður

Sindri Sigurgeirsson
formaður Bændasamtaka Íslands
sindri@bondi.is



Við Íslendingar erum háðir innflutningi með margvíslegum hætti. Við flytjum inn alla okkar bíla og eldsneyti til að knýja þá, mest af húsbúnaði og heimilistækjum, fatnaði og öðru því sem við þurfum til daglegs lífs. Síðast en ekki síst þá flytjum við inn um það bil helming allrar matvöru sem við neytum.

Síðustu misseri hefur útflutningur okkar ekki síst falist í þjónustu við ferðamenn sem greitt er fyrir hérlendis í erlendum gjaldeyri, en vöruútflutningur er miklu minni en þær vörur sem við flytjum inn. Á síðasta ári fluttum við inn vörur fyrir um það bil 180 milljörðum króna meira en við fluttum út. Vörurnar sem við flytjum út eru að uppistöðu sjávarafurðir og afurðir stóriðjunnar, en samt er bilið orðið þetta breitt. Samkeppnisstaða innlendu framleiðslunnar hefur líka gefið eftir undanfarin ár vegna hás gengis krónunnar, sem gerir um leið innflutning ódýrari. Það hefur bitnað á öllum atvinnugreinum sem byggja á einhvern hátt á útflutningi.

Útflutningur búvara skiptir máli

Við flytjum líka út landbúnaðarvörur þó að tölurnar séu ekki háar í þeim geira samanborið við aðra. Árið 2016 var útflutningur landbúnaðarvara talinn 17 milljarðar í hagskýrslum en þar eru reyndar taldar með fiskeldisafurðir upp á 9,6 milljarða króna. Svo landbúnaðarvörurnar eins og við þekkjum þær eru rúmir 7 milljarðar. En þessir sjö milljarðar skipta landbúnaðinn verulegu máli.

Sauðfjárafurðir tæpur helmingur útflutningsverðmætis

Tæpur helmingur verðmætisins, 3,47 milljarðar króna, eru sauðfjárafurðir, þ.e. lambakjöt, ull og gærur. Sá útflutningur á sér langa sögu. Kjötið í nokkrar aldir, en ullarvörurnar þó sýnu lengri því dæmi eru um útflutning á þeim allt aftur til 12. aldar. Síðustu ár hefur að jafnaði þriðjungur lamba- og kindakjöts verið fluttur út. Hlutfallið af gærum og ull er mun hærra, en við getum sagt að ef útflutningur yrði lagður af þyrfti framleiðslan að minnka um í það minnsta þriðjung. Það hefði vitanlega víðtæk áhrif um allt dreifbýlið. Framtíðarsýnin í greininni hefur verið að stefna á aukið verðmæti afurða og festa um leið í sessi þann útflutning sem er umfram innanlandsþarfir. Markaðir erlendis hafa verið erfiðir síðustu misseri eins og alkunna er.

18% tengjast íslenska hestinum

Um 18% útflutningsverðmætis landbúnaðarins, alls 1,33 milljarðar króna, eru lifandi hross og að hluta til hrossakjöt. Íslenski hesturinn nýtur vinsælda um allan heim. Reyndar eru nú fleiri íslenskir hestar til erlendis en hér heima. Margir bændur treysta á sölu lífhrossa erlendis. Sá markaður getur verið sveiflukenndur og ekki verður hvert einasta folald að gæðingi svo einnig er þýðingarmikið að geta flutt út hrossakjöt. Ákaflega mismunandi hefðir eru í einstökum löndum fyrir neyslu hrossakjöts og innanlandsmarkaðurinn er af takmarkaðri stærð.

Skyrið í sókn

Næst koma útfluttar nautgripaafurðir fyrir 1,25 milljarða króna sem eru 17% verðmætisins. Þar er uppistaðan auðvitað íslenska skyrið sem hefur náð vaxandi vinsældum erlendis, sem best má sjá af því að risavaxin framleiðslufyrirtæki eins og Arla (sem er 100 sinnum stærra en Mjólkursamsalan) og Lactalis (sem nýlega keypti Siggi‘s Skyr í Bandaríkjunum) láta verulega til sín taka í framleiðslu á skyri og eru þá jafnvel að skírskota til Íslands í sínu markaðsefni. Íslensk framleiðsla er auðvitað af allt annarri stærðargráðu en þessi fyrirtæki, en það hefur þýðingu fyrir kúabændur að geta aukið verðmæti afurða sinna með þessum hætti, að því marki sem okkur er fært að sinna vaxandi mörkuðum.

Loðdýra- og æðarbændur treysta alfarið á útflutning

Minkaskinn eru um 11% verðmætisins, alls 810 milljónir. Loðdýrabændur treysta alfarið á útflutning þar sem öll framleiðslan er seld á uppboðsmarkaði í Danmörku. Á þeim mörkuðum eru og hafa verið miklar sveiflur um árabil. Niðursveiflan er orðin nokkuð löng núna – vissulega vegna gengisins eins og í öðrum greinum en einnig vegna neikvæðrar markaðsþróunar. Það hefur náðst eftirtektarverður árangur í greininni hérlendis hvað varðar gæði skinna. Það hefur verið gert með markvissu kynbótastarfi sem hefur skilað sér vel, þó markaðir séu erfiðir sem stendur.

Síðast en ekki síst er það æðardúnn sem er 8% verðmætisins með 440 milljónir króna í útflutningstekjur. Dúntekja hefur verið mikilvæg búbót fyrir marga bændur við ströndina. Góður markaður hefur verið um árabil fyrir íslenskan æðardún, ekki síst í Japan þar sem hann selst háu verði.

87% tollnúmera fyrir innfluttar landbúnaðarvörur eru tollfrjáls


Allt þetta hefur þýðingu fyrir íslenskan landbúnað og þau samfélög dreifbýlisins sem á honum byggja. Þau samfélög og greinin í heild væru ekki söm ef þessir möguleikar væru ekki fyrir hendi. Einhverjir kunna að segja að við verjum okkar innanlandsmarkað af hörku með tollum og viljum því helst ekki að neitt sé flutt inn þó við viljum flytja út. Það er ekki rétt. Eins og fram kom í upphafi þá flytjum við inn helming þeirra matvæla sem við neytum og í sumum löndum þætti það reyndar ógn við fæðuöryggi. En það stendur líka lítið eftir af tollvernd, þó sumir reyni að halda öðru fram. Núna er búið að fella niður tolla af öllum vörum hingað til lands nema ákveðnum landbúnaðarvörum. Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra sagði á opnum fundi fyrir skömmu að um það bil 1.900 tollnúmer ná yfir landbúnaðarvörur. Núna er staðan þannig að 87% þeirra eru tollfrjáls. Þá standa eftir 13%. Stór hluti af þeim ber aðeins magntoll sem er föst krónutala. Sú krónutala var í nær öllum tilvikum ákveðin árið 1995 og hefur verið óbreytt síðan, á sama tíma og verðlag hefur hækkað um rúm 160%. Það eru nú öll ósköpin. Neytendur ættu að hafa það í huga næst þegar að heildsalar kvarta yfir háum tollmúrum.

ÍSLAND ER LAND ÞITT



Snæfell, norðaustan við Vatnajökul, er 1.833 metra hátt samkvæmt tölum Vatnajökulsþjóðgarðs (aðrar heimildir segja 1.852 metrar). Á myndinni er horft á Snæfell af Kárahnjúkastíflu en að baki stíflunnar er Hálslón. Eyjabakkar, sem mjög var deilt um vegna virkjanaáforma, eru austan við Snæfell, nærri upptökum Jökulsár í Fljótsdal sem rennur í Lagarfljót. Snæfell hefur orðið til í eldsumbrotum á síðastliðnum 400.000 árum. Deilt er um hvenær síðustu umbrot voru í fjallinu og eins hvort það sé enn virkt. Til gamans má geta þess að fjall með sama nafni, en skrifað í dag Snaefell, má finna á eyjunni Mön í Írlandshafi á milli Englands og Írlands. Það er um 621 metra hátt. Mynd / HKr.

LÍF & STARF



Krakkarnir á Stóra-Hálsi á trampólíninu, en þau heita Valdís Bylgja, Ásdís Rún, Gunnar Páll og Sara Huld.

Sveitagarðurinn á Stóra-Hálsi í Grafningi opnaður 2. júní

– Afþreyingargarður fyrir fólk á öllum aldri

Fjölskyldan á Stóra-Hálsi í Grímsnes- og Grafningshreppi mun opna „Sveitagarðinn“, sem verður afþreyingargarður fyrir alla fjölskylduna, laugardaginn 2. júní næstkomandi.

Garðurinn er byggður upp sem dýragarður með flottum leiktækjum. Í dýragarðinum verða hestar, kindur, geitur, kálfar, grísir, kettlingar, kanínur, endur, hænur, dúfur, yrðlingar og svo bætist eitthvað af dýrum við. „Við verðum líka með flott leiktæki fyrir breiðan aldurshóp þar sem allir krakkar eiga að finna eitthvað við sitt hæfi, t.d. sandkassa, kastala fyrir yngri börnin með rólum, lítið krakkahús, kastala fyrir eldri börnin, snúningspallur, svifbretti og risa hoppukastali sem kemur í sumar. Það verður lítil veitingasala þar sem verður hægt að fá kaffi og eitthvað með því, kjötsúpu, íspinna, vcandy floss og eitthvað nammi,“ segir Sigrún Jóna Jónsdóttir, sem mun reka garðinn með Elvari Páli Sævarssyni, eiginmanni sínum og börnum þeirra. Hugmyndin að stofnun garðsins kom í gegnum daginn „Borg í sveit“ sem er á hverju ári í Grímsnes- og Grafningshreppi. Fjárhúsið á Stóra-Hálsi hefur verið opið þann dag og þá sáu þau Sigrún og Elvar hvað fólk hefur mikinn áhuga á dýrunum og sveitinni.



Sveitagarðurinn verður opnaður formlega á bænum Stóra-Hálsi í Grímsnes- og Grafningshreppi laugardaginn 2. júní 2018.




Rúna og geithafurinn Flóki, sem er ákaflega fallegur og skemmtilegur og mun eflaust vekja mikla athygli hjá gestum Sveitagarðsins.

Rúmt um gestina

Sveitagarðurinn er á stóru svæði og því verður mjög rúmt um gestina og aðbúnaður fyrir dýrin verður einstaklega góður. Þá verður leiksvæðið mjög stórt og bekkir um allan garð til að setjast og njóta útsýnisins. Garðurinn verður opinn alla daga í júní, júlí og ágúst frá 12.00 til 18.00. Verðskráin er 0–2 ára frítt, 3–14 ára 800 kr. og fullorðnir 1.200 kr. Allar nánari upplýsingar er að fá á heimasíðunni www.sveitagardurinn.is og það er líka hægt að fylgjast með á Facebook – „Sveitagarðurinn - Familypark“ og Instagram og snapchapt – „sveitagardurinn“. */MHH*



Elvar Páll og geitin Karfa eru mikli félagar. Karfa verður í Sveitagarðinum.



Ásdís með Bellu Söru, kindina sína, sem mun gleðja gesti Sveitagarðsins.

MÆLT AF MUNNI FRAM

202

Það verður kuldablær á þættinum þetta sinn, enda sannkallað „vorhret á glugga“ þegar þetta er skráð. Samt er ögn hlýnandi tónn í veðurspánni, og því gæti birt til þegar líður á vísnaþáttinn. **Pétur Stefánsson** orti svo þann 20. maí:

Trén þau sveiflast tvist og bast.
Tryllir veðrið sæinn.
Það er mjög í hviðum hvasst
hvítasunnudaginn.

Öldur freyða um allan sæ.
Oss það lítið gleður.
Upp til heiða og ofan í bæ
er nú skítaveður.

Dr. Björn Bjarnason frá Viðfirði orti næstu tvær vísur í vorharðindum:

Heyri ég yfir höfði þyt
af Heljar vængjum þöndum.
Verkin dreymd og vonaglit
verð ég að láta af höndum.

Það er hart að hverfa um vor
sem hrím á fjörusandi.
Engin minning, ekkert spor
eftir í föðurlandi.

Rakel Bessadóttir vaknaði einn morgun í byrjun sumars við alhvíta jörð:

Bágt er að sjá um víðan völl
varmi frá er snúinn.
Nú eru stráin iðgræn öll
ísagljáa búin.

Jónas Jónsson í Hróarsdal orti í vorharðindum:

Bágt á ég með barnakind,
bjargarsmátt er hreysi.
Send þú, Drottinn, sunnan vind
svo að Vötnin leysi.

Guðmundur skáld Frímann orti er hret gekk yfir á miðju vori:

Blöð og strá með storku á kinn,
stirnir bláan ósinn,
yfir skjáinn skefur minn,
skýrist gráa rósin.

Páll Guðmundsson frá Holti í Ásum orti í harðindatíð á vori:

Nesjasporða brimin börðu.
Bakka hurð lá utan fjarða.
Herjuðu norðan hríðar jörðu.
Hjarðir urðu að standa á garða.

Eftir að hlýða á veðurspá kvöldsins virðist ætla að svía þegar líður á vikuna. **Pétur Stefánsson** lifnar allur við þegar hlýnar og endurspeglast það berlega í vísum dagsins í dag:

Veðrið leitt er liðið hjá,
loks við fagna hljótum.
Blíðutíð er brostin á,
best við dagsins njótum.

Ólína Jónasdóttir kveður á blíðu vori:

Þegar snjallar vorsins vættir
vakna í fjallageim,
mér finnst allir eðlisþættir
á mig kalli heim.

Þorsteinn Kristleifsson frá Stóra-Kroppi orti á blíðu vori:

Vorið blíða við mér hlær
um vanga líður sunnanblær
bala skrýðir blóm sem grær
bakkafríð er lindin tær.

Jón Þorsteinsson á Arnarvatni orti vorvísu:

Vorið dregur eitthvað út
undan frosnum bakka,
hefir geymt þar grænan kút
gef mér nú að smakka.

Guðmundur E. Geirdal á þessa vorvísu:

Vorsins dýrð á dularmál
djúpt og ríkt af óði.
Er því von að vökusál
verði margt að ljóði

Umsjón:
Árni Geirhjörtur Jónsson
kotabyggð1@gmail.com



FRÉTTIR

Petrína nýr formaður Beint frá býli

Ný stjórn var kjörin á aðalfundi Beint frá býli sem haldinn var á Brjánslæk á Barðaströnd 14. apríl. Þann 15. maí skipti stjórn með sér verkum og er Petrína Þórunn Jónsdóttir frá Korngrís í Laxárdal, í Skeiða- og Gnúpverjahreppi, nýr formaður.

Aðrir í stjórn með henni eru Sölvi Arnarsson, ferðaþjónustubóndi í Efstadal 2 í Bláskógabyggð, og ritari er Sigrún Helga Indriðadóttir, bóndi og listakona, Stórhóli í Lýtingsstaðahreppi hinum forna.



Petrína Þórunn Jónsdóttir frá Korngrís í Laxárdal er nýr formaður Beint frá býli.

Svipaður félagafjöldi frá ári til árs

Félagar í Beint frá býli hafa, að sögn Petrínu, frá stofnun verið í kringum 80–90 talsins. „Félagatal hefur haldist nokkuð vel í jafnvægi, nokkrir fara út aðrir koma inn á hverju ári. Það má segja að með Beint frá býli hafi heilmikið unnist síðustu tíu ár fyrir lítil matvinnslufyrirtæki bænda sem vinna úr eigin vörum. Litlar matvælavinnslur hafa verið skilgreindar og gefnar hafa verið út nýjar reglugerðir um þær. Einnig hefur verið gefin út gæðahandbók sem félagsmenn geta nýtt sér," segir Petrína.

Áfram unnið að góðum málum

„Það sem hefur áunnist eru stór skref fyrir bændur. Margt fleira á eftir að gera í þessum málaflokki til að skilgreina litlar einingar frá þeim stóru – og mun ný stjórn fara yfir alla þá hluti og reyna að vinna áfram það góða starf sem fyrri stjórnir hafa unnið.

Mikil endurnýjun er í stjórn Beint frá býli og því er þó nokkuð verk fram undan fyrir nýja stjórnarmenn að koma sér inn í þau mál sem eru þegar á borðinu – sérstaklega vegna þess að félagið fagnar tíu ára afmæli í ár.

Að sögn Petrínu snerist fundurinn 15. maí eingöngu um stjórnarskiptin, en fundur nýrrar stjórnar verður haldinn að loknum sauðburði og vorverkum. */smh*



Vor og haust þurfa vegfarendur að búa við það að vegna hins mikla umferðarþunga þolir vegurinn ekki álagið og hleypur allur upp í forarvað og djúpa drullupytti, þannig að bílar eiga það beinlínis til að sitja fastir. Þá skrapa menn botninn úr bílunum þegar háir hryggir verða í djúpum hjólförum. Myndir / Andrés Skúlason

Háskalegar aðstæður skapast jafnan á veginum yfir Öxi á vorin:

Þolir ekki umferðarálagið og hleypur upp í forarvað og djúpa drullupytti

– Stríðsyfirlýsing, segir oddviti, verði verkefnið ekki sett inn í samgönguáætlun

„Ef þetta verkefni verður ekki sett inn í beinu framhaldi af Skriðdalsbotni á 4 ára áætlun fyrir komandi haustþing jafngildir það stríðsyfirlýsingu," segir Andrés Skúlason, oddviti Djúpavogshrepps, og vísar þar til uppbyggingar heilsársvegar um Öxi með fullri þjónustu líkt og gildir um aðra vegi.



Andrés segir að miðað við reiknilíkön þau sem notuð eru innan Vegagerðarinnar hafi verið sýnt fram á að heilsársvegur um Öxi muni greiða sig upp á þremur til fjórum árum. Ástand vegarins er verulega slæmt nú á vordögum, forarvað og djúpir drullupyttir gera að verkum að bílar beinlínis sitja fastir.

Axarvegur liggur á milli Djúpavoghrepps og Fljótsdalshéraðs og var fyrsti vegslóðinn um Öxi ruddur af miklum vanefnum á sjöunda áratug liðinnar aldar. Þar fór Hjálmar Guðmundsson, ýtustjóri frá Berufirði, fremstur í fylkingu, þannig að í orðsins fyllstu merkingu ruddi hann brautina. Lengi vel var vegurinn einungis ruddur slóði og lækir óbrúaðir, en um síðustu aldamót var bragarbót gerð á Axarvegi, m.a. var ekið í hann fínna efni og hann þannig úr garði gerður að hann var vel fær öllum fólksbílum. Mesti veghalli á mjög afmörkuðu svæði upp úr botni Berufjarðar er um 20% sem gerir að verkum að erfitt er að halda uppi þjónustu á veginum yfir veturinn.

16 þúsund bílar fóru yfir í ágúst í fyrra

Andrés bendir á að vegna þeirrar miklu vegstyttingar sem í boði er á milli Suðausturlands og Miðausturlands um Axarveg hafi umferð farið stigvaxandi með árunum. Hvergi sé heldur önnur eins stytting í boði á öllum hringveginum, um 71 kílómetri miðað við svonefnda Fjarðaleið. Í ágústmánuði í fyrra fóru um 16 þúsund bílar um Axarveg, þrátt fyrir að vegurinn standist engan veginn nútímakröfur sem til vega eru almennt gerðar. „Miðað við þá miklu eftirspurn sem er eftir þessari vegstyttingu af hálfu samfélaga innan svæðisins og ekki síður almennra vegfarenda má furðu sæta að ekki skuli vera búið að ljúka uppbyggingu vegarins," segir Andrés.

Settur inn í flýtiframkvæmd fyrir 11 árum

Hann segir að árið 2007 hafi nýr Axarvegur verið á meðal þeirra 11 samgönguverkefna sem þá sitjandi ríkisstjórn tók ákvörðun um að setja á dagskrá undir yfirskriftinni „Flýtiframkvæmdir" og var þá stefnt að því að nýr Axarvegur yrði tilbúinn árið 2012. Nú er svo málum komið að öllum þeim framkvæmdum sem nefndar voru í Flýtiframkvæmdaverkefnunum er lokið nema Axarvegi. Þó hefur Samband sveitarfélaga á Austurlandi lagt ofuráherslu á Axarveg sem forgangsframkvæmd í samþykktum sínum um árabil.

Axarvegur er meginvegtenging íbúa í Djúpavogshreppi við helsta þjónustukjarnann á Austurlandi, Egilsstaði. „Hver einn og einasti íbúi í hreppnum ekur ekki aðra leið þegar Axarvegur er fær, því er einkennilegt að þegar fer að snjóa, á þessu annars snjólétta svæði er yfirleitt beitt svokallaðri G-reglu innan Vegagerðarinnar sem þýðir að vegurinn fær enga þjónustu yfir langt tímabil," segir Andrés.

Stóraukin umferð og vegurinn þolir ekki álagið

Auk þess sem umferð fólksbíla um Axarveg hefur stóraukist undanfarin ár gildi það sama um umferð stórra bifreiða eins og hópferðabíla og vöruflutningabíla með tengivagna, sem mjög hefur fjölgað á þessum slóðum. Við það geta að sögn Andrésar skapast háskalegar aðstæður, enda er vegurinn fjarri því að vera í fullri breidd.

„Vor og haust þurfa vegfarendur að búa við það vegna hins mikla umferðarþunga að vegurinn þolir ekki álagið og hleypur allur upp í forarvað og djúpa drullupytti, þannig að bílar eiga það beinlínis til að sitja fastir. Þá skrapa menn botninn úr bílunum þegar háir hryggir verða í djúpum hjólförum. Þrátt fyrir að sama sagan endurtaki sig á hverju vori með leysingum og djúpum drullupyttum fara að jafnaði um 200 bílar um veginn á hverjum degi. Það gera menn vegna vegstyttingarinnar og segir það eitt og sér hver þörfin fyrir nýframkvæmd þarna er orðin brýn," segir Andrés.

Vegstyttingin skiptir íbúa á Djúpavogi, á ferð til Egilsstaða, verulegu máli, en leiðin yfir Öxi styttir leiðina í heild um 142 kílómetra í allt. Að sumarlagi fara að jafnaði á milli fjögur og fimm hundruð bílar yfir Öxi á hverjum degi.

Samgöngur eru forsendur sameiningar

Andrés segir að nú í haust muni ráðherra samgöngumála leggja fram nýja samgönguáætlun bæði til lengri og skemmri tíma. Ljóst sé, miðað við samþykktir SSA og áherslur landshlutans í samgöngumálum, að enginn afsláttur verði gefinn fyrir því að koma heilsársvegi um Öxi inn í 5 ára áætlunina.

„Það eru uppi vísbendingar um að á allra næstu árum geti komið til sameiningar sveitarfélaga í landshlutanum, m.a. er horft til Djúpavogshrepps og Fljótsdalshéraðs í þeim efnum ásamt mögulega fleiri sveitarfélögum. Íbúar virðast hafa áhuga á að láta á frekari sameiningar reyna. Forsendur fyrir slíkum sameiningum eru augljóslega bættar samgöngur og þá er bara um eina leið að ræða til að leysa þann vanda og ber allt að sama brunni, engin önnur leið né betri er í boði heldur en heilsársvegur yfir Öxi," segir Andrés.

Kostnaður um 2,8 milljarðar

Hann bendir á að þingmenn kjördæmisins hafi lýst yfir stuðningi við framkvæmdina, en samkvæmt kostnaðargreiningu er talið að hún muni kosta um 2,8 milljarða króna. Samstaða sé einnig í breiðari hópi þingmanna um nauðsyn verkefnisins og því sé í hæsta máta sérkennilegt að ekki skuli enn vera búið að ljúka þessari langbrýnustu nýframkvæmd í vegagerð á Austurlandi.

Þessa dagana er vegstubbur í Skriðdalsbotni að fara í útboð, sú framkvæmd er í raun fyrsti áfangi að nýjum heilsársvegi yfir Öxi segir Andrés og telur einsýnt að samgönguráðherra verði að setja framhald vegarins yfir Öxi inn í áætlunina í beinu framhaldi af þeim framkvæmdum sem senn fara í gang. */MÞÞ*

MATVÆLALANDIÐ ÍSLAND – FJÁRSJÓÐUR FRAMTÍÐAR

RÁÐSTEFNA MATVÆLALANDSINS ÍSLANDS

Ísland og heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna:

Ráðstefna um ábyrga matvælaframleiðslu

Samstarfsvettvangur um Matvælalandið Ísland efnir til ráðstefnu um ábyrga matvælaframleiðslu og heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna, fimmtudaginn 31. maí í Hörpu í Reykjavík kl. 13.00–16.00.

Á ráðstefnunni verður sérstaklega fjallað um hvernig fyrirtæki í matvælageiranum geta tileinkað sér ábyrga framleiðsluhætti, t.d. þegar kemur að minni sóun, hagkvæmni, umgengni við auðlindir, aukinni sjálfbærni, orkunotkun og bættri umgengni við umhverfið.

Tækifæri fyrir íslenska matvælaframleiðendur

Serena Brown, stjórnandi hjá KPMG á Englandi, heldur erindi þar sem hún fjallar um sjálfbæra þróun og tækifæri fyrir íslensk matvælafyrirtæki. Sveinn Margeirsson, forstjóri Matís, ræðir um samkeppnisforskot á grunni ábyrgðar og upplýsingagjafar og Einar Snorri Magnússon hjá Coca Cola European Partners segir frá starfsemi síns fyrirtækis í málaflokknum. Heiðrún Lind Marteinsdóttir hjá SFS segir frá ábyrgum fiskveiðum og í seinni hluta ráðstefnunnar verða sagðar reynslusögur úr ýmsum áttum, m.a. úr landbúnaði, brugggeiranum, iðnaði, hótelrekstri og landgræðslu.

Heimsmarkmið SÞ boða framfarir á heimsvísu

Markmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun eða heimsmarkmiðin, sem samþykkt voru á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna 2015, boða framfarir á heimsvísu. Þau snúa að samfélaginu í víðasta skilningi, s.s. framleiðsluháttum, notkun á orku, samvinnu, útrýmingu á fátækt og hungri og eiga að tryggja góða heilsu og vellíðan svo fátt eitt sé nefnt. Markmiðin eru sautján að tölu ásamt 169 undirmarkmiðum og ber ríkjum heims að ná þeim fyrir árið 2030.

Á ráðstefnunni verður krufið til mergjar hvernig markmiðin snerta íslenska matvælaframleiðslu, allt frá stefnumörkun til aðgerða sem fyrirtæki, stofnanir og stjórnvöld koma að. Leitast verður við að varpa ljósi á tækifæri og áskoranir sem markmiðin hafa á íslenska matvælaframleiðslu.

Að ráðstefnunni standa Bændasamtök Íslands, Háskóli Íslands, Íslandsstofa, Matís, Matarauður Íslands, Samtök ferðaþjónustunnar, Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi og Samtök iðnaðarins.

Enginn aðgangseyrir er að viðburðinum og hann er öllum opinn. Fundarstjóri er Elín Hirst fjölmiðlakona. Skráning er á vefnum si.is. */TB*

Nýr Dacia Duster



Gerðu virkilega góð kaup!
Fjórhjóladrifinn Dacia Duster

Verð frá:
3.590.000 kr.

Staðalbúnaður í Comfort útgáfu er meðal annars: 16" álfelgur, leiðsögukerfi með Íslandskorti, þokuljós, miðstöð með loftkælingu, brekkuhemlun (eingöngu í 4x4), hraðastillir með hraðatakmörkun, fjarlægðarskynjarar að aftan, neyðarhemlunarhjálp, start/stopp búnaður, skyggðar rúður að aftan, hiti í framsætum.
Aukalega í Prestige útgáfu: 17" álfelgur, Multiview 360° myndavélakerfi, sjálfvirk miðstöð með loftkælingu, lykillaust aðgengi, leðuráklæði á sætum.

ENNEMM / SÍA / NM87039

GE bílar
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080

BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

FRÉTTIR



Mítlaeyðirinn fipronil fannst hvorki í íslenskum eggjum né kjúklingi

Samkvæmt tilkynningu frá Matvælastofnun fannst mítlaeyðirinn fipronil hvorki í íslenskum eggjum né kjúklingi. Sumarið 2017 komst upp um óleyfilega notkun á þessum mítlaeyði við svokölluðum rauðum mítli (Dermanyssus gallinae) á varphænum í Evrópu.

Í kjölfarið á miklum innköllunum á eggjum og eggjavörum á Evrópska efnahagssvæðinu (EES) skipulagði Matvælaöryggisstofnun Evrópu (EFSA) sérstakar sýnatökur til að kanna stöðuna varðandi leifar af mítlaeyðum í kjúklingaafurðum, varphænum, eggjum og eggjavörum. Sýnatökur voru gerðar frá 1. september til loka nóvember 2017, alls 5.439 sýni í flestum löndum EES. Sýni voru bæði valin tilviljanakennt og einnig voru vörur og býli valin vegna gruns um vandamál eða lyfjanotkun.

Matvælastofnun tók þátt í verkefninu og voru tekin tíu sýni til greiningar af eggjum og kjúklingakjöti til greiningar á fipronil og öðrum efnum sem hægt er að nota gegn rauðum hænsnamítli. Þar sem enginn grunur um slíka notkun var hér var sýnatökum dreift tilviljunarkennt á búin hér á landi.

Fibronil fannst í níu löndum EES

Í tilkynningu Matvælastofnunar kemur fram að í yfirliti EFSA um sýnatökurnar komi fram hvar fipronil hafi verið notað. „Niðurstöður EFSA sýna að 742 sýni (13%) innihéldu leifar yfir hámarksgildi. Í þessum sýnum var mengun af völdum mítlaeyða yfir hámarksgildum næstum eingöngu vegna notkunar fipronils. Aðeins eitt sýni af eggjum reyndist innihalda leifar af mítlaeyðinum amitraz yfir hámarksgildum. Sýnin sem innihéldu leifar yfir hámarksgildum voru frá níu löndum EES og voru upprunnin í átta löndum; Hollandi, Ítalíu, Þýskalandi, Póllandi, Ungverjalandi, Frakklandi, Slóveníu og Grikklandi.

Sýnin sem tekin voru af Matvælastofnun af íslenskri framleiðslu voru öll laus við leifar af fipronili og öðru skordýraeitri. Fyrr á árinu 2017 hafði Matvælastofnun tekið sýni af sendingu af innfluttu eggjarauðudufti sem í reyndust vera leifar fipronils. Sendingin var endursend en varð til þess að framleiðslufyrirtæki sem hafði flutt inn sömu lotu fyrr um sumarið innkallaði framleiðsluvörur sem það hafði verið notað í. Innflutningseftirlit með eggjavörum var hert í kjölfarið og var krafist vottorðs um greiningar á leifum áður en eggjavörum var hleypt inn í landið.

Fipronil er notað bæði sem mítlaeyðir á gæludýr og sem skordýraeitur í og við byggingar og á einstaka káltegundir. Ekki er leyfilegt að nota lyfið til að meðhöndla dýr sem alin eru til manneldis. Leifar af fipronil geta fundist í eggjum/eggjaafurðum í mjög litlu magni vegna þess að ekki er hægt að útiloka að það berist í þau úr umhverfi. Hámarksgildi fyrir leyfilegt magn leifa eru sett í reglugerð um varnarefnaleifar í matvælum og fóðri nr. 672/2008 (EB 396/2005),“ segir í tilkynningunni.

/smh

Kristín Björg Albertsdóttir er nýr framkvæmdastjóri Sólheima

Kristín Björg Albertsdóttir hefur verið ráðin framkvæmdastjóri Sólheima í Grímsnes- og Grafningshreppi.



Kristín Björg Albertsdóttir

Kristín er fráfarandi forstjóri Heilbrigðisstofnunar Vestfjarða, en hún hefur gegnt því starfi frá árinu 2016. Þar áður sinnti hún sama starfi við Heilbrigðisstofnun Austurlands til þriggja ára. Kristín Björg er með MA í lögfræði frá Háskóla Íslands, og einnig Bsc. í hjúkrunarfræði frá sama skóla. Hún hefur starfað hjá Biskupsstofu, Sýslumanninum í Reykjavík og við hjúkrun og hjúkrunarstjórnun víða um land. Kristín Björg hefur jafnframt réttindi sem héraðsdómslögmaður, jógakennari og nuddari, og hefur verið með eigin rekstur.

Á heimasíðu Sólheima kemur fram að Kristín Björg var ein af rösklega þrjátíu umsækjendum um starf framkvæmdastjóra Sólheima. Kristín Björg mun setjast að á Sólheimum á komandi hausti, um leið og hún tekur við starfi framkvæmdastjóra Sólheima.

/MHH

Bændablaðið
Kemur næst út
þann SJÖUNDA júní

Kokkalandsliðið æfir fyrir Heimsmeistarakeppnina:

Unnið með þorsk, lamb og skyr

– Áfram stefnt að því að vera meðal þeirra tíu bestu

Íslenska kokkalandsliðið undirbýr sig nú af krafti fyrir Heimsmeistarakeppnina í matreiðslu (HM) sem verður haldin í Lúxemborg dagana 23.–28. nóvember næstkomandi. Þar mætast 40 þjóðir – og meira en 700 af færustu kokkum heims – og keppa um medalíurnar gull, silfur og brons. Íslenska liðið hefur valið sígilt íslenskt hráefni til að vinna úr þriggja rétta heita máltíð og mun á næstu mánuðum fínpússa rétti þar sem þorskur, lamb og skyr verða í aðalhlutverkum.

Íslenska landsliðið hefur verið í fremstu röð á undanförnum keppnum; á HM 2010 náði það 7. sæti og gerði enn betur á HM 2014 þegar það varð í 5. sæti.

Besta íslenska hráefnið

Hvert lið er skipað um 15 kokkum auk aðstoðarmanna. Keppt er annars vegar í heitum mat og hins vegar köldu borði – og það lið sem hlýtur flest stig stendur uppi sem heimsmeistari. Hafliði Halldórsson er framkvæmdastjóri kokkalandsliðsins. „Við sýnum allt það besta úr íslensku hráefnakörfunni í fiski, kjöti, grænmeti og mjólkurvörum. Hluti keppninnar nefnist „Restaurant of Nations“ og þar keppum við í ár með íslenskan þorsk, íslenskt lambakjöt og Ísey Skyr sem okkar grunnhráefni. Við keppum innan strangs alþjóðlegs regluverks og vinnum samkvæmt því og þurfum að fylla í öll boxin sem keppnisreglur leggja fyrir um.“

Æfingatímabilið fyrir HM hefst 18 mánuðum fyrir mót – og á því tímabili eru haldnar nokkrar æfingar þar sem líkt er eftir keppninni sjálfri og látið reyna á keppnismatseðilinn. Slík æfing fór fram á dögunum í húsnæði Matvís og þóttu réttirnir lofa góðu hjá þeim málsmetandi matreiðslumönnum sem voru mættir.

Gert ráð fyrir 110 manns í mat

Í reglum um heita matinn kemur fram að elda skuli þriggja rétta málsverð sem hægt sé að bera fram fyrir 110 gesti á veitingastað. Réttina þarf að laga frá grunni og bera fram á diskum í keppniseldhúsi á keppnisstað. Liðið fær sex klukkustundir til að gera forrétt, aðalrétt og eftirrétt. Á keppnisstað er settur upp veitingastaður sem er opnaður á tilteknum tíma og gestirnir setjast til borðs. Dómararnir fylgjast með keppendum að störfum í eldhúsinu. Þeir velja síðan af handahófi 10 diska af hverjum rétti til að dæma, því er mikilvægt að allir diskarnir séu af sömu gæðum. Dómararnir dæma allt frá hagkvæmni og handbragði kokkanna til skipulags og hvernig liðið vinnur saman í eldhúsinu. Það sem gildir þó hæst er bragð og framsetning.

Kalt borð samanstendur af sýningarmat, en hann þarf ekki að vera að öllu leyti ætur. Lagt er upp úr glæsileika, faglegum vinnubrögðum og framsetningu.

Á sýningarborðinu er einnig allt að 100 sentimetra há sýningarstytta gerð úr súkkulaði eða sykri.

Dómgæslan tekur mið af útliti, nýjungum í framsetningu, samsetningu, faglegum undirbúningi og hvernig maturinn er borinn fram.

Hafliði segir að Klúbbur matreiðslumeistara eigi og reki Kokkalandsliðið og fyrsta verkefni hans, þegar línur eru lagðar fyrir stórmót, sé að velja stjórnendur og þjálfara. „Stjórnendur liðsins auglýsa síðan lausar stöður til umsóknar í liðið og úr þeim er valið – auk þess sem einhverjir liðsmenn eru handvaldir. Þetta er mjög svipað og í hópíþróttum og það á einnig við að hér er leitað eftir ólíkum einstaklingum; ólíkri færni og hæfileikum til að mynda sem sterkasta liðið.“




Hluti landsliðshópsins: Ari Þór Gunnarsson, Jóhannes S. Jóhannesson, Kara Guðmundsdóttir, Snorri Victor Gylfason og Ylfa Helgadóttir.
Mynd / Kokkalandsliðið

Kokkalandslið Íslands

Staða	Nafn	Vinnustaður
Þjálfari	Ylfa Helgadóttir	Kopar
Aðstoðarþjálfari	Jóhannes S. Jóhannesson	Jamie´s Italian
Liðsmaður	Snædís Xyza Jónsdóttir Ocampo	Hótel Saga
Liðsmaður	Sigurjón Bragi Geirsson	Garri
Liðsmaður	Snorri Victor Gylfason	Vox Hilton hótel
Liðsmaður	Þorsteinn Geir Kristinsson	Fiskfélagið
Liðsmaður	Fanney Dóra Sigurjónsdóttir	Skál
Liðsmaður	Kara Guðmundsdóttir	Fiskfélagið
Liðsmaður	Denis Grbic	Grillið
Liðsmaður	Ari Þór Gunnarsson	Fiskfélagið
Liðsmaður	Garðar Kári Garðarsson	Deplar Farm
Liðsmaður	Maria Shramko	Sjálfstætt starfandi
Liðsmaður	Hinrik Lárusson	Grillið
Forseti KM	Björn Bragi Bragason	Síminn
Framkvæmda-stjóri	Hafliði Halldórsson	Icelandic Lamb
Bakland og ráðgjöf	Georg Halldórsson	Sumac Grill + Drinks /ÓX
Bakland og ráðgjöf	Viktor Örn Andrésson	Sjálfstætt starfandi
Bakland og ráðgjöf	Þráinn Freyr Vigfússon	Sumac Grill+ Drinks/ ÓX



Hafliði Halldórsson stendur hér og ræðir við matreiðslumeistarana Einar Árnason og Guðjón Steinsson um réttina. Í kokkajakka vinstra megin er Rafn Heiðar Ingólfsson.
Mynd / smh



Það er í mörg horn að líta á æfingum kokkalandsliðsins og mikið gengur á. Hér eru þau Hinrik Lárusson, Ylfa Helgadóttir þjálfari og Fanney Dóra Sigurjónsdóttir að klára undirbúning á þorskréttinum.
Mynd / smh

Hafliði segir að stefnan sé sett á að vera áfram meðal þeirra tíu bestu í heiminum.

/smh

SAH Afurðir ehf. á Blönduósi:

Bændum greidd 3% uppbót á innlegg

SAH Afurðir ehf. á Blönduósi hafa ákveðið að greiða bændum 3% uppbætur á innlegg fyrir árið 2017. Stefnt er því að greiða uppbótina út 25. maí.

Rekstur SAH Afurða gekk betur á liðnu ári en undanfarin ár, hagnaður upp á 5,5 milljónir króna varð af rekstrinum, en félagið hefur verið rekið með tapi frá árinu 2013. „Þessi viðsnúningur kemur til vegna lækkunar afurðaverðs og mikils aðhalds og sparnaðar í rekstri félagsins sem tókst með miklum ágætum," segir Eiður Gunnlaugsson, stjórnarformaður Kjarnafæðis, eigenda SAH Afurða.

Bókfært eigið fé félagsins í árslok var neikvætt um 153,2 milljónir. Velta síðasta árs nam um tveimur milljörðum króna. Gert er ráð fyrir að tap verði á fyrsta ársfjórðungi þessa árs. Ársverk á reikningsárinu voru 52 að því er fram kom á aðalfundi félagsins sem haldinn var fyrr í þessum mánuði.

Verð á lambakjöti innanlands fer lækkandi

Það sem af er ári hefur SAH Afurðir flutt út rúm 320 tonn af kindaafurðum og allar gærur og aukaafurðir eru seldar. Gengi krónunnar hefur ekki verið hagstætt fyrir útflytjendur og verðið óviðunandi. Verð á lambakjöti innanlands hefur farið lækkandi. „Ástæður þess eru offramboð þar sem menn eru alltaf að ýta á undan sér birgðavanda ár frá ári og myndast þar af leiðandi gríðarleg samkeppni," segir Eiður.

Ekki hefur verið tekin ákvörðun um verð á komandi sláturtíð í haust, en slátrun hefst 5. september og stendur út október. */MÞÞ*



Menningarveisla Sólheima 2018

Formleg opnun menningarveislu Sólheima verður laugardaginn 2. júní klukkan 13.00 við Grænu könnuna með opnun á nýju og fallegu húsi í hjarta staðarins. Þar verður samsýning vinnustofa Sólheima skoðuð.

Þá verður komið við í Sesseljuhúsi þar sem afleiðingar og mögulegar lausnir gegn hnattrænni hlýnun verða skoðaðar. Hægt er að fara á tónleika í Sólheimakirkju þar sem fyrstu tónleikar sumarsins hefjast klukkan 14.00. Að venju verða það íbúar Sólheima sem taka lagið með gestum. Hallbjörn Rúnarsson, sem leikur úlfinn, sýnir hvernig lag við leikrit verður til. Leikritið og leikarar í Úlfar ævintýranna verða í forgrunni. Klukkan 15.00 tekur Gylfi Ægisson lagið við nýja kaffihúsið.

Þrettánda Menningarveislan

„Þetta verður í þrettánda skiptið sem Menningarveisla Sólheima er haldin. Þá bjóðum við gestum að koma heim og kynnast okkur og þeim gildum sem við stöndum fyrir og störfum eftir: Kærleikur, virðing, sköpunargleði og fagmennska. Við leggjum metnað í að sem flestir finni sig hjá okkur og njóti með okkur.

Verslun, kaffihús og sýningar verða opin frá klukkan 12.00–19.30 alla daga í sumar.

Laugardaginn 9. júní: Tónleikar í Sólheimakirkju kl.14.00.

Tunglið og Ég: Heiða Árnadóttir söngur og Gunnar Gunnarsson píanó flytja falleg lög eftir franska jazztónskáldið Michel Legrand (1932), en hann er helst þekktur fyrir að semja söngleiki og tónlist fyrir kvikmyndir. Þetta er mjög falleg og ljúf tónlist.

Laugardaginn 16 júní: Tónleikar í Sólheimakirkju klukkan 14:00.

Sumarperlur: Magnea Tómasdóttir sópran og Sólveig Anna Jónsdóttir píanó flytja nokkrar af okkar þekktu söngperlum sem eiga vel við daginn fyrir þjóðhátíðardag Íslendinga."



FRÉTTIR

Reykjagarður tekur í notkun nýtt sextíu þúsund fugla kjúklingaeldishús á Jarlsstöðum í Landsveit

Fimmtudaginn 17. maí voru ný og glæsileg eldishús Reykjagarðs að Jarlsstöðum í Landsveit tekin formlega í notkun. Húsin eru samtals um 3.500 fermetrar og skiptast í 4 eldisrými sem hvert um sig getur tekið allt að 15.000 fugla, eða alls 60.000 fugla.

Húsin eru leigð af Rangárbúi ehf., sem hefur byggt húsin og mun hafa umsjón með starfseminni. Reykjagarður á allan sérhæfðan eldisbúnað í húsunum, svo sem fóður-, vatns- og loftræstikerfi.

„Þessi nýja starfsemi á Jarlsstöðum markar ákveðin tímamót í starfsemi Reykjagarðs því samhliða verða gömul og úrelt hús í Hvalfirði tekin úr notkun. Jafnframt aukast enn umsvif fyrirtækisins í Rangárvallasýslu, en fyrir er eldisstarfsemi á Ásmundarstöðum, Meiri-Tungu og í Hellnatúni. Á Hellu er svo rekið sláturhús og kjötvinnsla auk útungunarstöðvar," segir Guðmundur Svavarsson, framkvæmdastjóri Reykjagarðs.

/MHH



Öll aðstaða fyrir fuglana á Jarlsstöðum er til fyrirmyndar en hvert eldisrými getur tekið allt að 15 þúsund fugla.
Myndir / Magnús Hlynur Hreiðarsson



Benedikt Benediktsson, stöðvarstjóri kjötvinnslu SS á Hvolsvelli, og Guðmundur Svavarsson (t.h.), framkvæmdastjóri Reykjagarðs, þegar nýja eldishúsið var formlega opnað.



Magnús Huldar Ingþórsson, framleiðslustjóri hjá Reykjagarði, er hæstánægður með nýju starfsemina á Jarlsstöðum.



Ágúst Sigurðsson, sveitarstjóri Rangárþings ytra, og Hannes Ólafsson í Austvaðsholti mættu að sjálfsögðu við opnunina kátir og hressir.

Bone & Marrow markaðssetur íslenskt beinaseyði án aukaefna:

Beinin soðin í meira en sólarhring

Gott beinaseyði er undirstaðan í margs konar vandaðri matreiðslu; til dæmis kjötsúpum, sósum og langelduðum pottréttum. Í Súlnasal á Hótel Sögu, í hádegishléi á aðalfundi Landssamtaka sauðfjárbænda á dögunum, voru fáeinir kynningarbásar þar sem nokkrir frumkvöðlar í úrvinnslu á lambakjötsafurðum kynntu framleiðslu sína. Björk Harðar, annar eigenda Bone & Marrow, kynnti þar lambabeinaseyði úr smiðju fyrirtækisins

Jón Örvar Geirsson Jónsson er hinn eigandi Bone & Marrow og segir hann að lambabeinaseyðið sé nú nýkomið í verslanir Frú Laugu og Búrið, ásamt kjúklingabeinaseyði, og von sé á að fleiri verslanir bætist við á næstunni.



Björk kynnir lambabeinaseyðið fyrir sauðfjárbændum í Súlnasal.



Lambabeinaseyði og kjúklingabeinaseyði sem er nýkomið í verslanir.

Sólarhrings suðutími að meðaltali

„Beinin eru hægsoðin í meira en 24 klukkustundir að meðaltali – og allt upp í 72, en það fer eftir uppskrift. Í beinaseyðið eru notuð íslensk dýrabein og við fáum lambabeinin frá afurðastöðvum og kjúklingabeinin frá Litlu gulu hænunni," svarar Jón Örvar. „Við notum einnig kryddjurtir og grænmeti, þá annaðhvort hágæða íslenskar afurðir eða lífrænar erlendar. Úr þessu verður til afurð sem hægt er að nota sem grunn í ýmiss konar rétti, til dæmis sem grunn í súpur og sósur. Það er einnig hægt að drekka þetta eitt og sér með því að hita það upp í potti og drekka það líkt og te. Það er vinsælt víða erlendis að drekka beinaseyði sem eins konar heilsudrykk."

Tvær tegundir til að byrja með

„Til að byrja með verða þetta tvær tegundir – lambabeinaseyði og kjúklingabeinaseyði. Þetta er svona grunn beinaseyði ef svo má kalla. Þau er frekar mild á bragðið þannig að hægt er að nota þau í flestan mat og bæta þá við kryddi eftir smekk. Fleiri tegundir af beinaseyði eru í bígerð.

Við höfum ekki farið í skynmatsferli hjá Matís en við erum með vinnsluaðstöðu hjá Matís og hefur starfsfólk þar verið okkur innan handar með mælingar og ráðgjöf – og verið afskaplega hjálplegt við þróun og vinnslu á beinaseyðunum. Það má einnig minnast á að við höfum fengið stuðning frá Framleiðnisjóði landbúnaðarins, Icelandic Lamb og Nýsköpunarmiðstöð Íslands og tókum svo þátt í Startup Reykjavík viðskiptahraðlinum í fyrra sem var afar gagnlegt. Við erum þakklát fyrir þennan stuðning því hann er mikilvægur fyrir matarsprota eins og okkur þar sem mikil og kostnaðarsöm þróunarvinna liggur á bak við svona vöru," segir Jón Örvar.

Beinin sérstaklega valin

„Þegar kemur að því að velja bein fyrir suðu er þess gætt að velja hágæða bein og að samsetning þeirra sé þannig að mikið sé um liði, brjósk og merg. Mergurinn er þó einungis lítið hlutfall af þeim beinmassa sem við sjóðum í hvert sinn, en það geta verið nokkur hundruð kíló af beinum í hverri suðu.

Við suðu losnar kollagenprótein úr beinunum, fita úr mergnum og ýmis önnur efni úr brjóski og liðum; til að mynda glycosaminoglycans og amínósýrurnar glýsin, prólín og glútamín – auk annarra snefilefna. Til þess að tryggja að næringarefni losni úr beinunum er beinaseyði soðið svona lengi og verkað á ákveðinn hátt. Við lok suðunnar er grænmeti og kryddjurtum bætt út í."

Þegar Jón Örvar er spurður hvort stefnan sé sett á erlenda markaði segir hann að hugmyndin hafi alltaf verið að búa til hágæðavörur fyrir Íslendinga. „Við eigum til frábært hráefni hérlendis og full ástæða til þess að nýta það. Beinaseyði er eitthvað sem var mikið notað í menningu okkar en hefur nánast horfið. Það má því segja að þetta sé svona afturhvarf til fortíðar en við teljum að beinaseyði eigi fullt erindi við nútímamanninn sem góð næring. Það er full þörf á því að nýta það góða hráefni sem við eigum til hér á Íslandi. Við Íslendingar höfum undanfarna áratugi hent úrvals hráefni eða selt það á hrakvirði. Sem betur fer er þetta að breytast og ekki vanþörf á því að það er vaxandi þörf fyrir matvæli á heimsvísu. Við þurfum að gera okkar part í því."

Algjörlega aukaefnalaust

Jón Örvar segir að með Bone & Marrow séu þau að gera það auðveldara fyrir fólk að verða sér úti um beinaseyði. „Beinaseyðið er öðruvísi en soð og kraftur því við erum bæði að sjóða seyðið lengur heldur en gert er við soð og kraft og verkunin á því er öðruvísi. Auk þess er beinaseyðið okkar algjörlega aukaefnalaust en oft er sú ekki raunin með soð og kraft. Ef seyðinu verður vel tekið þá getum við vel hugsað okkur að fara erlendis með það, til dæmis með lambabeinaseyðið, en íslenska lambið er alveg einstakt að gæðum. Við tókum reyndar þátt í norrænni matarsýningu í Danmörku helgina 28. til 29. apríl, Terra Madre Nordic, sem er á vegum Slow Food og er styrkt af Norrænu ráðherranefndinni. Þar vorum við í góðum hópi matarsprota í boði Icelandic Lamb. Þannig að það má ef til vill segja að við séum þegar farin að horfa víðar, enda er markaður fyrir hágæða vörur alþjóðlegur í eðli sínu."

Jón Örvar segir að fleiri tegundir af seyði og vörum séu í pípunum og hvetur áhugasama til að fylgjast með vefnum þeirra boneandmarrow.com og Facebook-síðunni boneandmarrowiceland. */smh*

Hörður Harðarson, fyrrverandi formaður Svínaræktarfélags Íslands, les fyrrverandi landbúnaðarráðherra og þingmönnum pistilinn:

Þingmenn reyni að sjá samhengi hlutanna áður en þeir gaspra um milliríkjaviðskipti

Hörður Harðarson, svínabóndi í Laxárdal og fyrrverandi formaður Svínaræktarfélags Íslands, skrifaði um landbúnað og tollamál á Facebook-síðu sinni fyrr í þessum mánuði. Þar gagnrýnir hann m.a. harðlega skilningsleysi fyrrverandi landbúnaðarráðherra, Þorgerðar Katrínar Gunnarsdóttur, og Ágústs Ólafs Ágústssonar, þingmanns Samfylkingar, á stöðu landbúnaðarins.

Ljóst er að svínabændur eru mjög ósáttir við þann tollasamning sem gerður var við ESB og gekk í gildi 1. maí. Óumdeilt er að samningurinn mun leiða til aukins innflutnings á landbúnaðarafurðum sem eru í beinni samkeppni við íslenska framleiðslu og þar á meðal á svínakjöti. Á sama tíma og íslenskum svínabændum er gert að gera kostnaðarmiklar breytingar á búum sínum vegna hertra aðbúnaðarreglugerða, þá segjast þeir ekki fá stuðning til þess í sama mæli og kollegar þeirra í samkeppnislöndunum. Þá er ljóst að svínabændur í Evrópusambandsríkjunum eru að nota sýklalyf og hormónagjafir til að auka sína framleiðslu sem ekki er leyfilegt á Íslandi. Slíkt kjöt er flutt inn án fyrirstöðu og það telja íslenskir svínabændur að skekki til muna samkeppnisstöðu þeirra auk þess sem offramboð af svínakjöti í Evrópu og ívilnanir í tollum skekki hana enn frekar. Því sviður þeim skilningsleysi þingmanna í þessum málum.

Hörður segir m.a. í pistli sínum:

„Þann 3. maí sl. var umræða á Alþingi um Tollasamning ESB og Íslands um landbúnaðarvörur. Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, þingmaður Viðreisnar, sagði eftirfarandi:

„Þegar við lækkuðum tolla á grænmeti, hvað gerðu íslenskir grænmetisbændur? Þeir sóttu fram. Þeir voru með 80% markaðarins. En við aukinn innflutning, hvað gerðist? Þeir náðu aukinni hlutdeild á íslenskum markaði og fóru upp í 90%. Þetta er dæmi um það að íslenskir bændur, og við Íslendingar ..., geta svarað samkeppni, með öflugri þjónustu, enn betri vöru, nýbreytni og nýsköpun innan síns geira.“

Laugardaginn 5. maí sl. var rætt um sama mál í þættinum Víglínan á Stöð 2. Þar sagði Ágúst Ólafur Ágústsson, þingmaður Samfylkingar, að felldir hefðu verið niður tollar á grænmeti árið 2002. Afleiðingin hefði verið aukin framleiðni innan greinarinnar. Forystumenn innan Samfylkingarinnar hafa reyndar talað á svipuðum nótum áður.“

Hörður segir að í þessari umræðu virðist algjörlega hafa gleymst að nefna eitt lykilatriði.

„Dettur einhverjum virkilega í huga að þróunin hefði orðið eins og hér hefur verið fjálglega lýst í framleiðslu á tómötum, gúrkum og papriku ef stjórnvöld hefðu ekki komið með neinar mótvægisaðgerðir? Nei, stjórnmálamenn sáu á þeim tíma að ef ekkert yrði að gert þá myndi þessi hluti landbúnaðarins leggjast af. Því var ákveðið að gera samning við garðyrkjubændur sem innihélt beingreiðslur og stuðning til nýfjárfestinga, úreldingar á eldri rekstrareiningum auk niðurgreiðslu á raforku. Á fjárlögum þessa árs eru framlög til greinarinnar vegna garðyrkjusamnings 550 milljónir króna. Það er á þessum grunni sem garðyrkjubændum hefur verið gert kleift að takast á við breytingar í starfsumhverfi sínu vegna aukins innflutnings á garðyrkjuafurðum.“

Hörður heldur áfram og kemur inn á tollasamninginn við ESB sem tók gildi 1. maí síðastliðinn og segir:

„Í aðdraganda þeirra tollasamninga sem komu til framkvæmda þann 1. maí sl. var engin greining framkvæmd af opinberum aðilum til að sjá hver áhrif samningsins gætu orðið á samkeppnisstöðu innlendrar framleiðslu. Þannig er íslenskum bændum ætlað að keppa við framleiðslu landa sem nota margfalt það magn af fúkkalyfjum sem hér er notað. Nægir að nefna að í Danmörku er notkunin áttföld miðað við það sem hér er og á Spáni sextíu og fimmföld.

Þó við sleppum algerlega hollustuþættinum þá eru áhrifin veruleg á afkomu bænda vegna minni affalla og meiri vaxtarhraða í framleiðslu á hinum innfluttu afurðum. Þetta, ásamt ríkulegum fjárfestingarstyrkjum, gerir samkeppnisstöðu innlendrar framleiðslu nánast vonlausa komi ekki til neinar mótvægisaðgerðir af hálfu þeirra sem ákveða starfsumhverfið hér á landi.

Er til of mikils mælst að alþingismenn reyni að sjá samhengi hlutanna áður en þeir gaspra um afdrifaríka samninga í milliríkjaviðskiptum með landbúnaðarvörur?“ */HKr.*



HLUNNINDI & VEIÐI



Lax hefur tekið hjá veiðimanni í Þjórsá og eins gott er að fara varlega á svæðinu.

Urriðafoss hefur komið verulega á óvart

Óhætt er að segja að samstarfsverkefni landeiganda og Iceland Outfitters í Urriðafossi sé ævintýri líkast. Stangveiði hófst með miklum krafti, frá fyrsta degi og fram í miðjan júlí voru nánast allir að veiða kvótann og margir þegar snemma dags.

Eins og gefur að skilja þá er veiðin afar eftirsótt og nánast allir dagar fullbókaðir frá opnun fram í miðjan júlí. Laxveiðin hefst 27. maí í Urriðafossi. Veitt var á tvær stangir 2017 og veiddust þá 755 laxar. Í maí er veitt á þrjár stangir og á fjórar stangir frá og með 1. júní. Tvær stangir í fossinum og tvær stangir veiða fyrir ofan og neðan foss, þá er þriggja tíma skipting.

Keypt hafa verið upp öll net í fossinum og nú er komin aðstaða fyrir veiðimenn í litlu sumarhúsi við fossinn, þar sem þeir geta grillað sér hádegisverð, komist á salerni og þ.h. Verið er að útbúa kort af veiðisvæðinu.

Meðalveiði í Þjórsá er á milli 4000–5000 laxar á ári og allt að helmingur þeirra hefur verið að veiðast við Urriðafoss.

Hafa ber í huga að enn er veiði í Urriðafossi á tilraunastigi og ekki hefur skapast þar reynsla á stangveiði en reynsla 2017 sýnir að meira veiddist á stöng en í þau net sem eftir voru á svæðinu. Aðstæður til veiða sumarið 2017 voru þó mjög erfiðar því áin litaðist mikið og meira en í meðalári.

Vatnið í Þjórsá er jökulvatn og er allflesta daga litað en mismunandi mikið litað. Svo maðkveiði eða veiðar með t.d. túbu og sökku hentar mjög vel. Þá daga sem vatnið er fallegt á litinn er einnig hægt að nota venjulegar flugur og útbúnað sem hentar þannig veiðum. Athugið að einungis má veiða á maðk og flugu, ekki spún.

Bændablaðið
Smáauglýsingar 56-30-300

KÆLI- & FRYSTI-BÚNAÐUR



BÍLAR
Kæli- & frystibúnaður frá Carrier í miklu úrvali.
Fyrir allar gerðir af sendi- og flutningabílum.

HURÐIR fyrir kæla
Hentar afar vel fyrirtækjum í landbúnaði, sjávarútvegi og iðnaði.



Hafðu samband í síma 587 1300 og við sérsníðum lausn sem hentar þér!

KAPP ehf
VÉLA-KÆLI & RENNIVERKSTÆÐI
Miðhraun 2 | 210 Garðabær | Sími 587 1300 | kapp@kapp.is | www.kapp.is



Hilmar Heimisson og Hermann Árni Hilmarsson við Hafravatn með urriða. Myndir / María Gunnardóttir

„Pabbi, ekki sleppa fiskinum“

Gunnar Bender
gunnarbender@gmail.com

Sumarið er tíminn söng veiðimaðurinn Bubbi Morthens og það eru orð að sönnu. Og veiðimönnum finnst líka sumarið vera tíminn, þeir eru byrjaðir á fullu að veiða, vötnin hafa opnað og veiðimenn eru byrjaðir að renna víða um land. Við fengum okkur smá bíltúr og kíktum á veiðimenn kasta fyrir fiska.

Við Hafravatn voru feðgarnir Hilmar Heimisson og sonur hans, Hermann Árni, báðir með mikla veiðidellu.

„Við vorum að landa fiski en slepptum honum,“ sögðu þeir og héldu áfram að veiða, en fiskurinn var að vaka aðeins og gæti tekið hvað úr hverju.

Skömmu seinna tók urrriði kringum eitt pundið og hann tók sæmilega í.

„Pabbi, ekki sleppa fiskinum, ekki,“ sagði sonurinn Hermann Árni og hann meinti það. Fiskurinn var drepinn, ungi veiðimaðurinn vildi það og aftur var kastað eftir góða myndatöku.



Jón Karl var að hætta veiðum þegar við hittum hann á Þingvöllum. Veiðin var róleg en útiveran góð.

Fleiri veiðimenn voru að renna, þarna voru tveir Pólverjar, þeir voru sofnaðir í bílnum sínum og stangirnar lágu útí. Aðrir tveir veiðimenn voru á vatni á bát og biðu eftir að fiskurinn tæki. Við yfirgáfum Hafravatn, fiskurinn var þarna og allir mega veiða þar frítt, sem er það góða við Hafravatnið.

Einn og einn veiðimaður var við Þingvallavatn en veiðin var frekar róleg. Jón Karl var að hætta veiðum og veiðin hafði gengið rólega. „Við höfum ekki fengið neitt en reyndum,“ sagði Jón Karl, næsti veiðitúr gæti gefið fisk, jafnvel nokkra.

Veiðin í vötnunum hefur gengið ágætlega, Hraunsfjörðurinn hefur verið að gefa og þar var Atli Bergmann fyrir skömmu og veiddi fínar bleikjur. Veiðin er bara svona í dag.



Árni Heiðberg og Jón Þór Júlíusson með vænan lax.

Veiðifélagið Hreggnasi og Veiðifélag Laxdæla framlengja leigu á Laxá í Dölum

Á dögunum var undirritaður samningur á milli Veiðifélagsins Hreggnasa annars vegar og Veiðifélags Laxdæla um áframhaldandi leigu þess fyrrnefnda að Laxá í Dölum næstu árin. Samstarf félaganna tveggja nær aftur til ársins 2014, en þá hófst leiga Hreggnasa að vatnasvæðinu.

Markviss uppbygging á laxastofni árinnar hefur átt sér stað síðan þá, meðal annars með breytingu á veiðifyrirkomulagi, stangarfjölda og fiskrækt.

„Laxá í Dölum er án efa meðal bestu laxveiðiáa landsins. Hún rennur um söguslóðir í Laxárdal og fellur til sjávar skammt sunnan Búðardals.

Veitt er á fjórar til sex stangir og er gott veiðihús til afnota fyrir gesti við Þrándargil. Meðalveiði undanfarinna þriggja ára er mjög góð eftir mögur ár á undan, eða tæplega 1.400 laxar. Þetta er með hæstu veiði á landsvísu sé miðað við afla á hverja dagsstöng, segir Jón Þór Júlíusson er við heyrum í honum nýkomnum af leik Vals og Fylkis.

„Veiðifélagið Hreggnasi ehf. var stofnað árið 2000 af mér og Júlíusi Jónssyni. Félagið byrjaði með eitt veiðisvæði en í dag bjóðum við viðskiptavinum okkar upp á fjölbreytta kosti víðs vegar um landið, Hafralónsá, Laxá í Kjós, Brynjudalsá, Grímsá og Tunguá, Laxá í Dölum, Krossá á Skarðsströnd og Svalbarðsá, Hofsá.“

Skot- og stangveiðimaður eldar fyrir HM-strákana okkar í Rússlandi

„Jú, við munum elda ofan í strákana á HM, það er rétt," segir Hinrik Ingi Guðbjartsson veiðimaður á hlaupum þegar blaðamaður hitti hann við Laxá í Leirársveit á dögunum. Hefur Hinrik eldað fyrir landsliðið í nokkur ár með góðum árangri og mörgum sigrum.

„Þetta er skemmtilegt verkefni," segir Hinrik Ingi, sem hefur kokkað meðal annars í veiðihúsinu við Laxá í Leirársveit og maturinn var lostæti.

Fyrsti leikurinn er á móti Argentínu og maturinn verður klár, allt getur skeð í fótboltanum. Ekki er vitað hvort verður hreindýr eða lax, nema hvort tveggja sé, verði á borðum hjá strákunum fyrir stórleikina sem eru fram undan.



Hinrik Ingi Guðbjartsson kokkur veiðir bæði á stöng og byssu.



Úr Selasetrinu á Hvammstanga.
Mynd / HKr.

Færri gestir á Selasetri

Upplýsingamiðstöð ferðamanna í Húnaþingi vestra, sem rekin er á Selasetri Íslands, tók á móti 1.679 gestum fyrstu þrjá mánuði ársins 2018. Sama ársfjórðung árið 2017 var tekið á móti 1.958 gestum. Þetta er 14% fækkun á milli ára. Einnig keyptu 10% færri sig inn á safnið á milli ára á fyrsta ársfjórðungi.

Gestum fækkaði á milli ára alla 3 mánuði ársfjórðungsins, eða um 17% í janúar, um 16% í febrúar, og um 13% í mars. Fækkun gesta má að hluta til skýra með veðurfari og færð á vegum í janúar og febrúar, en því var ekki til að dreifa í mars.

Langsamlega fæstir heimsækja Selasetrið á fyrsta og fjórða ársfjórðungi, svo þessi fækkun hefur lítið að segja um þróun heildarfjölda gesta á ársgrundvelli – en þessar tölur kunna að vera vísbending um ákveðna kólnun í ferðaþjónustunni, sérstaklega á svokölluðum jaðarsvæðum, segir í frétt á vef Selasetursins. */MÞÞ*

Grásleppuveiðar: Mögulega skortur á hrognum

Svo gæti farið að skortur verði á grásleppuhrognum á þessu ári, þar sem margt bendir til þess að ekki takist að veiða það magn sem markaðurinn kallar eftir.

Í frétt á vef Landssambands smábátaeigenda segir að komið hafi bakslag í grásleppuveiðar við Grænland og að veiðar í maí hafi gengið illa og því allt útlit fyrir minni heildarafla en gert var ráð fyrir. Í Noregi hafa veiðar hins vegar gengið mun betur en undanfarin ár sem hafa verið afspyrnuléleg.

Aflinn hér er kominn yfir 3.000 tonn, sem er 15–16% meira en á sama tíma í fyrra. Búast má við að vertíðin skili 9 til 10 þúsund tunnum, en ráðgjöf Hafró jafngildir rúmum 10 þúsund tunnum, eða 5.487 tonnum af grásleppu. */VH*



Massey Ferguson 5711

Hagkvæmur vinnuþjarkur – Lipur í ámoksturstækjavinnu

Rúmgott hús með miklu útsýni. Þægilegt aðgengi. Loftfjöðrun á ökumannssæti. Farþegasæti með öryggisbeltum. Öflug miðstöð. Öll helstu stjórntæki innan seilingar ökumanns. Auka ökuljós á handriðum. Vinnuljós í toppi framan og aftan. Einföld og þægileg uppsetning stjórnbúnaðar.

4 cylinder AGCO Power mótor, 4,4L togmikill sem nýtir orkuna vel jafnt á lágum snúningi sem háum. Sérlega sparneytinn og áreiðanlegur. Gírkassi með 6+6 gírum, hraðastig upp að 12 km/klst akurstilling og upp að 40 km/klst vegastilling. Vendigír vinstra megin við stýrishjól er óháður kúplingu. 98 L vökvafæði til vökvaúttaka og ámoksturstækja. Þriggja hraða aflúrtak (540-540E og 1000 snú/mín). Dráttarkrókur með vökvaútskoti.

Verð frá
7.690.000 án vsk
Með ámoksturstækjum og skóflu
m.v. EUR 120

Kr. 9.535.600 með vsk.

Austurvegur 69 - 800 Selfoss // Lónsbakki - 601 Akureyri // Sólvangi 5 - 700 Egilsstaðir // Sími 480 0400 // jotunn@jotunn.is // www.jotunn.is

STEKKUR

Gælunöfn hákarls

Hákarl hefur verið nefndur ýmsum nöfnum á íslensku, bæði gælunöfnum og svonefndum feluorðum. Meðal þeirra eru axskeri, blágot, blápískur, brettingur, deli, got, grágot, gráni, hafkerling, háskerðingur, hvolpur, raddali, rauðgot, skauli, skerill, skufsi. Hákarl hefur einnig gengið undir nöfnum eins og bauni, háki, háksi, láki og sá grái.

Nafngiftir hákarls fóru oft eftir stærð hans og útliti. Deli var haft um stutta digra hákarla, dusi um stóran hákarl, gotungur um feitan hákarl, lopi um miðlungsstóran, níðingur um hákarl sem var styttri en fimm álnir, hundur, raddali, skauli og snókur um lítinn hákarl og ælingi var haft um hákarl sem var á mörkum þess að vera talinn nýtur.

Svarta röndin á ýsunni

Einu sinni ætlaði djöfullinn að veiða fisk úr sjó. Hann þreifaði í sjónum og fann ýsu. Hann tók undir eyruggana og síðan þá hafa ýsur haft svarta bletti eftir fingraför djöfulsins. Ýsan tók þá mikið viðbragð og rann úr klóm kölska og því eru svartar rákir eftir ýsum þar sem klær kölska strukust eftir báðum hliðum.

Mývetningar í hákarlsmaga

Í þjóðsögum Ólafs Davíðssonar segir að eitt sinn hafi maður sem hét Tómas sett í svo gríðarlegan hákarl að engin tök voru á að drepa hann. Dró hann því hákarlinn lifandi að landi og smalaði þar saman mörgum mönnum til að vinna á skepnunni. Þegar farið að skera hann í sundur heyrði Tómas hljóð í hákarlsmaganum. Risti hann á magann og kom þá í ljós heil skemma. Þaðan heyrðist greinilegt mannamál og út komu tveir Mývetningar.

Um veturinn hafði hákarlinn synt alla leið upp í Mývatn um undirgöng og notað tækifærið til að gleypa skemmu sem stóð þar á bakkanum. Mývetningarnir höfðu verið að eta magála og drekka brennivín í skemmunni og höfðu lifað góðu lífi innan í hákarlinum á því sem þeir áttu eftir af þessu dýrindi þegar hákarlinn gleypti þá.

Burður og fæðingartíðni hvala

Kálfar hvala fæðast með sporðinn á undan. Kálfarnir eru þannig lengur tengdir legkökunni og fá súrefnisríkt blóð frá móður sinni eins lengi og mögulegt er til að koma í veg fyrir súrefnisskort og köfnun eða drukknun. Fæðingartíðni hvala er fremur lág. Meðganga þeirra er 11 til 16 mánuðir og oftast fæðist einn kálfur á tveggja til fimm ára fresti. Fleirburafæðingar eru sjaldgæfar. Kálfadauði á fyrsta ári er fremur algengur, oft yfir 50%.

Silfur hafsins

Þjóðsagan segir að fiskar hafdjúpanna hafi kosið síldina sem konung sinn. Var það fyrir sundfimi hennar og fegurð því að hún er að sjá sem sindrandi silfur eða glitrandi demantur. Í samræmi við það og verðgildi hennar hafa Íslendingar gefið henni nöfn eins og silfur hafsins, demantssíld og gull Íslands.

Álsroð við bakaverk

Jónas Jónasson frá Hrafnagili segir í Íslenskum þjóðháttum að gott hafi þótt að leggja álsroð á bakið við bakverkjum. „... sumir segja roð af bjartál, snúa holdrosunni að og láta sitja í 9 eða 11 nætur.“ */VH*

HLUNNINDI & VEIÐI

Karfinn sem hvarf



Guðjón Einarsson
gudjone3@gmail.com



Stórt úthafskarfahol. Saga úthafskarfaveiðanna er skólabókardæmi um það sem gerist ef ekki er hægt að hafa stjórn á veiðum úr fiskistofnum.

Um langt árabil var úthafskarfi mikilvæg tekjulind fyrir íslenskt þjóðarbú. Þegar best lét veiddu Íslendingar 62 þúsund tonn af úthafskarfa á einu ári sem gáfu um 13 milljarða króna á núvirði lauslega reiknað. Síðustu árin hefur kvóti okkar verið rúmlega 2 þúsund tonn og verðmætið liðlega hálfur milljarður. Hvað kom eiginlega fyrir?

Upphaf úthafskarfaveiða í atvinnuskyni á Reykjaneshrygg má rekja til ársins 1982 þegar Sovétmenn hófu þar veiðar. Raunar höfðu vísindamenn vitað um tilvist karfa á þessu svæði í langan tíma, en Sovétmenn, sem um þetta leyti gerðu út tilraunaleiðangra víða í úthafinu til þess að leita að nýjum veiðimöguleikum, fundu karfaslóðir sem taldar voru geta gefið vænlegan afla. Á þessu fyrsta ári, 1982, veiddust 61.000 tonn af karfa. Á næstu árum bættust skip frá Austur-Þýskalandi og Búlgaríu í hópinn og ársaflinn fram til 1988 var á bilinu 60.000–105.000 tonn.

Íslenskir útgerðarmenn vissu af þessum veiðum erlendra skipa utan við lögsögumörk okkar suðvestur af landinu en höfðu fyrst í stað ekki mikinn áhuga á að nýta sér þetta veiðitækifæri. „Það hefur nú sennilega verið kvótaleysið sem varð til þess að við ákváðum að fara á Reykjaneshrygginn,“ sagði Páll Eyjólfsson, þá skipstjóri á togaranum Haraldi Kristjánssyni HF frá Hafnarfirði í samtali við Morgunblaðið síðar, en hann var einn af fyrstu íslensku skipstjórunum til að hefja þessar veiðar árið 1989. „Reyndar var ég stýrimaður á Karlsefni sem fór á úthafskarfa í kringum 1983 ásamt fleiri skipum en veiðunum var fljótlega hætt vegna þess að karfinn þótti of smár auk þess sem veiðarfærin voru ekki nógu góð.“

Gloría skal það heita

Sumarið 1989 voru 5–7 íslensk skip á úthafskarfaveiðunum. Veiðarnar gengu heldur erfiðlega í byrjun enda voru skipin ekki með heppileg veiðarfæri miðað við aðstæður. Það átti fljótlega eftir að breytast eftir að Hampiðjan þróaði nýtt troll í nánu samstarfi við skipstjóra. Þetta var risatroll af áður óþekktri stærð í íslenska flotanum. Því til skýringar má nefna að algengustu trollin sem íslenskir togarar drógu, svokölluð Engel troll, voru með trollop á stærð við vítateig á knattspyrnuvelli en opið á nýja úthafskarfatrollinu var álíka stórt og þrír knattspyrnuvellir. Eins og að líkum var ekki vandræðalaust að fá þessi risastóru veiðarfæri til að virka rétt og í upphafi þurfti oft að fara í land til að greiða úr flækjum og breyta hönnun. Þetta gat tekið á taugarnar og við eitt slíkt tækifæri varð áðurnefndum Páli skipstjóra að orði: „Þið í Hampiðjunni hafið nú gert meiriháttar gloríur með þetta troll ykkar!“ Guðmundur Gunnarsson, nýr þróunarstjóri fyrirtækisins, greip þessi ummæli á lofti og sagði við Pál: „Þetta er nafnið sem við munum nota á úthafskarfatrollið. Gloría skal það heita.“ Gloríutrollin eru nú ein þekktasta framleiðsluvara Hampiðjunnar og flest eða öll úthafskarfaskipin, jafnt erlend sem innlend, nota það með góðum árangri.

Efri og neðri stofn

Í upphafi fóru úthafskarfaveiðarnar á Reykjanshrygg og í Grænlandshafi eingöngu fram ofan við 500 metra dýpi úr stofni sem seinna var kallaður efri stofn. Það var ekki fyrr en á árunum 1993-1994 þegar flotinn var kominn með öflugri veiðarfæri að menn áttuðu sig á því að annar karfastofn héldi sig neðar í hafinu. Sá var því kallaður neðri stofn. Þegar hér var komið sögu fóru skipin að sækja fremur í karfann í neðri stofninum enda er hann stærri og verðmætari en hinn sem markaðsvara.



Úthafskarfi.

Eins og áður sagði nam árlegur heildarafli allra þjóða á úthafskarfamiðunum á bilinu 60-105 þúsund tonnum fyrstu fimm árin áður en Íslendingar hófu veiðar. Á árunum 1989-1992 minnkaði hann niður í 28-38 þúsund tonn árlega vegna minni sóknar, ekki síst vegna falls Sovétríkjanna sem kippti fótunum tímabundið undan allri athafnasemi þar eystra. Árlegur afli jókst síðan aftur, ekki síst vegna tilkomu íslensku skipanna, og náði hámarki árið 1996 þegar rúmlega 180 þúsund tonn veiddust. Á árunum 1997-2004 var ársaflinn í heild á bilinu 100-150 þúsund tonn en eftir það tók að halla undan fæti og nú síðustu árin hefur hann verið á milli 30 og 40 þúsund tonn árlega eða aðeins einn fimmti af því sem var þegar mest veiddist.

Afli Íslendinga

Frá því að Íslendingar hófu úthafskarfaveiðarnar árið 1989 jókst aflinn ár frá ári, fór úr 4 þúsund tonnum fyrsta árið í 15 þúsund tonn það næsta, síðan í 23 þúsund tonn og svo í 56 þúsund tonn. Hámarki náði aflinn árið 1996 þegar íslensk skip veiddu 62 þúsund tonn. Lauslega áætlað verðmæti þess afla er um 13 milljarðar króna á núvirði. Það sýnir að úthafskarfinn var drjúg búbót fyrir sjávarútveginn og þjóðarbúið þegar mest veiddist. Heildarafli Íslendinga af úthafskarfa frá upphafi veiða til ársins 2016 nam 686 þúsund tonnum sem gerir 145 milljarða króna á núvirði, gróft áætlað.

> Heildarafli Íslendinga af úthafskarfa frá upphafi veiða til ársins 2016 nam 686 þúsund tonnum sem gerir 145 milljarða króna á núvirði, gróft áætlað.

Frá árinu 2005 til dagsins í dag hefur afli Íslendinga dalað jafnt og þétt og síðustu árin hefur hann verið rétt rúmlega 2 þúsund tonn að verðmæti rétt yfir hálfan milljarð króna ár hvert.

Hver er skýringin?

En hver er skýringin á þessari dapurlegu þróun? Þar er fyrst til að nefna að úthafskarfinn er á alþjóðlegu hafsvæði þar sem engin veiðistjórnun ríkti lengst af. Að auki dreifðist karfinn yfir gríðarlega stórt svæði og því reyndist vísindamönnum erfitt að ná áreiðanlegri mælingu á stærð stofnsins. Árið 1994 var efri stofninn mældur 2,2 milljónir tonna og því mikil bjartsýni ríkjandi, en tveimur árum seinna mældist stofninn aðeins 600 þúsund tonn. Ekki verður ofveiði kennt um þennan mismun og því nærtækast að fyrri mælingin hafi verið röng. Hin síðari ár hefur efri stofninn mælst enn minni og vísindamenn ráðlagt bann við veiði úr honum.

Veiðiálag á neðri stofninn var einnig of mikið strax frá upphafi. Enda þótt Alþjóðahafrannsóknaráðið hafi varað við ofveiði á úthafskarfanum í mörg ár gerðist ekkert þar til árið 2011 að flestar veiðiþjóðirnar komu sér loks saman um áætlun til að minnka veiðarnar úr neðri stofninum í áföngum og banna veiðar úr efri stofninum. Aðilar að samkomulaginu eru Ísland, Færeyjar, Grænland, Noregur og ESB. Sá galli er þó á gjöf Njarðar að Rússar neita að vera með og hafna auk þess þeirri vísindalegu niðurstöðu að karfastofnarnir séu tveir og að ástand beggja stofnanna sé afleitt. Þeir hafa ákveðið sér einhliða um eða yfir 25 þúsund tonna kvóta ár hvert en hinar þjóðirnar skipta með sér rúmum 6 þúsund tonna kvóta. Þrátt fyrir að Rússar þráist við og virði samkomulagið að vettugi hafa þeir fengið fulla þjónustu á Íslandi vegna veiðanna.

Hvað nú?

Saga úthafskarfaveiðanna er skólabókardæmi um það sem gerist ef ekki er hægt að hafa stjórn á veiðum úr fiskistofnum. Sú spurning vaknar hvort úthafskarfastofninn eigi sér viðreisnar von. Karfinn er langlífur fiskur sem verður ekki kynþroska fyrr en um 10 ára aldur. Það tekur því langan tíma að byggja stofninn upp. Uppvaxtarsvæði karfans eru við Austur-Grænland og á landgrunninu við Grænland. Þar hefur ekki orðið vart við neinn smákarfa í seinni tíð. Ekkert bendir því til annars en að ástandið verði áfram slæmt.



FRELSI

... TIL AÐ LÁTA DRAUMANA RÆTAST

LANDBÚNAÐARHÁSKÓLI ÍSLANDS

UMSÓKNARFRESTUR TIL AÐ SÆKJA UM ER TIL 5. JÚNÍ.

SKRÚÐ-GARÐYRKJA · SKÓGUR OG NÁTTÚRA · BÚFRÆÐI · BLÓMA-SKREYTINGAR · GARÐYRKJU-FRAMLEIÐSLA · STARFS- & ENDURMENNTUN · BÚVÍSINDI · SKÓGFRÆÐI · FRAMHALDSNÁM · UMHVERFIS-SKIPULAG · NÁTTÚRU- & UMHVERFISFRÆÐI

WWW.LBHI.IS · LANDBÚNAÐARHÁSKÓLI ÍSLANDS · HVANNEYRI, 311 BORGARNESI · LBHI@LBHI.IS · 433 5000

can-am

CAN-AM

TÆKI SEM ÞÚ GETUR TREYST Á



OUTLANDER
450 PRO

VERÐ 1.330.000.KR
VERÐ ÁN VSK

Áreiðanleiki, ending og styrkur eru í fyrirrúmi hjá Can-Am. Dráttarkúla, 7póla tengi, 1.5t spil, álfelgur, geymsluhólf og rafmagnsstýri er staðalbúnaður.



AUÐLINDIR & UMHVERFISMÁL

Korn á Norðurslóð:

Norrænir bændur kynntu sér íslenskan landbúnað

Í annarri viku marsmánaðar sl. hittist á Íslandi fólk sem hefur tengst verkefninu Korn á Norðurslóð en verkefnið er styrkt af Norðurslóðaáætluninni. Verkefnið fjallar um alla virðiskeðju korns frá ræktun til matvæla á borðum neytenda.

Á Íslandi eru það Matís og Landbúnaðarháskólinn sem standa að verkefninu. Aðrir þátttakendur koma frá Norður-Noregi, Orkneyjum, Færeyjum og Nýfundnalandi.

Tilgangurinn verkefnisins er meðal annars að auka verðmæti kornuppskerunnar, til dæmis með því að stuðla að framleiðslu matvara úr staðbundnu hráefni. Aukin sjálfbærni og minna kolefnisspor eru áhugaverðir þættir fyrir kornframleiðslu á norðlægum slóðum.

Forsvarsmenn Norðurslóðaáætlunarinnar vildu styrkja verkefnið til að sjá hvernig gengi að vinna úr korni sem væri ræktað á Norðurslóðum. Ef fram fer sem horfir með hnattræna hlýnun, má búast við að sum suðlæg svæði verði verr fallin til matvælaframleiðslu en áður. Því verður það skylda okkar að framleiða meiri matvæli á norðlægum slóðum.



Magnús H. Jóhannsson, sviðsstjóri hjá Landgræðslunni, kynnir starfið. Myndir / Kristín Edda, Matís

Ráðstefna um afrakstur verkefnisins

Haldin var eins dags ráðstefna um afrakstur verkefnisins þann 7. mars 2018. Þátttakendur voru 21 frá Noregi, 4 frá Orkneyjum, 2 frá Færeyjum og 29 frá Íslandi.

Fyrir hádegi var fjallað um kornræktina og þróun hennar í þátttökulöndunum. Sæmundur Sveinsson, rektor Landbúnaðarháskóla Íslands, flutti inngangserindi um kornrækt á Íslandi. Upplýsingar frá Noregi voru athyglisverðar því Norðmönnum hefur tekist að rækta bygg mjög norðarlega, miklu norðar en korn er ræktað á Íslandi. Í Orkneyjum gengur kornrækt vel en oft eru vandamál vegna úrkomu. Færeyingar eru að prófa kornrækt að nýju eftir 50 ára hlé en landrými er takmarkað í eyjunum. Á Nýfundnalandi er aftur á móti nóg landrými en vorin geta verið köld þótt landsvæðið sé á svipaðri breiddargráðu og París.



Í heimsókn á Þorvaldseyri, talið frá vinstri: Norski bóndinn Gunnar Mardahl, Ole Pedersen Dyrstad frá Ibestad kommune, Hilde Halland og Mette Thomsen frá rannsóknastofnuninni NIBIO, og Ólafur Eggertsson á Þorvaldseyri.

Það vakti athygli að einn af bændunum frá Norður Noregi talaði íslensku eins og ekkert væri eðlilegra. Hann heitir Gunnar Mardahl og er einn af fáum kornbændum í Norður Noregi. Jörðin hans, Mardal gård, liggur við sjó á Helgelandsströndinni í Sømna syðst í Nordland fylki. Jarðvegur er sendinn og aðstæður til kornræktar góðar. Gunnar ræktar bygg, hafra og hveiti sem hann selur til dreifiaðila. Gunnar hefur síðustu árin verið virkur þátttakandi í þróunarverkefnum um kornrækt í Norður Noregi sem Norsk Institutt for Bioøkonomi (NIBIO) hefur sinnt. Gunnar er sjálflærður í íslensku og lærði tungumálið m.a. með því að horfa á sjónvarpsþættina Næturvaktin.

Kynning á matvörum úr korni

Í tengslum við ráðstefnuna var efnt til kynningar á matvörum úr korni, sérstaklega byggi. Vörur frá Íslandi, Noregi og Orkneyjum voru til sýnis og hægt var að bragða á þeim. Það er ekki síst hollusta byggsins sem vekur áhuga matvælaiðnaðarins. Hollustan ein sér væri næg ástæða til að mæla með aukinni notkun á byggi.

Samtals sýndu 25 smáframleiðendur og fyrirtæki vörur sínar. Sjá mátti fjölmargar gerðir af brauðum með byggi í mismunandi hlutföllum. Einnig má nefna kex og smákökur úr byggi, poppað byggsnakk, byggmjöl, byggflögur, perubygg, hafraflögur, viskí, gin, bjór, repjuolíu og edik úr byggmalti. Ekki má gleyma byggmalti því löngum hefur þótt erfitt og mikil list að framleiða malt úr íslensku byggi.

Íslenska frumkvöðlafyrirtækinu Þoran hefur nú tekist að framleiða byggmalt með góðum árangi og stefnt er að viskíframleiðslu. Eimverk og Ölgerðin Egill Skallagrímsson nýta einnig íslenskt bygg.

Íslenskt byggyrki

Byggyrkið Kría frá Landbúnaðarháskólanum hefur reynst vel í ræktun erlendis á norðlægum slóðum og það hefur komið vel út í möltunartilraun í Noregi. Álykta má að notkun á innlendu byggi í ýmsar afurðir fari vaxandi á Íslandi.

Mikill áhugi á íslenskum landbúnaði

Erlendu þátttakendurnir höfðu mikinn áhuga á að kynnast íslenskum landbúnaði og því var efnt til ferðar um Suðurland að lokinni ráðstefnunni. Ferðin hófst með heimsókn í Eimverk en þar er framleitt gin og viskí. Eigendurnir rækta bygg á jörðinni Bjálmholti á Suðurlandi.



Hilde Halland, Mari Carver og Marit Sandberg.



Knútur Rafn Ármann kynnti gestum starfsemina í Friðheimum.



Ole Pedersen Dyrstad, Sigríður Dalmannsdóttir, Rólvur Djurhuus og Einar Johan Dons.

Eftir heimsókn í Eimverk var haldið að Friðheimum þar sem gróðurhús var skoðað og farið á hestasýningu. Höfuðstöðvar landgræðslunnar í Gunnarsholti voru heimsóttar. Magnús H. Jóhannsson sviðsstjóri tók á móti hópnum og sagði frá starfseminni.

Erlendu gestirnir hrifust af starfseminni og möguleikunum, ekki síst hversu mikið landrými er aðgengilegt fyrir landbúnað á Suðurlandi.

Loks var á dagskránni eftirminnileg heimsókn í sólskini og einstöku veðri að Þorvaldseyri. Ólafur Eggertsson sagði frá býlinu, þurrkstöðin og vinnsluaðstaðan var skoðuð og ferðinni lauk á gestastofunni sem var einstök upplifun. Það má hiklaust segja að gestirnir hafi kynnst landbúnaði sem er til mikillar fyrirmyndar.

Hægt er að skoða þær glærur sem sýndar voru á ráðstefnunni á vefsíðu verkefnisins: http://cereal.interreg-npa.eu/resources/ Fara þarf neðarlega á síðuna en þar eru glærurnar undir „Conference 2018 – Iceland“. Alls hafa verið birtar 60 skýrslur, einblöðungar, leiðbeiningar og fyrirlestrar á síðunni. Almennt er efnið á ensku en meðal skjalanna má finna nokkrar þýðingar á íslensku og norsku.

Ólafur Reykdal,
matvælafræðingur hjá Matís ohf.





VÖNDUÐ JEPPADEKK
Á FRÁBÆRU VERÐI

STÆRÐ 315/70R17
49.600,- kr.

STÆRÐ 285/70R17
46.900,- kr.

ÞÚ FÆRÐ JEPPADEKKIN HJÁ OKKUR!
ARCTIC TRUCKS | KLETTHÁLSI 3 | 110 REYKJAVÍK | 540 4900
WWW.ARCTICTRUCKS.IS

ORKUSTOFNUN
Hefur þú kynnt þér **Smávirkjanaverkefni** Orkustofnunar?

- Smærri virkjanir geta verið lyftistöng fyrir bæði bændur og fleiri aðila
- Þær geta stuðlað að auknu orkuöryggi í landinu
- Geta verið svar við orkuskorti víða um land
- Geta tryggt vaxtarmöguleika í dreifðari byggðum landsins

Kynntu þér málið á vef Orkustofnunar:
https://orkustofnun.is/raforka/smavirkjanir/

Orkustofnun - Grensásvegi 9 - 108 Reykjavík - Sími 569-6000 - www.os.is

Bændablaðið Smáauglýsingar 56-30-300
Dreift í 32 þúsund eintökum á yfir 420 dreifingarstaði og öll lögbýli á Íslandi

Votrými
Píplagningaþjónusta
Breytingar • Endurlagnir • Nýlagnir
votrymi@votrymi.is
Sími 6234445

Njarðarnes 4 STEINSMIÐJA AKUREYRAR Njarðarnes 4

FRÍR FLUTNINGUR Á LEGSTEINUM UM ALLT LAND
Mikið úrval legsteina á minnismerki.is

Tilboð
111
41x60 cm frá sökkli



66 cm sökkull
GRÁR - 125 þúsund með grafskrift

Tilboð
111
41x60 cm frá sökkli



66 cm sökkull
Svartur - 135 þúsund með grafskrift

Tilboð
113
41x60 cm frá sökkli



66 cm sökkull
GRÁR - 125 þúsund með grafskrift

Tilboð
113
41x60 cm frá sökkli



66 cm sökkull
Svartur - 135 þúsund með grafskrift

minnismerki.is s: 466 2800 / 899 9370 sala@minnismerki.is

FRÉTTASKÝRING

Umhverfisvænst þótti fyrir fáum árum að kaupa dísilbíla, svo hauggasbíla, vetnisbíla, tvinnbíla og nú síðast rafbíla:

Stokkið á skyndilausnir í samgöngumálum sem þykja vænlegar til vinsælda

– Vísindamenn segja að ganga muni hratt á hráefnið í lithium-rafhlöðurnar og aðkallandi að finna nýja geymslutækni fyrir raforku



Hörður Kristjánsson
hk@bondi.is

Áhrifafólk í pólitík og efnahagsumræðunni hefur verið gjarnt á að stökkva á misvísandi hugmyndir í umhverfismálum sem það telur vera vænlegar til vinsælda. Þegar grannt er skoðað eru það svo oftast lausnir sem keyrðar eru áfram af grímulausum peningahagsmunum fremur en skynsemi.

Þar er sannarlega ekki öll vitleysan eins og oft virðist þar harla lítið fara fyrir gagnrýnni hugsun. Þannig verða töfralausnir sem stokkið er á í dag kannski dæmdar af sama fólki með öllu óhæfar á morgun.

Í öllu óðagotinu kjósa menn svo að líta framhjá langstærstu póstunum, nefnilega mengun frá iðnaði, orkuverum, flugvélum og skipum sem eru gjarnan utan sviga. Þar hefur samt verið bent á að 15 stærstu farþegaskipin menga meira en **allir bílar heimsins samanlagt**. Auk mengunar koltvísýrings er brennisteinsvetnis- og sótmengunin frá þessum skipum gríðarleg.

Fyrir hvert framleitt tonn af áli er brennt yfir 1,5 tonnum af kolum. Ekki er staðan skárri hjá kísilmálmverksmiðjum. Reglugerðarsmiðir ESB halda svo áfram að ganga í skrokk á venjulegu launafólki með enn meiri kröfum á venjulega fjölskyldubíla. Ekki vegna þess að þeir mengi mest heldur af því að þeir þora greinilega ekki að hrófla við áhrifamiklum stórfyrirtækjum og útgerðum mengunarmestu risaskipanna. Venjulegt launafólk verður svo látið borga brúsann – eins og alltaf – með auknum gjöldum og sköttum, en ekki mestu mengunarvaldarnir Kannski væri farsælla að beita örlítilli gagnrýnni hugsun fremur en að hlaupa eftir öllu sem rétt er að okkur í þessum efnum.

Einu sinni þóttu dísilbílarnir umhverfisvænstir

Rekinn var mjög harður áróður fyrir því fyrir nokkrum árum að fólk keypti dísilbíla vegna þess að þeir væru sparneytnari en bensínbílar og skiluðu því minna af koltvísýringi út í andrúmsloftið. Slíkur áróður var líka hart rekinn á Íslandi, m.a. af fólki sem taldi sig mikla umhverfissinna og hvatti fólk til að skipta yfir í dísilbíla. Nú er meira horft á losun nituroxíðs NO_x fremur en koltvísýrings og því beri helst að banna dísilbíla. Þegar hafa verið innleiddir kolefnisskattar á dísilbíla á Íslandi vegna þessa og þá á að hækka um 100%. Nýjustu dísilvélarnar eru samt mun sparneytnari og menga mun minna en þær vélar sem yfirvöld sumra borga í Evrópu hafa áður notað sem rök fyrir að banna dísilvélarnar.

Vetnið og hauggasið

Fyrir nokkrum árum áttu vetnisknúnir bílar og skip að leysa allan mengunarvanda þjóðarinnar. Blásið var í lúðra og ráðherrar stilltu sér upp fyrir framan myndavélar. Lítið heyrist nú af þeim málum. Sama skrautsýningin var sett í gang þegar allir áttu að kaupa sér gasknúnar bifreiðar og keyra á hauggasi sem búið var til úr sorpi. Afar hægt hefur hins vegar gengið við að byggja upp innviði vegna vetnis- og gasknúinna bifreiða á Íslandi þótt þær séu mikilvirkara innlegg í umhverfismálum en rafbílavæðingin.

Sniðugu tvinnbílarnir ekki sniðugir lengur

Tilkoma svonefndra tvinnbíla (hybrid), með rafmótor og bensínvél var talin hrein snilld og góð millileið inn í hreina rafbílavæðingu. Nú horfa menn fram á að bílar eins og Toyota Prius og Mitsubishi Outlander PHEV kunni að vera bannaðir á götunum í Bretlandi fyrir árið 2040 ásamt um 50 öðrum tegundum tvinnbíla. Bæði hreinum tvinnbílum og tvinn-tengibílum samkvæmt frétt í Autocar 4. maí sl. Er það sagður hluti af áætlun umhverfismálaráðuneytis Breta (DEFRA) frá því í júlí 2017. Breskir bílaframleiðendur hafa brugðist ókvæða við þessum áformum bresku ríkisstjórnarinnar og segja að þau gangi hreinlega ekki upp.

Rök breskra yfirvalda eru að mælingar sýni að tvinnbílar eyði meiru eldsneyti og mengi meira á langkeyrslu en sambærilegir bensínknúnir bílar. Ástæðan er einföld eðlisfræði sem ræðst af hlutfallslega meiri þyngd tvinnbíla en sambærilegra bíla sem eingöngu ganga fyrir bensíni. Það fer einfaldlega meiri orka í að aka þyngri bíl sem og að umbreyta bensíni yfir í raforku. Þá hefur líka verið bent á að framleiðsla tvinnbíla skilji eftir sig stærra kolefnisspor en framleiðsla bíla með hefðbundnum vélbúnaði. Eins skilur framleiðsla á lithium-rafhlöðum eftir sig talsverða mengun gróðurhúsalofttegunda og spillir jarðvegi og grunnvatni á framleiðslustað.

Nú eru það „umhverfisvænu“ rafbílarnir

Nýjasta vinsældaútspilið á hinum pólitíska vettvangi í umhverfisumræðunni er innleiðing rafbíla. Allir eru hvattir til að skipta yfir í rafbíla af umhverfisástæðum og helst í gær. Það má engan tíma missa og að leggja fram gagnrýnar spurningar um þau mál jaðrar helst við guðlast.

Það hefur miðað hratt og örugglega í uppbyggingu rafhleðslustöðva vítt og breitt um landið þannig að innviðauppbyggingin ætti ekki að trufla frekari innleiðingu rafbíla.

Rafbílarnir eru vissulega umhverfisvænni en hefðbundnir bílar á notkunarstað vegna drifbúnaðarins. Á móti kemur að framleiðsla þeirra skilur eftir sig stærra kolefnisspor en hefðbundinna bíla.

Á Íslandi er raforka að mestu framleidd á umhverfisvænan hátt, en svo er ekki víða um lönd þar sem rafmagn er gjarnan framleitt með kolum, gasi, olíu eða kjarnorku. Því hafa sumir fræðimenn sett varnagla við fullyrðingum um að heildaráhrif af notkun rafbíla skili minni loftmengun á jörðinni.

Mismunun beitt til að flýta innleiðingu rafbíla

Þetta rafmagnsbílaútspil virðist hafa heppnast vel því rafknúnir bílar njóta ört vaxandi vinsælda á Íslandi þrátt fyrir að þeir séu mun dýrari í innkaupum en hefðbundnir bílar. Rafbílarnir virðast líka rökrétt lausn fyrir Íslendinga í ljósi vistvænnar raforkuframleiðslu sem hér er.

Rafbílar skila ekki frá sér koltvísýringi á notkunarstað. Þeir henta því afskaplega vel í þéttsetnum borgum þar sem loftgæði eru af skornum skammti. Vaxandi kaup á slíkum faratækjum hér á landi stafa þó ekki síður af þeirri staðreynd að beitt er niðurfellingu á gjöldum. Það felur í sér verulega mismunun í gegnum niðurfellingu á innflutningsgjöldum og rekstrarkostnaði eins og þungaskatti, miðað við hefðbundin ökutæki með sprengihreyflum. Þarna getur munað mörg hundruð þúsundum. Samt eru rafbílarnir enn mun dýrari í innkaupum en hefðbundnir bílar með sprengihreyfli.

Hvað með framlag rafbíla til slits á vegum?

Hlutfallsleg fjölgun rafbíla skapar óleystan vanda í ríkisrekstrinum þegar fram í sækir. Það er vegna þess að tekjur ríkisins af aðflutningsgjöldum og þungaskatti af ökutækjum minnka til að standa straum af kostnaði vegna slits á vegum. Engar pólitískar áætlanir hafa verið viðraðar hvernig ríkið hyggst mæta slíku tekjutapi.


Sjálfbær geymsla á raforku enn óleyst vandamál

Þróunin í hönnun rafbíla hefur vissulega verið hröð, en fjöldi vandamála er samt enn óleystur varðandi rafhlöðurnar eins og sjálfbær geymsla á raforku. Rafbílavæðingin gæti því allt eins lent í ógöngum eins og allar hinar umhverfisvænu ökutækjainnleiðingarnar.

Það sem gleymst hefur í öllu óðagotinu er að framleiðsla á lithium-



Hver myndi ekki vilja aka um á svona glæsilegri Tesla-rafmagnsbifreið? Tesla hefur verið í fararbroddi í hönnun rafbíla á síðustu árum og komið fram með margar snjallar lausnir. Það dugði þó ekki til að halda í trú fjárfesta á fyrirtækið. Þannig seldi Toyota alla hluti sína í Tesla sumarið 2017. Þar hóf Toyota samstarf í maí 2010 að kaupum á hlutabréfum fyrir 50 milljónir dollara. Kaup á Tesla líkt og öðrum rafmagnsbílum með sérhæfðum og flóknum búnaði krefst öruggrar þjónustu. Því mun ekki vera að heilsa á Íslandi varðandi Tesla og trúlega ekki sérlega umhverfisvænt ef senda þarf bílinn með skipi alla leið til Hollands eða annarra landa í viðgerð ef eitthvað bilar.



Eitt af því sem þykir tær snilld í Tesla-bílunum er drifbúnaðurinn. Engin olíusullandi vél, bara rafmótorar, en þeir gera samt ekkert ef þeir fá ekki nægt rafmagn.





Iveco hefur sett á markað fyrsta stóra rafmagnssendibílinn. Flutningsgetan er þó mun minni en í sams konar bíl með gasvél eða dísilvél. Metangasbíllinn er mjög öflugur og skilar 95% minni mengun en mengunarlitli nýjasti dísilbíllinn.



Metangas verður til í náttúrunni, m.a. í mýrum, og er 20 sinnum verri lofttegund með tilliti til gróðurhúsaáhrifa en koltvísýringur. Það er því afar áhrifarík leið til að minnka þá mengun að brenna metaninu í bílvélum. Metan er hægt að framleiða á tiltölulega einfaldan hátt, m.a. í sveitum. Metan er líka hægt að geyma í ýmsu formi, sem lofttegund, sem fljótandi gas og í föstu formi eins og hér sést og finna má á miklu dýpi á hafsbotni í gríðarmiklum mæli.

-ion-rafhlöðum er langt frá því að vera sjálfbær og er í raun afskaplega ósjálfbær og óvistvæn. Þá mun hráefnið í þessar rafhlöður ekki endast nema í fáa áratugi að mati vísindamanna. Því halda menn í vonina um algjöra byltingu í hönnun rafgeyma á allra næstu árum.

Lithium-rafhlöður verða dýrari en ekki ódýrari

Tækniþróun rafbíla hefur vissulega verið hröð. Tilkoma lithium-ion rafhlaða hefur þannig gjörbreytt stöðunni rafbílunum í hag, allavega hvað langdrægni og notagildi varðar. Hins vegar er því spáð að rafhlöðurnar muni ekki lækka í verði í takt við aukna framleiðslu, heldur þvert á móti verða dýrari.

Rafbílar henta vel til sumra hluta en duga ekki til fjölþættrar notkunar

Rafbílar hafa enn þann stóra galla að þeir eru þyngri, bera minna og hafa hreinlega enga dráttargetu. Nýr rafknúinn Iveco stór sendibíll, sem er með mikla drægni, ber t.d. ekki nema um þriðjung af því sem sams konar dísilbíll getur borið og hefur alls enga dráttargetu. Þetta er galli sem hentar bara alls ekki fjölbreyttri notkun ökutækja og allra síst ört fjölgandi hjólhýsa-, fellihýsa- og tjaldvagnaeigendum á Íslandi. Rafbílarnir verða því vart í bráð til fjölþætts brúks, en þeir nýtast samt ágætlega sem annar bíl á heimili og í ferðir til og frá vinnu eða skóla. Það er líka oftast mesta notkunin og geta rafbílar þar sannanlega sparað mikið í innkaupum á innfluttu jarðefnaeldsneyti og dregið úr útblæstri. Hins vegar er um tvöfalt meiri mengun af framleiðslu á hreinum rafmagnsbíl og rafhlöðunni (13,7 tCO_2) en hefðbundnum bensínknúnum bíl (6,5 tCO_2) samkvæmt rannsókn Comparative Environmental Life Cycle Assessment of Conventional and Electric Vehicles.

Aðkallandi að finna nýja tækni til að geyma raforku

Innleiðing rafbíla er greinilega ekki eins einfalt mál og margir vilja vera láta, nema fundnar verði upp alveg nýjar leiðir til að geyma raforku í stað þeirra lithium-rafhlaða sem nú eru mest notaðar. Hafa vísindamenn brotið heilann um þetta áratugum saman með miklum væntingum sem oft hafa fylgt jafn mikil vonbrigði.

Lithium-rafhlöðurnar eru vissulega bylting frá gömlu blý-rafgeymunum. Betur má þó ef duga skal, því cobalt, sem er aðal hráefnið í lithium-rafhlöðurnar, mun ganga til þurrðar í heiminum innan nokkurra áratuga. Auk þess eru nikkel og graphite mikilvæg hráefni í slíkar rafhlöður og það eru heldur ekki ótæmandi auðlindir.

Ört gengið á cobalt-birgðir heimsins

Í ritinu Engineering and Technology var fjallað um þessi mál í grein þann 14. mars sl. Þar segir að birgðir heimsins á cobalti, sem er lykilhráefni í lithium-rafhlöður, muni fara að ganga til þurrðar um 2050. Er þar vitnað til úttektar Helmholtz InstituteUlm (HIU) og Karlsruhe Institute of Technology (KIT) í Þýskalandi. Sögðu rannsakendur að notkun combalt í rafhlöður sem og forvera þeirra sem byggja á natríum, magnesium, sinki, calsíum og áli, séu góð dæmi um hvernig menn hafi til þessa forðast eins og heitan eld að ræða hráefnisskort þegar til lengri tíma er litið. Benda skýrsluhöfundar á að auk þess sem horft hefur verið framhjá því hversu grunnhráefnin í rafhlöðurnar eru af skornum skammti, þá hafa menn forðast að ræða eituráhrifin af notkun grunnefnanna í rafhlöðurnar. Það hentar bara ekki loftslagsumræðunni. Vegna þessa hafa sumir bílaframleiðendur á ný lagt aukna áherslu á frekari þróun sprengihreyfla, ekki síst fyrir metangas. Eins hafa sumir bílaframleiðendur aftur farið að skoða vetnisknúin farartæki.



Uppbygging rafhleðslukerfa gengur vel á Íslandi og mun án efa hraða rafbílavæðingunni. Það mættu menn taka sér til fyrirmyndar varðandi uppbyggingu innviða í þjónustu við gasknúnar bifreiðar.



Hönnun nýjasta Nissan Leav-rafbílsins þykir afar vel heppnuð og hefur ekki verið hægt að anna eftirspurn eftir slíkum bílum á Íslandi.



Lithium Ion-rafhlöður í undirvagni Volkswagen-bifreiðar. Snjöll hönnun en deilt er um hvort notkun slíkra rafhlaða sé eins umhverfisvæn og margir vilja vera láta. Þá telja sérfræðingar Helmholtz-stofnunarinnar í Þýskalandi að hráefnið í slíkar rafhlöður í heiminum dugi ekki til margra áratuga.

Örört vaxandi eftirspurn mun flýta þurrð á cobalti

Að sögn prófessors Stefano Passerini, sem stýrði úttekt Helmholtz-stofnunarinnar, er ljóst að ört vaxandi eftirspurn eftir rafknúnum bílum með lithium-rafhlöðum mun stórauka ásókn í cobalt-námur heimsins sem mest er af í Kongó. Með ört vaxandi eftirspurn eftir lithium-rafhlöðum mun líka ganga ört á combalt-birgðir heimsins.

Aukin eftirspurn mun leiða til verðhækkunar

Giska Pesserini og félagar á að framleiðslan á þessum rafhlöðum muni tífaldast innan tiltölulega skamms tíma. Verð á rafhlöðum mun því hækka ört því framleiðslan á cobalti mun ekki halda í við eftirspurnina á rafhlöðunum. Í ofnaálag, þá eru helstu combalt-námurnar í ríkjum sem þekkt eru fyrir pólitíska óstöðugleika. Af þeim ástæðum m.a. telja skýrsluhöfundar að skortur geti orðið á lithium-rafhlöðum fyrr en ella.

Nauðsynlegt að finna nýja rafhlöðutækni

„Vegna þess er óhjákvæmilegt að auka rannsóknir í leit að rafhlöðutækni sem getur tekið við af lithium-Ion batteríunum," segir dr. Daniel Buchholz hjá HIU. Þetta er því greinilega orðið aðkallandi mál og setur stórt spurningarmerki við skilyrðislausa rafbílavæðingu. Nema menn noti íslenska hugsunarháttinn á þetta og segi „þetta reddast".

Skýrsluhöfundar HIU mæla með að þegar verði farið að gæta að sparnaði í rafhlöðunotkun og endurvinna eins mikið og hægt er af rafhlöðum til að lengja þann tíma sem jarðarbúar geta notað þennan kost.

Rafhlöður eru um 20% af framleiðslukostnaði bíls

Líftími lithium-rafhlaða er talinn vera allt að 8 til 10 ár þar til skipta þarf um. Rafhlöðurnar einar og sér geta verið sem svarar um 20% af framleiðslukostnaði á nýjum bíl. Í dag er því ekki talið sjálfgefið að það borgi sig að setja nýjar dýrar rafhlöður í tíu ára gamlan rafbíl. Miðað við spár vísindamanna um hækkandi verð á slíkum rafhlöðum, þá er nokkuð víst að eigendur rafbíla þurfa mögulega að gera ráð fyrir að afskrifa rafbíla sína að fullu á endingartíma rafhlaðanna. Hugsanlega verður þó hægt að fá ódýrari endurunnar rafhlöður til að lengja líftíma bílanna um nokkur ár. Best væri hins vegar ef þá yrði búið að innleiða nýja og ódýrari rafhlöðutækni sem ekki er í sjónmáli í dag. Allavega viljum við ekki sitja uppi með tugþúsundir óseljanlegra og ónothæfra rafbíla á komandi árum. Það gæti þó mögulega orðið niðurstaðan ef marka má vísindamenn.

Renault reynir að auka nýtinguna

Bílaframleiðandinn Renault í Frakklandi hefur þegar sett á fót verkefni til að hámarka nýtingu á lithium-rafhlöðum með endurnotkun á notuðum rafhlöðum úr bílum. Búið er að hanna alla innviði til að gera þetta mögulegt, eða það sem þeir kalla E-Store systems. Hafa slík kerfi þegar verið sett upp í Belgíu og í Þýskalandi sem eiga að tryggja ódýrari hleðslu og betri endingu rafhlaðanna. Viðræður hafa verið í gangi um uppsetningu á slíku kerfi í Bretlandi og víðar um Evrópu á næstu mánuðum. Þetta kerfi byggir m.a. á því að stýra hleðslu í takt við álagstoppa á raforkukerfinu á viðkomandi stað og nýta orkuna þegar hún er ódýrust. Slíkur búnaður er þegar til í sumum hleðslutækjum sem seld eru á Íslandi.

Bílaframleiðendur huga að endurvinnslu á rafhlöðum

Endurvinnsla á „útbrunnum" lithium rafhlöðum hefur verið nokkurt feimnismál til þessa. Reyndar er þessi búnaður talsvert flókinn og hefur ekki alltaf verið talinn sérlega vænn til endurvinnslu. Bílaframleiðandinn Iveco á Ítalíu segist vera með rafhlöður í sínum glænýja raf-sendibíl sem séu þær fyrstu sem hannaðar er sérstaklega með endurvinnslu í huga.

Þá eru Japanir sagðir í fararbroddi hvað endurvinnslu á lithium-rafhlöðum varðar. Þeir hafa opnað endurvinnsluverksmiðju í bænum Namie sem leitt af 4R Energy Corporation. Það fyrirtæki er í eigu Nissan og Sumitomo Corporation. Samkvæmt grein í Enginering anda Technology (E&T), er hugmyndin að verksmiðjan geti skaffað endurunnar rafhlöður í fyrstu kynslóðina af Nissan Leaf bílunum þegar upphaflegu rafhlöðurnar verða farnar að dala. Mun verksmiðjan taka við notuðum rafhlöðum þar sem hleðslugetan er komin niður í um 80% af upphaflegri getu.

Nærri Fukushima-kjarnorkuverinu

Nýja endurvinnsluverksmiðjan er um 5 km norður af kjarnorkuverinu í Fukushima sem fór illa í jarðskjálftanum mikla 11. mars 2011. Vonast menn til að nýja verksmiðjan geti orðið efnahagsleg lyftistöng fyrir svæðið sem hefur búið við mikla erfiðleika frá hörmungunum.

Endurunnar rafhlöður á hálfvirði kosta 285 þúsund krónur

Ætlun er að selja endurunnu rafhlöðurnar í Japan á 300.000 yen, eða sem svarar um 285 þúsund íslenskum krónum. Það er sagt vera um helmingur af verði á nýrri rafhlöðu sem kostar þá sem svarar hátt í 600 þúsund krónur í Japan.

Við endurvinnslu er ekki um það að ræða að menn taki notaðar bílarafhlöður, skelli þeim í hakkavél og efnaupplausn og steypi síðan nýjar. Heldur eru menn í raun að hluta í sundur notuð batterí og endurraða saman skástu hlutunum til að nota áfram.

Það er ekki einfalt að meta hleðslugetu svona rafhlaða. Það hefur tekið sérfræðinga Nissan allt að 16 daga að greina allar 48 einingarnar í slíkum rafhlöðum, en í nýju verksmiðjunni hafa menn fundið upp aðferð til að klára slíkt verkefni á aðeins fjórum klukkustundum.

Einingar sem hafa meira en 80% hleðslugetu eru notaðar aftur í endurunnar rafhlöður fyrir Nissan Leaf. Rafhlöðueiningar sem eru með minni hleðslugetu en 80% eru notaðar í lyftara, golfbíla og önnur tæki sem nota minni orku en bílar.

Framleiðslugetan í japönsku verksmiðjunni er aðeins 2.250 samsettar rafhlöðueiningar á ári með möguleika á aukningu um nokkur hundruð einingar. Þó þetta sé vissulega í áttina er þetta nánast eins og dropi í hafið ef verið er að horfa til þess að að rafbílar komi í stað milljóna hefðbundinna bensín- og dísilknúinna bíla. Vinnslukerfi verksmiðjunnar á þó einnig að nýtast fyrir notaðar rafhlöður úr nýjustu Nissan bílunum sem eru talsvert öðruvísi samsettar en í elstu bílunum.

Rafbílar eru um margt sniðug farartæki sem ættu að vera kjörin lausn fyrir Íslendinga og gæti styrkt okkar hreinleikaímynd. Þar verða menn þó að hafa í huga að sjálfbær framleiðsla á raunverulega umhverfisvænum rafhlöðum virðist alls ekki alveg í sjónmáli. A meðan væri líklega mun skynsamlegra og þjóðhagslega hagkvæmara að auka vægi bifreiða sem nýtt geta innlent metangas. Stórminnka þá um leið losun gróðurhúsalofttegunda.

Fáðu heyrnartæki til prufu



Um árabil hefur Heyrnartækni veitt þjónustu víðs vegar um landið. Við bjóðum upp á mikið úrval vandaðra heyrnartækja í ólíkum verðflokkum. Kannaðu hvenær Árni Hafstað heyrnarfræðingur verður næst í nágrenni við þig.



Akureyri | Akranes | Egilsstaðir | Reykjanesbær | Selfoss | Siglufjörður | Vestmannaeyjar

Bókaðu tíma í síma 568 6880 eða á www.heyrnartaekni.is

Heyrnartækni

Heyrnartækni | Glæsibæ | Álfheimum 74 | 104 Reykjavík | Landsbyggðaþjónusta | Sími 568 6880

Flatbökusamsteypan bakar alíslenska flatböku

– Listrænn gjörningur sem er ætlað að vekja athygli á gildi staðbundinnar matvælaframleiðslu

Flatbökusamsteypan er heiti á verkefni sem nokkrir nemendur í listnámi, hönnun og umhverfisfræðum tóku höndum saman um sumarið 2016, með það að markmiði meðal annars að vekja fólk til umhugsunar um gildi staðbundinnar matvælaframleiðslu. Leiðin að því markmiði var að búa til íslenska flatböku (pitsu), með alíslensku hráefni.

Eveline Bünter er ein þeirra sem mynduðu hópinn. Hún segir að verkefnið eigi uppruna í vinnustofunni Konnect, sem skipulögð er af Háskóla Íslands og Listaháskóla Íslands. Tilgangur hennar sé að fá hönnuði og listamenn til að vinna með vísindamönnum að verkefnum þar sem umhverfisfræðileg vandamál eru kynnt almenningi. Flatbökusamsteypan sé hópur sem varð til í slíkri vinnustofu og hefur síðan unnið saman.

Ekki viðskiptalegs eðlis

Eveline er verkefnisstjóri Flatbökusamsteypunnar og talsmaður hennar. Hún segir að verkefnið hafi aldrei verið rekið í viðskiptalegum tilgangi og ekki sé ætlunin að gera það. Það sé því ekki á döfinni að opna pitsustað. Verkefninu sé einungis ætlað að fræða fólk um neyslu matvæla og vekja áhuga á uppruna þeirra og hvaða áhrif neyslan hefur. Hópurinn vilji hvetja fólk til að velja staðbundna framleiðslu umfram innflutta, ef það hefur val. Engin gróðasjónarmið liggi að baki verkefninu og markmiðið sé einungis að deila hugmyndafræðinni eða hugsunarhættinum.

Sjálf er Eveline útskrifuð úr vöruhönnun, eins og einn annar úr hópnum, sem samanstendur annars af tískuhönnuði, tveimur sem hafa menntað sig í listum og einum háskólanema sem leggur stund á umhverfis- og auðlindafræði. Ekkert þeirra er með bakgrunn í landbúnaði eða matvælaframleiðslu, en hafa rannsakað mengunaráhrif innfluttra matvæla á umhverfið og ákváðu á þeim forsendum að nota þau sem miðil til að koma vandamálinu á framfæri. Allir þurfa að borða og flatbakan er þess eðlis að flestum líkar við hana. Því þótti þeim nærtækt að nota hana í verkefnið.

Vonandi verður framhald á verkefninu

Þau unnu öll frá byrjun að verkefninu og allt þar til þau útskrifuðust og kláruðu heimildamynd um verkefnið. Eveline segir að hún sé nú ein eftir til að miðla tilgangi verkefnisins og deila því með fólki. Hún vonast til að haldið verði áfram með verkefnið í framtíðinni; hvort sem það verði hópurinn hennar eða annað fólk sem gæti unnið frekar úr hugmyndinni eða þróað annað sem hefði svipuð markmið; að hvetja til staðbundinnar framleiðslu. Það gæti verið matvælaframleiðsla eða á öðru sviði í íslensku hagkerfi.

Kjarni verkefnisins snúist nefnilega um sjálfbærni og þær umhverfislegu áskoranir sem við stöndum frammi fyrir í dag. Bæði um það að fólk sé meðvitað um umhverfisáhrif innfluttra matvæla, en einnig um valið þegar matvæli eru keypt úti í búð. Markmiðið er að fólk fari að taka ábyrgð á vali sínu um það hvers það neytir. Við viljum hvetja til staðbundinnar hugsunar frekar en alþjóðlegrar í þessu sambandi. Hin hliðin á þessu er fjölbreytni og gæði matvörunnar. Að kaupa staðbundna framleiðslu, sem þarf að flytja mun styttri vegalengdir en þá innfluttu, hefur ekki einungis minni neikvæð umhverfisáhrif heldur bragðast betur og styður við innlenda framleiðslu og efnahag.

Engin þörf á miklum innflutningi

Eveline segir að flatbakan hafi verið nærtækur kostur, ekki einungis af því að flestir kunni vel að meta hana heldur líka af því að hún er mjög alþjóðlegur matur – sem þú getur í raun keypt í hvaða landi sem er. Hún sameinar fólk og það hefur skoðanir á því hvernig hún á að vera. Hópnum hafi því þótt sniðugt að taka slíkan alþjóðlegan rétt og setja í íslenskt samhengi með innlendu hráefni – og til að sýna fólki að það er mögulegt og í raun auðvelt að taka rétta ákvörðun og velja staðbundna framleiðslu. Eveline segir það leiðigjarnt og takmarkandi að borða til dæmis bara fisk og kartöflur, líkt og gert var hér áður fyrr. Hægt sé að matreiða slíkan mat á gómsætan hátt með því sem er nágrenni okkar; ekki sé þörf á svo miklum innflutningi.

Enginn sykur, ekkert ger og enginn pipar

En er það endilega öruggt að hægt sé að fá gott íslenskt hráefni til flatbökugerðar? Eveline segir að þegar þau hafi verið komin með hugmyndina að verkefninu vissu þau að það myndi ganga upp með einum eða öðrum hætti, en óvíst væri með gæðin á afurðinni – sjálfri flatbökunni. Þau tóku hefðbundna grunnuppskrift og útilokuðu það hráefni sem ekki var hægt að ná í hér á landi, eins og ger, sykur og pipar. Í byrjun voru þau efins um að geta náð í íslenskt hveiti, en vissu að þau gætu þá til dæmis gert bygg-flatböku í staðinn. Þau fréttu hins vegar af Fjólu Kjartansdóttur í Birtingaholti og vörumerki hennar Ískorn, en undir því framleiðir hún einmitt hveiti í Hrunamannahreppnum.



Tómatsósa á súrdeigsbotni og fersk íslensk bergmynta ofan á.



Eveline Bünter og Guðfinnur Jakobsson í Skaftholti. Myndir / Flatbökusamsteypan

Íslenska hráefnið

Bændurnir og framleiðendurnir sem lögðu til hráefnið fyrir bakstur íslensku flatbökunnar eru eftirtaldir:

- Fjóla Kjartansdóttir, Birtingarholti (Ískorn, hveitiræktun)
- Norðursalt, Reykhólum (sjávarsalt)
- Guðfinnur Jakobsson og Gerhard Plaggenborg, Skaftholti (Guada-ostur og jurtir)
- Rjómabúið Erpsstöðum – skyrálegg
- Flúðasveppir (sveppir)
- Engi (kryddjurtir og grænmeti)
- Tómas Ponzi, Brennholti (tómatar)
- S Helgason (múrsteinar og annar efniviður í pitsuofn)

Síðan tóku þau ákvörðun um að nota súrdeig og gera súrdeigsbotn fyrir flatbökuna. Þannig komust þau líka hjá því að nota lítið magn sykurs, sem er notað til að gangsetja gerjun deigsins.

Nóg af góðum ferskum kryddjurtum

Í byrjun voru þau líka efins um að geta náð í tilskildar kryddjurtir til að flatbakan myndi bragðast nægilega vel. En þau komust fljótlega að því að það er til nóg af ferskum íslenskum kryddjurtum í gróðurhúsum og líka hvítlaukur. Íslenskt sjávarsalt var auðvelt að fá og svo komust þau í kynni við tómatabóndann Tómas Ponzi, sem að sögn Eveline framleiðir svo góða tómata – með svo mögnuðu bragði – að ekki var þörf fyrir fjölbreytilegt krydd.

Með heimsóknum til bænda komust þau að raun um gæði hráefnisins og fjölbreytileika staðbundinnar matvælaframleiðslu. Flatbakan sjálf bragðaðist að sögn Eveline öðruvísi en þau eiga að venjast, en hún var mjög bragðmikil. Hún segir að þau hafi í byrjun ekki gert sér vonir um að hún yrði jafn góð og raun varð á.

Heimildamyndin um leiðangurinn

Ásamt því markmiði að athuga hvort það væri hægt að búa til flatböku úr fullkomlega staðbundnu hráefni ákváðu þau að búa til heimildamynd um leiðangurinn, sem hægt væri að deila með almenningi og hvetja um leið fólk til að gera eigin kannanir. Eveline segir að þau vilji ekki predika yfir fólki og segja því hvað það á að gera. Þau vilji hins vegar sýna fram á að þetta sé skemmtilegur og gómsætur könnunarleiðangur sem það geti sjálft farið í. Það sé einmitt ástæðan fyrir því að þau ætli ekki að gera verkefnið að viðskiptahugmynd; opna veitingastað með einkaleyfi á tiltekinni uppskrift. Verkefnið eigi einmitt að vera aðgengilegt og opið öllum – og þau vonist til að fólk deili því með afriti það og deili með vinum, svo þeir geti deilt því áfram. Þess vegna er myndbandið aðgengilegt á vefnum fyrir alla til að njóta án þess að þurfa að greiða fyrir. Því fleiri sem munu sjá það og vita af því, því fleiri munu velta því fyrir sér hvað þeir kaupa og borða.

Myndbandið sé heimildarskráning verkefnisins, sendiboði hugmyndarinnar, en að sögn Eveline jafnast þó ekkert á við reynsluna við að uppgötva góðan staðbundinn mat og bragða á fjölbreyttum afurðum framleiðenda.

Hreyfanlegur pitsuofn

Eveline kynnti verkefnið á umhverfishátíð sem haldin var á dögunum í Norræna húsinu, og gerðu þau Sveinn Kjartansson, veitingamaður á AALTO Bistro, alíslenska flatböku saman. Hún er opin fyrir því að kynna verkefnið á fleiri slíkum viðburðum, en þó sé ekkert skipulagt framhald á því. Í byrjun hafi það verið draumur þeirra að búa til hreyfanlegan pitsuofn og ferðast með hann um Ísland, sýna myndbandið og baka flatböku með heimafólki og staðbundnum framleiðendum. En því miður hafi flestir úr hópnum þurft að yfirgefa verkefnið og eru farnir utan til vinnu eða náms.

Sjálf ætlar Eveline að flytja bráðlega til London þar sem hún vonast til að geta safnað saman nýjum hópi til að halda áfram með sambærileg verkefni. Hún er þó ekki búin að gefa upp á bátinn drauminn um ferðalag Flatbökusamsteypunnar um Ísland, segist jafnvel vonast til að geta gert það næsta sumar eða þarnæsta – þegar hún snýr aftur til Íslands.

Heimildamyndbandið má finna í gegnum vef Flatbökusamsteypunnar, flatbokusamsteypan.com.

/smh




Magnús Leópoldsson lögg. fasteignasali
FASTEIGNAMIÐSTÖÐIN
Hlíðasmára 17, 201 Kópavogur - Sími 550 3000 - Gsm 892 6000

Gott framboð af áhugaverðum jörðum og tækifærum í ferðaþjónustu.


fasteignamidstodin@fasteignamidstodin.is - www.fasteignamidstodin.is
María Magnúsdóttir hdl. lögg. fasteignasali - Sjöfn Ólafsdóttir lögg. fasteignasali





BRIGGS & STRATTON
Framúrskarandi fyrirtæki
Mótorar og varahlutir á lager
Hröð og góð þjónusta
Dreifingaraðili BRIGGS & STRATTON á ÍSLANDI
MHG VERSLUN EHF 544-4656 - MHG.IS

RAFMÓTORAR



SCANVER EHF 588 80 40 www.scanver.is
GÍRAR - FÆRIBÖND - RAFMÓTORAR - LEGUR





JOHN DEERE OLÍUR
NÚNA ER RÉTTI TÍMINN TIL AÐ YFIRFARA VÉLARNAR OG TÆKIN
Hágæða vörur sem henta sérstaklega öllum John Deere dráttarvélum og einnig öllum öðrum gerðum dráttarvéla
VB LANDBÚNAÐUR ehf. VB Agriculture ltd.
www.VBL.is
REYKJAVÍK Krókháls 5F 110 Reykjavík Sími: 414-0000
AKUREYRI Baldursnes 2 603 Akureyri Sími: 464-8600

Eygló Björk Ólafsdóttir er nýr formaður framleiðenda í lífrænum búskap:

Nauðsynlegt að stjórnvöld móti sérstaka stefnu

– Erum áratugum á eftir öðrum þjóðum

Sigurður Már Harðarson
smh@bondi.is



Aðalfundur VOR, Verndun og ræktun – félags framleiðenda í lífrænum búskap, var haldinn á Reykjum í Ölfusi þann 6. apríl síðastliðinn. Eygló Björk Ólafsdóttir tók í kjölfarið við sem nýr formaður félagsins af Gunnþóri Guðfinnssyni. Hún segir nauðsynlegt fyrir framþróun lífræns landbúnaðar að stjórnvöld móti sérstaka stefnu fyrir hann.

Aðrir í stjórn eru Guðfinnur Jakobsson, Guðmundur Ólafsson ritari, Kristján Oddsson gjaldkeri og Þórður G. Halldórsson.



Eygló Björk Ólafsdóttir er nýr formaður framleiðenda í lífrænum búskap.
Mynd / Úr einkasafni

Erum með lægstu hlutdeildina í Evrópu

Óhætt er að segja að Íslendingar hafi dregist enn meira aftur úr mörgum evrópskum nágrannalöndum sínum á undanförnum árum, þegar borin er saman þróun á hlutdeild lífrænt vottaðra afurða í heildar búvöruframleiðslunni. Hér ríkir í besta falli stöðnun en markviss framþróun hefur orðið í mörgum Evrópulöndum – hjá þeim sem við berum okkur gjarnan saman við.

Eygló segir lífrænt vottaða matvælaframleiðslu fara vaxandi í flestum löndum. „Evrópusambandið veitir til dæmis hlutfallslega meiri stuðning til lífræns landbúnaðar en hefðbundins. Áherslur þess munu vaxa á næstu árum, flest lönd eru nú með vottað land á bilinu 5–17 prósent þó eru dæmi um nær 30 prósent eins og í Austurríki. Danir leggja allt kapp á að auka hlutdeild lífræns landbúnaðar í kjölfar mengunarmála sem þar hafa komið upp og tengjast þaulræktun og efnanotkun í landbúnaði auk þess sem eftirspurn frá neytendahliðinni er að aukast. Í Evrópu standa framleiðendur ekki undir eftirspurn og því er mikill innflutningur á vottuðu lífrænu hráefni annars staðar frá.

Á Íslandi erum við enn föst með í kringum 30 framleiðendur og annað eins í fullvinnslu – og í kringum 1,5 prósent af ræktunarlandi er vottað lífrænt sem gerir það að verkum að við erum líklega á botni lista Evrópulanda í útbreiðslu vottaðs lífræns ræktunarlands. Þetta er afleitt í ljósi þess að lífræn vottun er eitt strangasta gæða- og umhverfismerki á matvælum í dag – og Ísland ætti að geta skipað stóran sess sökum þess hvað kringumstæður eru góðar hér til að stunda lífrænan landbúnað," segir Eygló.

Dræmur áhugi á aðlögunarstuðningi

Einungis ein gild umsókn barst Búnaðarstofu síðasta haust um stuðning við aðlögun að lífrænum landbúnaði, þrátt fyrir að heildarstuðningur hafi í síðustu búvörusamningum verið aukinn úr 3,5 milljónum króna árlega í 35 milljónir króna. Í reglum um aðlögunarstyrkina er gert ráð fyrir að hægt sé að styrkja hvern umsækjanda að hámarki um helming af áætluðum kostnaði við aðlögunina.

Að sögn Eyglóar var um mikilvægt skref að ræða því stuðningurinn sé stór þáttur í því að lífrænt vottaður landbúnaður geti breiðst út. „Ef til vill var það óraunhæft að þetta hefði áhrif strax á fyrsta ári. Fólk verður að átta sig á því að þetta er langhlaup og við erum nú þegar áratugum á eftir öðrum þjóðum í að efla þessa atvinnugrein. Það þarf einnig að móta stefnu fyrir lífrænan landbúnað en í slíkri stefnu þarf að taka á öllum þáttum svo sem rannsóknum, hlutverki stofnana eins og Landbúnaðarháskóla Íslands og það þarf að upplýsa neytendur um gildi lífrænnar ræktunar. Það hlutverk taka stjórnvöld iðulega að sér í þeim löndum sem hafa sett sér stefnu og hjálpa þannig til við að styrkja markaðinn.

Einnig þarf að skoða hvernig megi skapa almenna framleiðsluhvata undir formerkjum búvörusamnings."

Varðandi það hvort vottunar- og aðlögunarferlið geti latt bændur til að sækja um, segir Eygló að það sé auðvitað ákveðið vesen sem fylgi því og pappírsvinna. „Ég held samt að menn séu að mikla þetta fyrir sér og í landbúnaði hljóta menn að vera ýmsu vanir nú þegar í skýrslugerð og pappírsstússi í atvinnugrein sem er að verða sífellt tæknivæddari – og miklar kröfur eru gerðar til líkt og á við um alla matvælaframleiðslu. Það er verst fyrst en venst og verður auðveldara þegar búið er að tileinka sér vinnubrögðin. Ég held að við séum með góðar og skilvirkar stofnanir og ekki tilefni til að halda að það sé erfiðara hér að ganga inn í kerfið en annars staðar.

En með því að sækja um vottun þá eru menn auðvitað að skuldbinda sig til að standast kröfur í alþjóðlegu kerfi, lífræn vottun er ein strangasta og heildstæðasta gæðavottun sem til er í dag og því fylgir auðvitað dálítil vinna."

Innganga í Bændasamtök Íslands mun hjálpa

Á Búnaðarþingi 2018 var samþykkt aðildarumsókn frá félaginu og segir Eygló að það muni án efa hjálpa til við að móta félagið betur. „Félagið er opið að því leyti að þar eru aðalfélagar þeir sem eru með vottun, en aukafélagar geta þeir orðið sem vilja tilheyra lífrænu hreyfingunni og leggja málefnum hennar lið.

Ég myndi vilja sjá VOR þróast á þá leið að það yrði vettvangur ekki síður fyrir þá sem stunda fullvinnslu með lífrænt vottað hráefni. Fullvinnslan er mjög mikilvæg til verðmætasköpunar og þar með að skapa eftirspurn fyrir lífrænan landbúnað og mjög mikilvægt að fólk tengist og eigi samtal. Það þarf að hleypa meira lífi í nýsköpun og þróun neytendavara sem byggja á hráefni sem ræktað er hér á landi og þar geta falist tækifæri til útflutnings. Endurreisn fagráðs er í burðarliðnum sem vonandi eykur möguleika á rannsóknum og fræðslustarfi, það þarf til dæmis að leysa áburðarmálin á stórum skala – finna áburð sem stenst kröfur til að auka útbreiðsluna enda ekki raunhæft að ætla öllum að finna upp hjólið. Það gæti verið gaman ef það tækist að ná því að stöðva urðun og aðra sóun á lífrænum úrgangi og framleiða í staðin verðmætan áburð fyrir lífræna ræktun. Eitt af meginverkefnum lífrænnar ræktunar er einmitt að stuðla að hringrás efnanna.

VOR er auk þess að taka að sér verkefni í samvinnu við atvinnu- og nýsköpunarráðuneytið og BÍ um ráðstöfun á eftirstöðvum fjármuna sem átti að veita til aðlögunar í lífrænum landbúnaði á árinu 2017. Með þessu verkefni mun VOR taka virkan þátt í að kynna möguleika í þessari atvinnugrein fyrir bændum og eiga í samtali við þá til að greina hvar tækifærin liggja og deila reynslu þeirra sem nú þegar eru í kerfinu."

Eftirspurn eykst eftir lífrænt vottuðum vörum

Þrátt fyrir að íslenskum bændum í lífrænt vottuðum búskap hafi ekki fjölgað á síðustu árum, virðist aldrei hafa verið meiri eftirspurn á Íslandi eftir vörum með lífræna vottun. Vöruframboð á innfluttum vörum ber vott um það. „Markaðurinn er að stækka og hann mun halda áfram að stækka. Ný reglugerð mun færa framleiðendum aðgang að vottunarmerki Evrópusambandsins og skapa tækifæri til útflutnings," segir Eygló.

„Á Íslandi eru að þróast fullvinnslugreinar sem eiga að geta skapað aukna eftirspurn eftir lífrænt vottuðu hráefni og þá er það eiginlega skylda okkar að rækta það eða framleiða hér á landi ef við getum í stað þess að flytja það inn. Það er tilefni til að skoða þetta allt og ræða hvernig við getum búið til þessi tækifæri í framtíðinni. Samvinna er örugglega lykilatriði en mótun stefnu fyrir lífrænan landbúnað er frumskilyrði til að skapa hvata á öllum stigum. Ekki má gleyma þeirri staðreynd að lífrænt ræktaður jarðvegur bindur mun meira kolefni til lengri tíma og gegnir því hlutverki í að uppfylla alþjóðlegar skuldbindingar í loftslagsmálum. Ég held að það njóti allir góðs af því að hlutdeild lífrænnar ræktunar aukist á Ísland og VOR ætlar að leggja sitt af mörkum til þess," segir Eygló.

Heimsóknir sjálfboðaliða verði viðurkenndar

Á aðalfundinum var ályktun um sjálfboðaliðaheimsóknir í lífrænum landbúnaði samþykkt. Þar er því beint til yfirvalda að heimsóknir á vegum slíkra formlegra samtaka verði viðurkenndar hér á landi enda gegni þær hlutverki í útbreiðslu lífrænna ræktunaraðferða. VOR undirstriki með henni mikilvægi þess að Ísland taki þátt í þessu félagslega kerfi lífrænu hreyfingarinnar.

Í ályktuninni kemur fram að slík samtök hafi mörg hver starfað um árabil með velþóknun yfirvalda og almennings; meðal annars á Norðurlöndum og meginlandi Evrópu.

„Með þessum ferðamáta gefst fólki færi á að fá innsýn í starfsemi sem grundvallast á lífrænni ræktun og atvinnutækifærum sem í henni felast. Þetta er mikilvægt til að laða starfsfólk að greininni og veita bændum framtíðarinnar innsýn og þekkingu á ræktun og matvælaframleiðslu sem hefur sjálfbærni að leiðarljósi. Þetta er einnig kallað „óformleg menntun" en þessi ferðamáti er leið til að miðla þekkingu, hljóta endurmenntun og stunda rannsóknir. Hefð er fyrir því hérlendis sem og í flestum löndum Evrópu, að slíkar skammtíma heimsóknir og þátttaka séu leyfilegar á 3 mánaða dvalartíma sem gildir um ferðamenn, enda er ekki um vinnu-samband eða launagreiðslur að ræða," segir í ályktuninni. */smh*



Eymundur Magnússon og Eygló Björk Ólafsdóttir eru með lífrænt vottaðan landbúnað í Vallanesi á Fljótsdalshéraði.
Mynd / smh

Búminjasafnið Lindabæ Sæmundarhlíð Skagafirði





Opnar 2. júní og opið alla daga til 15. ágúst milli kl. 13 og 17.
Til sýnis gamlar uppgerðar dráttarvélar og ýmsir búhlutir. Sími: 453-8187/846-9237.

buminjasafn@gmail.com -buminjasafnid.wordpress.com - www.facebook.com/buminjasafnid



Menningarsjóður Kaupfélags Skagfirðinga | SÓKNARÁÆTLUN NORÐURLANDS VESTRA | *Verið velkomin.*

UNDIRVAGNSVARAHLUTIR
Í ALLAR STÆRÐIR OG TEGUNDIR BELTAVÉLA




- ✔ KEÐJUR Á BELTAVÉLAR
- ✔ HLIÐARDRIF
- ✔ BELTASTREKKJARAR
- ✔ FRAMHJÓL
- ✔ RÚLLUR
- ✔ TANNHJÓL
- ✔ GÚMMÍBELTI

TerraTrack®

ASTRAK® FOR THE BEST ON EARTH™

Hýsi-Merkúr hf. | Lambhagavegur 6 | 113 Reykjavík
534 6050 | merkur@merkur.is | www.merkur.is

MERKÚR



FLUGUVARNIR – MARGAR GERÐIR

- Flugnabani, 3 gerðir
- Flugnapappír 7m x 30cm
- Flugnaspjöld 60 x 34 cm
- Flugnagildra
- Flugnabani 100g



VB LANDBÚNAÐUR ehf. VB Agriculture ltd.

www.VBL.is

REYKJAVÍK
Krókháls 5F
110 Reykjavík
Sími: 414-0000

AKUREYRI
Baldursnes 2
603 Akureyri
Sími: 464-8600

STARTARAR OG ALTERNATORAR
fyrir allar gerðir bíla, báta og vinnuvéla

Glerárgata 34b v/ Hvannavelli · 600 Akureyri
Sími: 461 1092 · E-mail: asco@asco.is

ÁSCO

ÖRYGGISSKÓR FRÁ ATLAS

Flytjum inn og seljum vandaða öryggisskó frá Atlas í Þýskalandi.

Múrlagerinn er umboðsaðili Atlas á Íslandi og eigum við um 200 pör á lager.

Gæðavara á góðu verði!

SENDUM UM LAND ALLT



MÚRLAGERINN
...fyrir fagmanninn og þig líka

Múrlagerinn / Súluvegi 2, 600 Akureyri / S. 660 6469 / murlagerinn@gmail.com

Bændablaðið
Næsta blað kemur út 7. júní

IÐNAÐARHURÐIR
BÍLSKÚRSHURÐIR



- Íslensk framleiðsla, smíði og samsetning.
- Allar hurðir smíðaðar samkvæmt máli.
- Áratuga reynsla starfsmanna í hurðum.
- Hágæða hráefni.
- Þolir íslenskt veðurfar.
- Sér meðhöndlaðar brautir gegn ryði og álagi.
- Stuttur afgreiðslutími.

IS HURÐIR

IS Hurðir | Sími 564 0013 | www.ishurdir.is | ishurdir@ishurdir.is

Hópur áhugafólks og hagsmunaaðila hittist í Hörpu:

Hvernig á að auka milliliðalaus viðskipti með matvörur?

Í byrjun mars var haldin ráðstefna í Hörpu um milliliðalaus viðskipti með matvörur undir yfirskriftinni „Gerðu þér mat úr Facebook“. Matarauður Íslands og Bændasamtökin tóku höndum saman og stóðu fyrir viðburðinum þar sem finnski bóndinn og frumkvöðullinn Thomas Snellman var aðalfyrirlesari. Eftir fyrirlestra var haldin vinnustofa þar sem fundargestir veltu því fyrir sér hvað skipti mestu máli til þess að milliliðalaus viðskipti með mat geti þrifist hér á landi.

Thomas Snellman er lesendum Bændablaðsins að góðu kunnur en hann hefur skipulagt svokallaða REKO-hringi á Facebook. Þeir ganga í stuttu máli út á að miðla matvörum á milli framleiðenda og neytenda. REKO er skammstöfun fyrir orðasambandið „Rejäl konsumtion“ sem þýða má sem „heiðarleg neysla“. Í Finnlandi hefur söluaðferðin slegið í gegn og nú eru ríflega 300 þúsund manns sem nýta sér milliliðalaus samskipti við bændur og aðra smáframleiðendur í gegnum Facebook til þess að verða sér úti um fjölbreyttar matvörur, kjöt, grænmeti, osta, egg og fleira.



Thomas Snellman ferðast víða veröld til þess að kynna starfsemi finnsku REKO-hópanna sem hafa slegið í gegn. Milliliðalaus sala frá bændum til neytenda hefur aukið tekjur margra finnskra bænda. Myndir / TB

Kaupendur panta og seljandi afhendir á einum stað

Salan gengur þannig fyrir sig að seljendur auglýsa hvað er í boði á sameiginlegri Facebook-síðu seljenda. Hverju sinni er auglýstur afhendingarstaður og tímasetning sem stjórnandi REKO-síðunnar ákveður í samráði við framleiðendur. Kaupendur leggja inn pantanir og framleiðandinn mætir svo á afhendingarstaðinn með vöruna. Þannig geta t.d. 5–15 framleiðendur tekið sig saman og komið fjölbreyttum vörum til neytenda á sama stað og sama tíma. Samkoman á ekki að taka meira en klukkutíma þannig að framleiðandinn þarf ekki að eyða dýrmætum tíma sínum við söluborð eins og ef um hefðbundinn matarmarkað væri að ræða.

Möguleiki til veltuaukningar

Í Finnlandi og víðar hafa bændur náð að auka veltuna umtalsvert með þátttöku í REKO-sölusíðunum. Thomas sagði frá því að á milli áranna 2013 og 2016 hafi framleiðendum fjölgað hratt, úr 15 í 3.700 manns og kaupendum úr 400 í 250.000 manns. Veltan á þessum þremur árum fór úr 80.000 evrum, (um 10 milljónum íslenskra króna) í 30 milljónir evra (um 3,7 milljarðar króna).

Lykillinn að þessum hraða vexti var meðal annars gríðarlegur áhugi finnskra fjölmiðla og greindi Thomas frá því að eitt árið hafi verið tekið viðtal við hann að meðaltali þriðja hvern dag. Eins hafa finnsk stjórnvöld stutt við þetta fyrirkomulag með því að aðlaga regluverkið að því.

Sóknarfæri fyrir íslenska bændur og smáframleiðendur?

Aðrir fyrirlesarar á ráðstefnunni voru Brynja Laxdal frá Matarauðnum sem fjallaði um reynslu af matarmarkaði á Facebook hérlendis og Arnar Gísli Hinriksson sem ræddi um markaðssetningu á Netinu. Í máli þeirra kom meðal annars fram hversu mörg sóknarfæri felast í markaðssetningu og kynningu á mat á Netinu. Erindin eru aðgengileg á vefsíðunni bondi.is.



Brynja Laxdal, verkefnastjóri Matarauðs Íslands.

Eftir ráðstefnudagskrána var haldin vinnustofa þar sem þátttakendur veltu þeirri spurningu fyrir sér hvað skipti mestu máli svo milliliðalaus viðskipti með matvörur geti átt sér stað. Fólk úr ýmsum áttum tók þátt; bændur, smáframleiðendur, verslunarfólk, hönnuðir, kokkar, ráðgjafar, almennir kaupendur og fleiri.

Samvinna og einfaldara regluverk þarf að koma til

Vinnustofan fór þannig fram að fundargestum var skipt upp í nokkra hópa. Á öllum borðum var skipst á skoðunum og tillögur og hugmyndir skrifaðar niður á litla miða. Þeir voru síðan hengdir upp á vegg og loks var kosið um bestu hugmyndirnar.

Þegar niðurstöður voru dregnar saman í lokin kom í ljós að enginn skortur er á hugmyndum eða tillögum til umbóta. Fólki er tíðrætt um flókið regluverk og starfsumhverfi þeirra sem selja vörur milliliðalaust til neytenda.



Kristinn Hjálmarsson stjórnaði vinnustofunni sem byggðist meðal annars á því að móta hugmyndir, koma þeim á blað og kjósa um ágæti þeirra. Jóhannes Sveinbjörnsson bóndi er í forgrunni en til hliðanna má m.a. sjá þau Stellu Dögg Blöndal og Þóri Hrafnsson.



Fundargestum var skipt upp í hópa og hver um sig ræddi um hugmyndir og tillögur til þess að efla milliliðalaus viðskipti með matvörur.

Helstu niðurstöður vinnustofunnar

1) **Stofna sameiginlega REKO-sölusíðu** smáframleiðenda fyrir hvert svæði.

2) **Efla samvinnu s**væðisbundinna smáframleiðenda með áherslu á vöruþróun og gæði.

3) **Styrkja markvissa markaðssetningu** innan svæða þannig að bæði kaupendur (neytendur, veitingamenn, kjötiðnaðarmenn, hótel, heildsalar) og seljendur (bændur, sjávarfang/fisksalar, smáframleiðendur) viti af og nýti sölusíðuna.

4) **Skoða þarf regluverkið** í kringum smáframleiðendur. Hérlendis kvarta smáframleiðendur yfir því meðal annars að nýja reglugerðin um lítil matvælafyrirtæki hafi breytt litlu. Þeir gagnrýna að hún miði við framleiðslu á viku í stað meðaltals á viku yfir árið og að hámarksmagn sé of lítið.

Rúmlega 2.000 meðlimir í íslenska REKO-hópnum

Fyrir ári síðan var stofnaður íslenskur REKO-hópur á Facebook með heitinu „Matarmarkaður á Facebook – REKO.“ Hópnum var stjórnað af Inga Birni Sigurðssyni frumkvöðli eftir hugarflugsfund veitingamanna, frumframleiðenda og matarfrumkvöðla sem haldinn var með stuðningi og samvinnu við Matarauð Íslands. Tilgangurinn var að sameina smáframleiðendur undir einn hatt, auka aðgengi og sýnileika og færa framleiðendur ofar í virðiskeðjuna.

Brynja Laxdal hjá Matarauðnum fór yfir það á ráðstefnunni í Hörpu hvernig reynslan var af hópnum. Í máli hennar kom fram að hópurinn hafi verið lítið auglýstur nema rétt í upphafi og því ekki allir smáframleiðendur sem vissu af honum. „Ástæðan er m.a. sú að ákveðið var að prófa hvernig svona hópur gengi áður en fyrirkomulagið yrði auglýst innan svæða,“ sagði hún.

Þegar farið var yfir hópinn í mars síðastliðnum kom í ljós að seljendur voru alls 46, 22 bændur, 17 smáframleiðendur og 7 með fisk eða annað sjávarfang. Kaupendurnir voru þá tæplega 1.900, þar af 49 veitingamenn, 3 kjötiðnaðarmenn, 6 hótel og 7 heildsalar og rúmlega 1.800 almennir neytendur.

„Í upphafi var sent bréf á framleiðendur en um 10% þeirra vildu upphaflega vera með. Þeir sem ekki vildu vera með sögðu að þeir vildu ekki baka sér óvinsældir hjá smásölum eða birgjum, höfðu ekki tíma og einn hætti við þegar hann fékk hótun frá smásala. Nánast allir hafa verið samþykktir í hópinn, enginn klagaður og viðskiptin alfarið á ábyrgð seljanda og kaupanda og ef gæðin standast ekki væntingar verður ekki frekari sala,“ sagði Brynja. Hún útskýrði að salan færi fram í gegnum Netið eða heimabanka og allir kaupendur gætu krafist reiknings.

Næstu skref REKO á Íslandi

Brynja tók saman í lokin á sínu erindi nokkrar ábendingar sem hafa safnast saman frá því að REKO-hópurinn var stofnaður. Áhugi virðist vera á því að fjölga Facebook-hópum og horfa þá til nærsamfélagsins.

„Til gamans má geta að í Finnlandi þjóna 25 Facebook-hringir 330.000 manns. eða því sem samsvarar Íslendingum í heild. Það þarf að huga að föstum afhendingarstöðum, mögulegu frysti- eða geymsluplássi og jafnvel að nokkrir aðilar tækju sig saman og skiptust á að afhenda vörur fyrir hver annan. Það mætti líka kanna samstarf við verslanir um afhendingar,“ sagði Brynja.

Um þessar mundir er leitað að fleiri bændum og öðrum smáframleiðendum til þess að styrkja net framleiðenda í sölu á Facebook. Áhugasömum er bent á að hafa samband við Brynju Laxdal hjá Matarauð Íslands í mataraudur@mataraudur.is.

Eins og áður sagði voru það Bændasamtökin og Matarauður Íslands sem stóðu fyrir ráðstefnunni í Hörpu. Til samráðs voru Klúbbur matreiðslumeistara, Neytendasamtökin, Eirný Sigurðardóttir í Búrinu og samtökin Beint frá býli. */TB*



VANTAR ÞIG STARFSFÓLK

Handafl er traust og fagleg starfsmannaveita með margra ára reynslu á markaði þar sem við þjónustum jafnt stór sem smá fyrirtæki.

Við útvegum hæfa starfskrafta í flestar greinar atvinnulífsins

Markmið okkar er að spara viðskiptavinum tíma, fyrirhöfn og fjármuni.

Suðurlandsbraut 6, 108 Rvk. | SÍMI 419 9000 | info@handafl.is | **handafl.is**

HANDAFL STARFSMANNAVEITA



Varahlutir og viðgerðarþjónusta fyrir JCB traktorsgröfur

Vélavit
Sala - Þjónusta
S: 5272600 - www.velavit.is

Er þetta ekki flott?



Til sölu hinar sérstöku súlu-Blæaspir, 2–3 m háar. 30 ára reynsla af þeim hér á landi. Þurfa lítið rými og henta vel sem stakstæð tré.

Einnig hengibirki og vörtubirki frá N-Noregi og ýmsar aðrar öðruvísi plöntur. Alaska aspir 2–3 m (Sælandsaspir, keisaraaspir og iðun). Íslenskt birki 2–3 m.

Nú er góður tími til að planta. Grænt-Land Sími: 860-5570

Bændablaðið Smáauglýsingar 56-30-300
Næsta blað kemur út 7. júní


Tilboð!


Birkitré 2–3 m. á hæð.
Tilboðsverð v. magnkaup,
10 stk., 20 stk., 30 stk. eða fleiri

Grænt Land ehf. - Flúðum
Uppl. í síma 860-5570



AVANT





Eigum til Avant sláttuvélar
120 cm með og án safnkassa
150 cm án safnkassa
Greiðusláttuvél

AVANT SLÁTTUVÉLAR OG AUKAHLUTIR

Mikið úrval aukahluta á Avant vélar
Sjá nánar á íslensku Avant síðunni: www.avanttecno.com/www



VB LANDBÚNAÐUR ehf. VB Agriculture ltd.
www.VBL.is
REYKJAVÍK Krókháls 5F 110 Reykjavík Sími: 414-0000
AKUREYRI Baldursnes 2 603 Akureyri Sími: 464-8600

Tilboð!

HÖFÐINGJATRÉ aspir 3-5 m til að setja við heimreiðar og brjóta vindstrengi við hús. Takmarkað magn, gott verð.

Grænt Land ehf. - Flúðum
Uppl. í síma 860-5570



Ertu þreyttur eftir daginn?
Prófaðu teygjanlegar vinnubuxur!

- Mest allt efnið í buxunum teygist í fjórar áttir sem eykur lipurð og þægindi.
- Formbeygð hné með hnjápúðavösum úr teygjanlegu Cordura
- Skálmavasar með rennilás, farsíma- og kortavasa.
- Skyrtustoppari í strengnum eykur þægindi og síður hætta á að buxurnar sígi niður.

Litir: Dökkgráar/svartar og svartar/dökkgráar.
Stærðir: C44-62, C146-156, D88-124.

Verð: kr. 17.236,-

KH VINNUFÖT

KH Vinnuföt • Nethyl 2a • 110 Reykjavík • Sími: 577 1000 • info@khvinnufot.is • www.khvinnufot.is

MHG VERSLUN

Husqvarna

ALLT FYRIR ATVINNUMANNINN



MATVÆLI & MARKAÐSMÁL

Fjárhagslegt umfang matvælaglæpa svipað eða meira en fíkniefnasala og mansal á heimsvísu:

Matvælasvindl og -glæpir 10 til 20% af matvælamarkaði heimsins

– Gagnrýnin hugsun neytenda sterkasta vopnið gegn matvælasvindli, segir Sveinn Margeirsson, forstjóri Matís



Vilmundur Hansen
vilmundur@bondi.is



Fyrir nokkrum árum komst upp um að mikið magn af hrossakjöti var selt sem nautakjöt í verslunum og á veitingahúsum í Evrópu.

Glæpir sem tengjast matvælaframleiðslu færast í aukana og aukinn flutningur matvæla milli landa gerir eftirlit með matvælaglæpum erfitt. Eftirlit með innlendum og innfluttum matvælum er takmarkað hér á landi vegna fjárskorts eftirlitsaðila.

„Matvælaglæpir eru margs konar og flókið fyrirbæri og hreint ekki einfalt að skilgreina þá í einföldu máli," segir Sveinn Margeirsson, forstjóri Matís.

„Undir málaflokkinn eru tilvik sem tengjast framleiðslu, dreifingu og sölu á matvælum. Þetta eru glæpir sem meðal annars geta haft áhrif á heilsu neytenda og mýmörg dæmi eru um slíkt. Til dæmis íblöndun efna sem fólk getur haft ofnæmi fyrir eða hreinlega eitruð efni sem blandað er í matvæli.

Í öðrum tilfellum, sem eru mikið algengari, er logið til um uppruna vöru, tegund matvæla eða blandað í matvæli efnum án þess að merkja þau á umbúðir. Í þeim tilfellum er iðulega skipt út hluta af dýrara hráefni með ódýrara og þannig verið að falsa vöruna. Dæmi um þetta er þegar bætt er við efnum eins og sykri, salti, eða fosfati og vatni til að þyngja vöruna og markmiðið að ná niður framleiðslukostnaði á þyngdareiningu."

Vörusvik færast í aukana

Sveinn segir aukningu virðast vera í glæpum þar sem verið er að selja vöru sem er ekki það sem hún er sögð vera. Hér gæti til dæmis verið um að ræða vöru sem er upprunamerkt sem íslensk en er það ekki og kemur einhvers staðar annars staðar frá.

„Gróf dæmi um matarsvindl er þegar hreinlega er skipt um eina tegund af búfé fyrir aðra eins í tilfellinu þegar var verið að selja hrossakjöt sem nautakjöt. Það dæmi var gróft og í ljós kom að gamlir dráttarklárar og jafnvel hross sem höfðu fengið háa lyfjaskammta sem veðhlaupahestar höfðu verið seld sem nautakjöt áður en upp komst um svindlið.

Slík matvælasvik eru auðveldust og algengust í þeim hluta matvælaframleiðslunnar þar sem matvæli eru mest unnin. Það er til dæmis erfitt að taka tómat og selja sem gúrku. Um leið og farið er að vinna vöruna opnast auknir möguleikar á að svindla með hana. Dæmi eru um að skemmt kjöt hafi verið blandað út í unna kjötvöru til að drýgja hana. Annað og mjög gróft dæmi frá Kína er íblöndun melamíns í mjólk til að próteininnihald hennar mældist hærra. Það komst upp árið 2008 og olli barnadauða og yfir 54 þúsund innlögnum barna á spítala þar í landi árið 2008.



Opinberi geirinn er fremur gamaldags þegar kemur að eftirlitsaðferðum og langt frá því að verið sé að nýta nýjustu tækni og aðferðir á því sviði.

Sannleikurinn er sá að bara allra grófustu dæmin komast í fréttirnar en þau eru einungis toppurinn á ísjakanum. Reyndar eru flestir sem að þessum málum koma sammála um að við höfum engan veginn yfirlit yfir umfang matvælaglæpa á heimsvísu."

Skekkir samkeppnisstöðuna

Til að setja matarglæpi í samhengi tekur Sveinn dæmi úr ferðaþjónustunni sem er talsvert rætt um hér á landi um þessar mundir.

„Yfirvöld telja sig vita að í sumum tilfellum sé svindlað undan skatti í gistiþjónustu hér á landi. Slík svik veikja að sjálfsögðu samkeppnisstöðu þeirra sem gera hlutina rétt og gefa allt upp til skatts. Nákvæmlega það sama gildir um svindl tengt matvælum og efnahagsleg áhrif matvælaglæpa eru þau að þeir sem standa rétt að sínu standa höllum fæti gagnvart þeim sem svindla. Það í eðli sínu veikir siðferði í keðjunni vegna þess að ef einhver kemst upp með að svindla eykst leitni í þá átt hjá öðrum.

Annað dæmi sem ekki má líta framhjá og tengist matvælaglæpum er dýravelferð því það gefur augaleið að slæm meðferð á búfé er glæpur og má ekki líðast jafnvel þó að það kunni að lækka matvælaverð til neytenda. Sama á við um umhverfisáhrif. Við viljum öll veg dýra og umhverfis sem bestan, en ef það er logið að okkur um uppruna vöru, þá er engin leið að fylgja því eftir að rétt sé að málum staðið í þeim efnum."

Gríðarlegt umfang matvælaglæpa

Þrátt fyrir að ekki sé vitað með vissu hvert umfang matvælaglæpa í heiminum er, er vitað að það er gríðarlegt. Talið er að umfangið sé meira en verslun með fíkniefni og mansal á heimsvísu.

„Matvælaglæpir virðast vera algengastir þegar kemur að sjávarfangi, samkvæmt skýrslum Europol og Interpol þar sem innkallanir á vörum og handlagningar eru mestar á því. Glæpir tengdir framleiðslu á áfengi eru einnig algengir og öll þekkjum við framleiðslu og verslun með landa.



Sveinn Margeirsson, forstjóri Matís. Mynd / HKr.

Vandinn við að ná utan um umfangið er að matvælaglæpir eru margs konar og flóknir. Staðbundnar rannsóknir vísindamanna sýna að svo virðist sem svindlað sé með allt að þriðjung sjávarfangs sem er á markaði í heiminum og þar er tegundasvindl algengast."

Sveinn segir að fókus í matvælarannsóknum hafi ekki beinst að matvælasvindli í gegnum tíðina. „Það er ekki fyrr en á síðustu árum sem menn eru farnir að átta sig á umfanginu og alvarleika og þeim raunveruleika sem við stöndum frammi fyrir, þrátt fyrir að matvælasvindl hafi örugglega viðgengist frá því að menn fóru að versla með matvæli sín á milli.

Í dag er verið að framkvæma ýmiss konar rannsóknir sem byggja á erfðafræði til að horfa á tegundasvindlið. Að leysa tegundasvindl er samt sem áður bara hluti af púslinu, því samt sem áður er hægt að blanda íblöndunarefnum í vöruna til að þyngja hana, níðast á dýrum við framleiðslu, veiða fisk ólöglega og þar fram eftir götunum.

Mín ágiskun, miðað við það sem ég hef lesið mér til um, er að glæpir sem tengjast matvælum liggi á bilinu 10 til 20% af heimsframleiðslunni."

Fólk oft bláeygt gagnvart matvælaglæpum

Viðurlög við matvælaglæpum eru væg miðað við aðra glæpi, eins og fíkniefnadreifingu og mansal, og því eftir miklu að slægjast fyrir glæpamenn og skipulagða glæpastarfsemi.

Sveinn segir að almenningur og stjórnvöld séu oft bláeygð og hafi tilhneigingu til að líta á matvælaglæpi sem minni háttar glæpi og jafnvel líta framhjá þeim.

„Í mörgum tilfellum er ekki um stórfenglega glæpi að ræða en í öðrum tilfellum geta glæpirnir leitt til þess að verið er að koma hættulegum efnum, lyfjaleyfum og jafnvel sýklalyfjaónæmi inn í fæðukeðjuna og ógna þannig heilsu neytenda.

Þannig að þegar litið er á málið í heild eru matvælaglæpir vaxandi og alvarlegt vandamál og hafa áhrif á samfélagið sem heild. Sem betur fer er vitund fólks um alvarleika málaflokksins að aukast og stjórnvöld farin að líta matvælaglæpi alvarlegri augum.

Varnir við svindli með unnar matvörur helgast að stórum hluta af því hversu auðvelt er að líkja eftir viðkomandi vöru og hvers vel neytandinn er upplýstur um hana."

Rangar heilsufullyrðingar eru svindl

„Annað dæmi um matvælasvindl er þegar upplýsingar um hollustu matvöru eru rangar og fullyrt eitthvað um eiginleika vöru sem stenst ekki, til dæmis fæðubótarefni. Innflutningur og framleiðsla hér á landi á fæðubótarefnum hefur aukist mikið undanfarin ár og talsvert um að þessar vörur á markaði hér séu rangt merktar."

Tilhneigingin að tala eftirlit niður

„Aukning á frjálsu flæði vöru yfir landamæri milli landa gerir allt eftirlit með matvælaglæpum mun erfiðara. Það eru til aðferðir til að framkvæma eftirlitið en því miður eru þær ekki nýttar að neinu ráði enn sem komið er. Í dag er því nánast ómögulegt að henda reiður á og koma í veg fyrir verslun og flutning svikinna matvæla milli landa.

Tilhneigingin er oftar en ekki að tala eftirlit niður og mikil tvíhyggja þar í gangi. Það er mikið talað um neytendavernd og krafa um að matvæli séu holl og góð en á sama tíma er talað um eftirlitsbáknið og kvartað yfir þeim kostnaði sem eftirlitið hefur í för með sér.

Opinberi geirinn er líka fremur gamaldags þegar kemur að eftirlitsaðferðum og langt frá því að verið sé að nýta nýjustu tækni og aðferðir á því sviði. Til að mynda erfðafræði sem er sennilega besta aðferðin til að greina tegundasvindl.

Önnur aðferð sem ekki er enn komin í notkun við matvælaeftirlit felst í bálkakeðjutækni (blockchain). Þá er margs konar upplýsingum um vöruna, til dæmis um uppruna, dreift á margar tölvur. Með því móti eru margir aðilar sem hafa sömu upplýs-



Matvælaglæpir virðast vera algengastir þegar kemur að sjávarfangi, samkvæmt skýrslum Europol og Interpol þar sem innkallanir á vörum og handlagningar eru mestar á því.



Matvælaglæpir tengjast dýravelferð og það gefur augaleið að slæm meðferð á búfé er glæpur og má ekki líðast, jafnvel þó að það kunni að lækka matvælaverð til neytenda.

ingar um vöruna því nánast ómögulegt er að breyta þeim upplýsingum á pappírum.

Gangi þessi tækni eftir geta neytendur á einfaldan hátt, til dæmis með QR-kóða, leitað upplýsinga um vöruna og hvort varan sé sú vara sem þeir ætla að kaupa," segir Sveinn.

Heilindi í matvælaframleiðslu skipta öllu máli

„Í raun er alveg sama hvort horft er til hagsmuna matvælaframleiðenda, verslunarinnar eða neytenda, þá skipta heilindi í matvælaframleiðslu gríðarlegu máli og eru undirstaðan fyrir því að þessir aðilar geti treyst hver öðrum.

Inn í þetta spila einnig umhverfismál og dýravelferðarmál á þann hátt að neytendur geti fylgst með og fengið upplýsingar um framleiðsluferlið. Hvernig voru aðstæður dýranna í eldinu eða er notuð í framleiðsluna pálmaolía frá svæðum þar sem er stundað ólöglegt skógarhögg og þar fram eftir götunum."

Sveinn segir kröfur um aukin heilindi í matvælaframleiðslu og skilvirkt matvælaeftirlit sem tryggi þau heilindi séu í dag í raun tengt aukinni velferð og kaupgetu ákveðins hluta neytenda. Ástandið sé í sumum tilvikum skelfilegt, án þess að um það sé fjallað. „Það að geta leyft sér að geta spurt spurninga um gæði og uppruna matvæla er í raun lúxus hinna ríku en á sama tíma tel ég það líka vera okkar ábyrgð að spyrja þessara spurninga því að ef við gerum það ekki gerir það enginn.

Ástæða þess að hægt sé að selja matvæli frá mörgum stöðum í heiminum á mjög lágu verði er að laun séu afar lág, dýravelferð virt að vettugi og ekki sé hugað að umhverfismálum. Viðskiptamódel matarglæpamanna gengur því í verstu tilfellum út á mannréttindabrot og slæma meðferð á dýrum og umhverfinu. Það hefur í för með sér óeðlilegt sótspor sem fylgir því að flytja matvælin heimshorna á milli. Viðskiptamódelið þrífst svo í skjóli rangrar upplýsingagjafar og skorti á gagnrýni okkar sem kaupa vöruna.

Viðskipti af þessu tagi koma niður á öllum til lengri tíma en til skemmri tíma má segja að glæpamennirnir og neytendur græði á þeim. Glæpamennirnir, af því að þeir skapa sér illa fengnar tekjur, og neytandinn af því að hann telur sig vera að fá vöru á góðu verði. Raunin er hins vegar sú að neytandinn er blekktur til að taka þátt í glæpastarfsemi.

Spurningin sem neytendur verða því að spyrja sig að þegar þeir sjá vöru sem er á mjög lágu verði er hvers vegna verðið sé svona lágt. Ef hlutirnir virðast of góðir til að vera sannir, þá eru þeir gjarnan ekki sannir.

Gagnrýnin hugsun neytenda er því í raun sterkasta vopnið gegn matvælasvindli."

Staðan á Íslandi

Samkvæmt lögum er eftirlit á innflutningi á matvælum í höndum heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga og Matvælastofnunar, MAST. „Þessir aðilar gera hvað þeir geta, en staðreyndin er sú að þrátt fyrir það erum við Íslendingar ekki í neinni stöðu til að fullyrða að staðan hér sé á þann hátt sem vera ber.

Dæmi um þetta er innflutningur á ólífuolíu. Við vitum að á heimsvísu er svindl með jómfrúarolíu verulegt, en bolmagn til að hafa eftirlit með því hvort innflutt jómfrúarolía sé það raunverulega eða hvort sé raunverulega verið að selja aðrar gerðir olíu er ekki til staðar. Sama gildir um innflutta tilbúna rétti, það er borin von að að ætlast til þess að eftirlitsaðilar geti fylgst með því að innihald þeirra sé í samræmi við innihaldslýsinguna á umbúðunum.

Allt snýst að lokum um fjármagn og eins og staðan er í dag höfum við einfaldlega ekki fjárhagslegt bolmagn til að fylgja þessum málaflokki sem skyldi.

Matís hefur átt í samvinnu við BfR, sem er þýska áhættumatsstofnunin tengt rannsóknum á matvælaglæpum. Samstarf hafur einnig verið við aðrar stofnanir í Evrópu og næstu skref Matís í rannsóknum á matvælasvindli eru meðal annars að auka samtalið við Europol."

Sveinn segir að í raun hafi eina leið Matís til að afla fjármagns til rannsókna tengdum matvælaglæpum verið að sækja í alþjóðlega rannsóknasjóði, í samstarfi við alþjóðlegar stofnanir. Slíkt hafi gefið aðgang að alþjóðlegri þekkingu, sem skipti miklu máli.

Eftirlit með innlendri framleiðslu

Að sögn Sveins er það hlutverk Matvælastofnunar og heilbrigðiseftirlits sveitarfélaganna að sjá um eftirlit með matvælaframleiðslu hér á landi. Matís sé svo þjónustuaðili þeirra stofnana.

„Þrátt fyrir góðan vilja allra þessara aðila verð ég að viðurkenna að þekking okkar á þessum málaflokki er ekki eins viðamikil og hún ætti að vera. Miðað það eftirlit sem er að meðaltali í Evrópu á matvælaframleiðslu þá erum við ekki að standa okkur illa en ef við berum okkur saman við Norðurlöndin þá er það mitt mat að við höfum ekki sams konar þekkingu á matvælum og áhættuþáttum þeirra hér á landi og í Skandinavíu. Sérstaklega finnst mér skorta á áhættumat í því samhengi.

Í dag ber matvælaframleiðendum samkvæmt lögum að geta rakið vöruna í báðar áttir í framleiðslukeðjunni og keðjan samkvæmt því í prinsippinu rekjanleg.



Matvælasvik eru auðveldust og algengust í þeim hluta matvælaframleiðslunnar þar sem matvæli eru mest unnin.

Framleiðslukeðja landbúnaðarvara á Ísland er stutt og fremur einföld í samanburði við margar alþjóðlegar framleiðslu- og dreifingarkeðjur.

Í því ljósi tel ég mig í flestum tilfellum geta treyst því að það sem ég er að kaupa sé það sem það er sagt vera og ég tel mig vera að kaupa. Samt sem áður byggir þessi skoðun mín sem neytanda á trú og trausti á bóndann og söluaðilann. Traustið byggir því á sannfæringu en í raun ekki á upplýsingum eða staðreyndum enda engar yfirgripsmiklar rannsóknir á innlendri framleiðslu farið fram hvað matvælaglæpi varðar.

Annað sem áhugavert er að skoða í þessu samhengi er heimaslátrun sem í dag er ólögleg og því glæpur. Persónulega er ég þeirrar skoðunar að reglur hér á landi varðandi heimaslátrun séu allt of stífar og að við ættum að auka frjálsræði bænda til að slátra heima, enda sé kröfum um hreinlæti og heiðarleika í viðskiptum sinnt og eðlilegt eftirlit, sem byggi á áhættumati, haft með slíkri starfsemi. Ég tel að slíkt myndi hafa jákvæð áhrif varðandi dýravelferð og umhverfismál og geti í raun aukið meðvitund neytenda, jafnt Íslendinga sem ferðamanna, fyrir íslenskum landbúnaði. Ef þú kaupir heimaslátrað kjöt er keðjan frá framleiðanda til þín eins stutt og mögulegt er og búið að taka út milliliði sem hugsanlega geta hafa átt við vöruna á ólöglegan hátt, t.d. blandað innfluttu kjöti við innlent. Væri heimaslátrað kjöt hins vegar selt án þess að salan væri gefin upp væri aftur á móti verið að skjóta undan skatti og það er skattalagabrot sem á ekki að líðast frekar en aðrir glæpir."

Áskorun að fylgja eftirlitinu eftir

„Að mínu mati er ein helsta áskorun okkar Íslendinga þegar kemur að matvælaglæpum að fylgja málunum eftir og hætta því stefnuleysi sem er ríkjandi varðandi málaflokkinn. Við eigum að framkvæma þær rannsóknir sem þarf að framkvæma til að geta ályktað um stöðuna og gripa til þeirra ráðstafana sem þörf er á til að hún sé sé í lagi til framtíðar," segir Sveinn Margeirsson, forstjóri Matís, að lokum.



AUÐLINDIR & UMHVERFISMÁL

Pure North Recycling í Hveragerði að ná góðum tökum á endurvinnslu á plasti:

Bændur standa sig vel í skilum á heyrúlluplasti

– segir Sigurður Halldórsson framkvæmdastjóri og kallar eftir alvöru aðgerðum stjórnvalda í endurvinnslumálum



Hörður Kristjánsson
hk@bondi.is



Sigurður Halldórsson, framkvæmdastjóri Pure North Recycling, hefur reynt ýmislegt í endurvinnslumálum á Íslandi. Hann segir að erlendis sé þessi iðnaður ört vaxandi. Enda neyðist þjóðir heims nú til að fara að sjá um sitt rusl sjálfar eftir að Kínverjar hættiu að taka við því um síðustu áramót. Víða komi ríki inn með allt að 60% af stofnkostnaði endurvinnslustöðva, en hér fá menn í besta falli klapp á bakið. Myndir / HKr.

Pure North Recycling er áhugavert endurvinnslufyrirtæki í Hveragerði sem sérhæfir sig í dag á endurvinnslu rúlluplasts frá bændum og plastkassa frá matvinnslufyrirtækjum. Eftir mikla þróunarvinnu hefur fyrirtækið verið að komast á skrið en hefur svo þurft að glíma við mikla verðlækkun á afurðaverði í kjölfar ákvörðunar Kínverja um að hætta að taka við plasti til endurvinnslu.

Sigurður Halldórsson framkvæmdastjóri er enginn nýgræðingur á sviði endurvinnslu og hefur gert ýmsar tilraunir til endurvinnslu á fjölmörgum efnum í gegnum tíðina. Reyndar byrjaði fyrirtækið í Hveragerði á að framleiða viðarkurl úr timbri sem undirburð undir hesta og annað. Það hefur nú einbeitt sér að endurvinnslu á plasti sem hefur verið vandamál á Íslandi alla tíð síðan plast kom til sögunnar.

Hófu starfsemi 2009

„Við hófum hér starfsemi árið 2009 við endurvinnslu á timbri og framleiðslu á timburkurli. Við seldum svo hluta af þeirri starfsemi til Furu í Hafnarfirði og fórum svo að köggla ýmis efni eins og hrossatað, járnsvarf fyrir Elkem á Grundartanga, skreið fyrir útgerðina og fleira. Við hófum svo uppsetningu á þessari plastendurvinnslulínu árið 2015. Þá byrjuðum við á heyrúlluplastinu, einkum vegna þess að það er til í töluverðu magni og að því er gott aðgengi. Þetta er reyndar eitt erfiðasta efnið til að endurvinna því plastfilman er svo þunn. Það er því mikið yfirborð sem þarf að hreinsa fyrir hvert kíló af endanlegu hráefni.

Harðplastið eins og er í kössunum sem koma frá matvælageiranum er mun auðveldara að eiga við, en það kurlum við niður í plastsalla sem síðan er sekkjaður til útflutnings.“

Segir Sigurður að næsta skref þeirra í endurvinnslu á heyrúlluplasti verði að setja upp vél til að framleiða úr því „pellettur“ eða eins konar töflur eða kúlur. Það eykur verðmætið og stækkar mjög hóp mögulegra viðskiptavina en í því formi er hægt að nota efnið í hvaða plastframleiðslu sem er, bæði á Íslandi og erlendis.

Aðalstuðningurinn hér er klapp á bakið

„Vonandi gerist það á þessu ári, en allt er þetta háð fjárfestingum. Það eru ekki margir sem eru tilbúnir að koma inn í svona áhætturekstur og hér er ólíku saman að jafna við það sem er að gerast í Austur-Evrópu. Þar er verið að fjárfesta gríðarlega mikið í endurvinnsluiðnaði og kemur ríkið þar að með 60% framlag af öllum vélbúnaði. Á móti kemur að fyrirtækin mega ekki afskrifa nema 40% af kostnaði svo viðkomandi ríki fær þá framlagið til baka í gegnum skatta af starfseminni. Þetta auðveldar gífurlega frumfjárfestingu í þessari grein. Hér er ekkert slíkt kerfi til staðar og ekkert nema kannski klapp á bakið.“



Haugur af rúlluplasti frá eyfirskum bændum. Endurvinnslustöðvar vilja helst fá hvítt plast því það er verðmætara en mislitt og hægt að endurnýta á margvíslegan hátt. Starfsmenn Pure North Recycling verða því að handflokka alla plasthaugana sem þangað berast til að ná sem mestum verðmætum út úr vinnslunni. Ef hugsað væri út í endurvinnslumöguleika við innflutning á rúlluplasti, þá væri að sjálfsögðu ekki keypt annað en hvítt plast.

Kínverjar ollu uppnámi

Sigurður segir að sú ákvörðun Kínverja að loka fyrir innflutning á úrgangsplasti frá öðrum heimshlutum um síðustu áramót til endurvinnslu í Kína hafi sett alla endurvinnslu á plasti í uppnám á Vesturlöndum. Umfjöllun um þetta í Bændablaðinu 12. apríl vakti líka mikla athygli. Verulegur hluti af plasti sem til hefur fallið í Evrópu, Bandaríkjunum og víðar, hafði þá verið sent í endurvinnslu til Kína um árabil. Við lokun á þeirri leið hefur plast hlaðist upp og fátt annað í stöðunni en að setja plastið í urðun og landfyllingar.

Íslendingar gætu tekið algjöra forystu í plastendurvinnslunni og hér eru allar forsendur til þess. Það vantar bara að stjórnvöld ýti þessu áfram, fari að framkvæma í stað þess að tala endalaust um hlutina.



Sigurður með endurunnið hráefni úr heyrúlluplasti frá íslenskum bændum sem nýtt verður aftur í nýjar plastafurðir í Bretlandi.

Það er þvert á yfirlýst markmið eins og hjá Evrópusambandinu, þar sem aðildarþjóðum þess sem og þjóðum EES-samningsins verður gert óheimilt að urða meira en 10% af sínu sorpi frá og með 2030.

Segir Sigurður að ákvörðun Kínverja hafi verið reiðarslag fyrir flestar þjóðir og Evrópuþjóðir séu komnar mislangt í að endurvinna sjálfar það plast sem til fellur hjá þeim.

„Þjóðir eins og Svíar og Þjóðverjar eru komnar mjög langt í endurvinnslumálum. Í kjölfar ákvörðunar Kínverja eru öll skilaboð frá Evrópu mjög skýr um að hver þjóð þurfi að bera sjálf ábyrgð á sínum endurvinnslumálum. Auðvitað á þetta að vera þannig

og ekki síst er það mikilvægt fyrir okkur með allt þetta kolefnisspor vegna flutninga til og frá landinu. Samkvæmt áætlun EES verður urðun á sorpi skattlögð eftir 2030. Það er því algjör tímaskekkja að vera að urða plast með öðru sorpi uppi í Álfsnesi," segir Sigurður.

Tala minna og framkvæma meira

Hann bendir á að mikill tvískinnungur sé ríkjandi í þessum málum og blekkingum óspart beitt.

„Við hér á Íslandi erum mjög aftarlega á merinni hvað varðar endurvinnslu. Þótt margar skýrslur segi annað og að við státum af því að standa við loforð sem við höfum gefið. Samkvæmt skýrslu umhverfisráðuneytisins eigum við nú að endurvinna 20,5% af því plasti sem fellur til hér á landi. Það er kannski kominn tími til að endurvinna allar þessar skýrslur, tala minna og framkvæma meira."

Kolefnislosun Íslendinga frá sorpi jókst um 41,64%

Sinnuleysi stjórnvalda á Íslandi gagnvart endurvinnslumálum er í raun með ólíkindum, sér í lagi ef skoðuð er hávær umræða um kolefnislosun. Samkvæmt tölum World Recource Institute (WRI) þá jókst kolefnislosun frá sorpi á Íslandi um 41,64% frá 1990 til 2014. Á sama tíma dróst kolefnisútlosun frá sorpi í Þýskalandi saman um 79,71%, í Hollandi var samdrátturinn 59,40% og 34% í Noregi. Danir eru nokkrir eftirbátar þessara þjóða með aukningu á kolefnislosun frá sorpi upp á 1,39% sem er þó hátíð miðað við Ísland.

Á Íslandi er mikið talað um kolefnislosun frá bílum, sem talin er 7–18% allt eftir því hver setur tölurnar fram. Í einni skýrslu er talað um að losunin frá umferðinni í heild geti numið allt að 31%. Í nýjustu skýrslu Umhverfisstofnunar sem gefin var út 16. apríl sl. eru vegasamgöngur sagðar losa 19,5%. Þar er líka sagt að urðun úrgangs losi 4,6%, en samkvæmt skýrslu WRI nemur heildar kolefnislosun Íslendinga frá úrgangi 8% og hefur verið að vaxa hröðum skrefum.

Þetta gengur ekki lengur

„Heimildamyndin Dirty Business, sem sýnd var á SKY-sjónvarpsstöðinni í Bretlandi fyrir nokkru, lýsir mjög vel hversu flutningsmiðaðar þjóðir eru orðnar og að við þurfum að vera ábyrgari í meðferð úrgangsefna og getum sýnt fram á að það sem sagt er fara í endurvinnslu endi ekki í ruslahaug einhvers staðar í Asíu. Þá skortir hvata til að gera betur, en menn hafa komist upp með þetta og hafa nýtt sér það. Menn hafa þannig verið að ýta vandanum yfir á aðrar þjóðir og það er ekkert öðruvísi á Íslandi en hjá öðrum þjóðum. Ég held að menn séu þó að átta sig á því hér heima að þetta gengur ekki lengur.

Við höfum mjög gott kerfi varðandi endurheimt á gosdrykkjaumbúðum sem byggir á skilagjaldi sem sett er á þær við innflutning. Við hefðum viljað fá slíkt á öll endurvinnanleg hráefni. Lykillinn að þessu liggur í því að ganga mikið lengra en gert er við flokkun á úrgangi."

Plastið er ekki versti óvinurinn heldur maðurinn sjálfur

„Ég hef oft verið spurður út í þessi mál og ég segi þá gjarnan að plastið sé ekki endilega versti óvinurinn. Það erum fremur við sjálf og hvernig við höfum umgengist plastið. Plastið er í sjálfu sér gott efni og oft nær ómissandi í nútíma samfélagi. Menn reka t.d. vart heilbrigðisstofnun eða nokkuð annað án þess að plast komi ekki þar við sögu. Málið er bara hvað við gerum svo við plastið sem við þurfum ekki lengur á að halda."



Úr endurvinnslustöð Pure North Recycling.



Rúllubaggaplastið að koma úr þurrkaranum eftir þvott og á leið í tætara.



Ýmislegt hefur verið reynt í endurvinslunni hjá Sigurði eins og að köggla ýmis efni. Til vinstri eru það þorskhausar, til hægri er það járnsvarf fyrir málmblendiverksmiðjuna í Hvalfirði og neðst er það hrossaskítur sem vakti mikla athygli í Bretlandi.



Slitnir plastbakkar frá SS og fleiri fyrirtækjum á leið í hakkavélina.



Kurlaðir plastbakkar á leið í endurvinnslu í Bretlandi.



Hráefni úr hvítu baggaplasti frá bændum á leið í skip.



Plastpoki sem framleiddur var í Bretlandi úr 100% rúlluplasti frá Íslandi.

Hvert tonn af endurunnu plasti sparar 1,6 tonn af olíu

„Hjá stöð eins og okkar snýst málið um að fá eins vel flokkað og hreint úrgangsplast inn til okkar og hægt er. Þeim mun auðveldari verður eftirleikurinn við að koma þessu plasti í það form að hægt sé að nýta það aftur til að búa til nýja hluti. Það sparast 1,6 tonn af olíu fyrir hvert tonn af plasti sem er endurunnið."

Plast af umhverfisástæðum?

Annars bendir Sigurður á að yfirlýsingagleðin, tvískinnungurinn og hræsnin leynist víða. Menn rjúki til og stökkvi úr einum öfgunum í aðrar. Þannig hafi menn tekið plastið á sínum tíma opnum örmum m.a. af umhverfisástæðum. Það hafi verið vegna þess að menn vildu að fólk hætti að nota bréfpoka til að minnka pappírsnotkun sem sögð var vera að útrýma skógunum. Sömu fullyrðingu var beitt gagnvart prentmiðlum áratugum saman og mikillar notkunar pappírs í dagblöð, tímarit og síðan tölvupappírinn fræga undir lok síðustu aldar. Að vísu var gengið mjög á hina fornu skóga í Evrópu á átjándu og nítjándu öld. Þegar kom fram á þá tuttugustu áttuðu menn sig á þessu og fóru að snúa við blaðinu. Frá seinni heimsstyrjöldinni voru einnig settar í gang miklar áætlanir um að græða upp skóga. Pappírsframleiðendur hófu líka þá vegferð að planta skógum sem nýta átti til pappírsgerðar. Samkvæmt úttekt í World Views sem birt var í desember 2014 hafði orðið gríðarleg aukning í vexti skóga um alla Evrópu frá árinu 1900, þvert á hástemmdar fullyrðingar nær alla síðustu öld. Skógarþekja í Bretlandi hafði t.d. aukist úr 2–3% af flatarmáli í 10–12%. Víða hafði aukningin verið enn meiri. Helsti gallinn við þessa nútímaskóga er einsleitni viðartegunda sem orsakast fyrst og fremsta af nýtingargildi, m.a. fyrir pappírsiðnaðinn.

Mikil sérstaða á Íslandi

Hiti er mikilvægur þáttur við endurvinnslu á plasti og því eru Íslendingar í mikilli sérstöðu á heimsvísu með allt sitt jarðhitavatn og hreinu raforku. Flestar aðrar þjóðir verða að verulegu leyti að framleiða þá orku sem til þarf við endurvinnsluna með kolum, olíu, gasi eða kjarnorku. Meira að segja Svíar og þjóðverjar sem standa þó einna fremst í endurvinnslumálunum. Í Svíþjóð er t.d. umtalsverðu magni af sorpi brennt og sú orka nýtt til að framleiða hita og raforku.

„Okkar sérstaða í orkumálum með okkar jarðhitamöguleika hefur líka leitt til þess að við höfum orðið að fara aðrar leiðir en aðrir við endurvinnsluna. Við erum búnir að vera í tvö og hálft ár að ná tæknilegum tökum á þessu því við gátum ekki leitað til annarra um hvernig svona verksmiðja ætti að líta út. Á móti kemur að við getum gert þetta með hagkvæmari hætti en hægt er erlendis en höfum aftur á móti ekki aðgang að því magni sem aðrir hafa.

Á meðan erlendar endurvinnslustöðvar eru kannski að taka 40 til 50 þúsund tonn af plasti í gegnum sig á ári, þá falla hér til í kringum 2.000 tonn af heyrúlluplasti á ári. Við megum ekki heldur flytja inn notað heyrúlluplast til endurvinnslu samkvæmt búfjárlögum og vegna smithættu," segir Sigurður.

Bændur standa sig vel í skilum

Sigurður segir að íslenskir bændur séu farnir að standa sig vel við að skila til þeirra heyrúlluplasti. Þannig fái Pure North í Hveragerði til sín megnið af öllu slíku plasti sem til fellur á landinu. Búið er að rúlla í gegn í kringum 1.500 tonnum frá því endurvinnslan hófst af krafti í fyrra.

Bændur fái viðurkenningu fyrir að standa sig vel

„Bændur sem hafa komið og skoðað okkar starfsemi átta sig betur á um hvað málið snýst. Í framhaldinu hugsa þeir betur um plastið, skila því hreinna inn og flokka það betur. Við viljum ganga ennþá lengra. Þannig að þau bú sem flokka til endurvinnslu og skila inn hreinu og góðu plasti fái vottun og að það verði hluti af þeirra gæðavottunarferli. Þetta eru jú matvælaframleiðendur og meðferð úrgangsefna á að vera sjálfsagður hluti af öllum pakkanum. Ef við ætlum að gera hlutina af einhverju viti, þá þurfum við að umbuna þeim sem eru fremstir í flokki," segir Sigurður.

Endurskoða þyrfti flutningsjöfnunarkostnað

Vandinn sem þar er helst við að glíma er misvægi í flutningsjöfnun. Þar er að sögn Sigurðar miðað við að fjármunir til flutningsjöfnunar skerðist eftir því sem bændur eru nær útflutningshöfn. Tvær hafnir á Íslandi eru skilgreindar sem útflutningshafnir, þ.e. Reykjavík og Akureyri. Því verður ávinningur bænda t.d. við Eyjafjörð nánast enginn annar en ímyndarlegur af því að skila plasti um langan veg til vinnslu í Hveragerði.

Framleiðslan var komin á ágætis ról hjá okkur í haust og í takti við fjárhagsáætlanir. Þetta Kínastopp olli okkur síðan svakalegu höggi og Evrópa er nú að fyllast af úrgangsplasti vegna ákvörðunar Kínverja um að hætta móttöku. Því hefur orðið um 60% lækkun á verði á endurunnu plasti til áframvinnslu. Við þurftum því bæði að spila vörn og sókn á sama tíma og fara í að auka enn meira gæðin á því plasti sem við sendum frá okkur til að toga verðið upp aftur fyrir okkar afurðir. Við bættum inn í línuna þvottavél sem skilar okkur mun meiri gæðum. Eru nú að fara frá okkur fyrstu sendingar af þessu efni."

Sigurður segir að stærsti hluti af þeirra plasthráefnisútflutningi fari til Bretlands, en annað til Hollands.

„Þar fer þetta mikið í plastpokagerð. Við höfum svo fengið til okkar stóra plastpoka frá verksmiðju í Bretlandi sem framleiddir eru að 100% hluta úr íslensku heyrúlluplasti."

Framleiðendur verði ábyrgir fyrir að varan sé endurvinnanleg

Það þarf að hugsa alla þætti meðferðar hinna ýmsu efna upp á nýtt að mati Sigurðar.

„Það er spurning um meðferð þeirra efna sem notuð eru. Þar eru aðallega tveir þættir sem þarf að huga meira að. Í fyrsta lagi er það framleiðendaábyrgðin og að þeir séu ekki að búa til vörur sem eru óendurvinnanlegar. Þar er mikið verk fram undan. Sem dæmi erum við með gosflöskur sem eru úr þremur tegundum af plasti. Það er PET í flöskunni sjálfri, polyethelin í tappanum og LTPE borði utan um flöskuna. Allt eru þetta mjög verðmæt plastefni, en eiga ekkert sameiginlegt í endurvinnslu. Í dag eru engar vélar sem geta endurunnið þetta plast á Íslandi og því þarf að flytja það úr landi til endurvinnslu. Þar er þetta tætt niður og þessar ólíku plasttegundir svo flokkaðar eftir á með flóknum og dýrum búnaði. Ef flaskan, tappinn og miðinn væri bara úr einni plasttegund, þá væri mun einfaldara að endurvinna efnið, líkt og þekkist með endurvinnslu á áldósum.

Við þurfum að fara að skoða þetta betur. Sama á við um fiskikerin sem hér hefur verið framleitt mikið af. Í þeim er urethan plastefni í millilagi sem þýðir að körin eru óendurvinnanleg. Íslenskir framleiðendur hafa reyndar brugðist við þessu og eru farnir að framleiða kerin með millileggi úr sama efni og ytra byrði kerjanna.

Til viðbótar þessu þarf að efla endurvinnslu af öllum toga og taka upp hvetjandi kerfi líkt og er varðandi gosflöskurnar. Þeir sem ráða ferðinni tala mikið um þetta, stofna nefndir, láta búa til skýrslur, setja falleg markmið, en svo gerist ekkert meira. Það er m.a. ástæðan fyrir því að Pure North er eina plastendurvinnslan á landinu í dag. Íslendingar gætu tekið algjöra forystu í plastendurvinnslunni og hér eru allar forsendur til þess. Það vantar bara að stjórnvöld ýti þessu áfram, fari að framkvæma í stað þess að tala endalaust um hlutina."

Mikið talað um smáatriði en ekki minnst á stóru málin

Sigurður segir stjórnmálamenn afar upptekna við að ræða mál sem þeir telji líkleg til vinsælda í þessum efnum. Þannig sé mikilli orku eytt í að ræða hvort banna eigi sogrör og eyrnapinna úr plasti, nokkuð sem skiptir sáralitlu í heildarsamhenginu.

„Á meðan þessi umræða er í gangi um algjör smáatriði þá er ekki minnst einu orði á öll veiðarfærin sem ganga úr sér og enginn veit hvar enda. Það er ekkert eftirlit með og enginn veit hvað mikið fellur til af veiðarfærum á Íslandi. Enginn veit hvert þau fara og menn hafa enga yfirsýn yfir hvort þau skili sér yfirleitt í land, eða endi í hafinu. Samt byggjum við alla okkar útgerð á hreinni ímynd um veiðar í hreinum sjó. Þarna er mikið tækifæri fyrir Íslendinga að taka forystuna og ganga lengra en ætlast er til."

MENNING & LISTIR

Heimildamyndin Useless:

Hvatning til að minnka sóun

Rakel Garðarsdóttir og Ágústa M. Ólafsdóttir eru aðalframleiðendur og leikstjórar að nýrri heimildarmynd um matar- og tískusóun sem nefnist Useless. Sigríður Bylgja Sigurjónsdóttir hjá Landvernd skrifaði með þeim handritið og vann einnig að gerð myndarinnar.

Í myndinni kemur meðal annars fram að þriðjungur matar í heiminum endar í ruslinu og gæti nægt til að brauðfæða þrjá milljarða jarðarbúa og að 2.700 lítra þarf af vatni til að búa til einn stuttermabol. Rakel Garðarsdóttir sagði blaðamanni Bændablaðsins frá tilurð myndarinnar, framleiðsluferlinu og markmiðinu með gerð hennar.

„Ég stofnaði samtökin Vakandi árið 2014 til að auka vitundarvakningu um sóun matvæla. Matarsóun er stórt vandamál í heiminum sem og hér á Íslandi og mér fannst heldur lítil athygli á málefninu hér á landi. Ég hafði sjálf tekið eftir hversu auðvelt og gefandi það er að minnka sóun og vildi hvetja aðra til þess að uppgötva það líka. Ég ákvað því að stofna þessi samtök og fór að koma fram í fjölmiðlum og halda fyrirlestra til að breiða út boðskapinn. Fá fólk til að opna augun fyrir vandamálinu og skilja hversu mikilvægt það er fyrir framtíðina að við tökum á þessum vanda í dag," útskýrir Rakel Garðarsdóttir, annar framleiðandi og leikstjóri kvikmyndarinnar.




Aðalframleiðendur og leikstjórar kvikmyndarinnar Useless, sem fjallar um matar- og tískusóun, þær Ágústa M. Ólafsdóttir og Rakel Garðarsdóttir ásamt Rut Sigurðardóttur kvikmyndatökukonu.

Nátengd neyslumálefni

Rakel og Ágústa höfðu unnið lengi saman og fengu gott teymi til að vinna með sér að myndinni.

„Í gegnum vinnu mína með Vakandi kynntist ég betur frábæru fólki hjá Landvernd og var farin að vinna með þeim í ýmsum lausnamiðuðum verkefnum. Í þeirri vinnu kviknaði svo hugmyndin að því að gera heimildamynd um málefnið til að ná til enn fleira fólks. Eftir það fór boltinn að rúlla. Tískusóun er annað risavaxið vandamál í heiminum og mér fannst enn minni umræða vera um það í samfélaginu svo við ákváðum að hafa myndina um bæði matar- og tískusóun, enda nátengd málefni í gegnum neyslu," segir Rakel.



Heimildamyndin Useless var frumsýnd hér á landi á Skjaldborgarhátíðinni á Patreksfirði á dögunum en RÚV hefur tryggt sér sýningarréttinn á myndinni.

Sérfræðingar á sínum sviðum

Þær stöllur fóru í þessa vegferð með það að markmiði að reyna að vekja enn meiri athygli á málefnunum tveimur, það er matar- og tískusóun, og vonast til að myndin hafi þau áhrif að sem flestir sem sjái hana muni breyta til batnaðar.

„Helstu viðmælendur myndarinnar eru til dæmis Tristram Stuart frá Bretlandi og Selina Juul frá Danmörku sem eru miklir vinir mínir í gegnum störf mín fyrir Vakandi. Þau eru mikið baráttufólk gegn matarsóun og betri nýtingu matvæla og hafa gert alveg magnaða hluti í sínum heimalöndum. Þau eru svona rokkstjörnurnar í minnkun matarsóunar í Evrópu og ofboðslega vel inni í öllum þeim málum og því lá beinast við að tala við þau," útskýrir Rakel og segir jafnframt:

„Í myndinni koma fyrir margir aðrir frábærir viðmælendur sem eru öll sérfræðingar á sínu sviði innan matar- eða tískusóunar. Við völdum aðeins besta fólkið og reyndum að einblína á að hafa umræðuna lausnamiðaða. Síðan er einn viðmælandinn eins konar rödd hins almenna borgara en það er Viktoría Hermannsdóttir, sem ákveður að fræðast um málefnin og breyta sínum venjum til hins betra. Við förum vel yfir það ferli í myndinni en við fylgdum henni eftir í heilt ár sem var mjög áhugavert."

Fræðandi og gefandi ferli

Useless er um 50 mínútur að lengd og er að miklu leyti á ensku og því hugsuð bæði fyrir innlendan og erlendan markað.

„Vinnsluferlið hefur farið aðeins fram yfir þann tímaramma sem lagt var upp með og spilar þar ýmislegt inn í eins og til dæmis barneignir. Heimildamyndir geta flækst svolítið á leiðinni þar sem erfitt er að áætla hvað viðmælendur segja og stundum verður það til þess að erfiðara er að fylgja handriti sem gerir klippivinnuna mun flóknari og tímafrekari. Klipparinn okkar, Ágústa Margrét Jóhannsdóttir, er algjör snillingur og gerði þetta mjög vel. Síðan kemur ýmislegt upp á, bara svona eins og í lífinu sjálfu, en þetta er búið að vera ótrúlega fræðandi og gefandi ferli og við erum enn ánægðari með að hún sé loksins tilbúin til sýningar," segir Rakel en Useless var frumsýnd á dögunum á Skjaldborgarhátíðinni á Patreksfirði.

„Ríkissjónvarpið hefur tryggt sér sýningarréttinn á myndinni en danska fyrirtækið DR Sales mun sjá um dreifingu á henni erlendis og vonandi verður hún sýnd við sem flest tilefni þannig að hún nái til sem flestra. Við erum jafnframt spenntar fyrir því að sýna myndina á viðburðum sem tengjast mat, þar sem það hentar viðfangsefninu vel. Einnig er gott að minna þá á sem sýsla með mat að það verður að stöðva þessa gífurlegu sóun sem á sér stað." */ehg*

Nokkrar staðreyndir úr Useless-kvikmyndinni:

- Þriðjungur af þeim mat sem framleiddur er í heiminum endar í ruslinu en það er nægur matur til að fæða um 3 milljarða jarðarbúa.
- Á hverjum klukkutíma hendum við svo miklu rusli að það gæti fyllt heimsins stærsta gámaskip. Það er einungis toppurinn af ísjakanum því hver poki af heimilisrusli hefur búið til um það bil 70 ruslapoka í framleiðsluferlinu.
- Á hverju ári eru framleiddar meira en 80 milljarðar af flíkum en það þýðir 20 nýjar flíkur á hvern jarðarbúa á hverju ári.
- Það þarf um 2.700 lítra af vatni til þess að búa til einn stuttermabol, það er jafn mikið og einstaklingur drekkur á meira en 900 dögum.
- Með því að velja endurunna bómull sparar þú 20.000 lítra af vatni á hvert kíló af bómull.



Euro rammi
GW1980
Verð kr. 39.310 + vsk.

ÁSUÐUFESTINGASETT
EURO RAMMI - BAGGASPJÓT



Baggaspjót 1250mm
GW4042A
Verð kr. 15.533 + vsk.

Ásuðufestingasett
Euro á plötu
GW1987
Verð kr. 11.413 + vsk.

VB LANDBÚNAÐUR ehf. VB Agriculture ltd.
www.VBL.is
REYKJAVÍK Krókháls 5F 110 Reykjavík Sími: 414-0000
AKUREYRI Baldursnes 2 603 Akureyri Sími: 464-8600

Sögur dýravina:

Forystu-Flekkur



Búið er að endurútgefa bókina Forystu-flekkur sem kom fyrst út árið 1950 og var hin þriðja og síðasta í ritröðinni Menn og málleysingjar.

Sögurnar eru 40 talsins eftir 30 höfunda og flestar sóttar í tímaritið Dýravininn sem var lengi gefið út af Hinu íslenska þjóðvinafélagi. Tólf af sögunum í Forystuflekk eru úr Dýraverndaranum.

Fyrri útgefandi Forystu-Flekks var Norðri á Akureyri en ritstjóri Einar Sæmundsen skógarvörður. Efni bókarinnar var sótt í vinsæl tímarit dýravina sem gefin voru út frá árinu 1885. Útgefandi nú er bókaútgáfan Sæmundur.

Sjálfur man undirritaður að fyrri útgáfa Forystu-Flekks hafi verið til hjá afa hans og ömmu að Árnanesi í Nesjum og mikið lesinn. Bókin er gluggi inn í gamla bændasamfélagið og rómatíska náttúrusýn og hlakka ég mikið til að lesa hana aftur.

Í útgáfunni frá 1950 er engin grein gerð fyrir höfundum og víða ekki nema nafnið eitt sem birtist lesendum enda hafa margir höfundanna þá enn verið þjóðþekktir menn og ekki þurft frekari kynningar við. Við þessa endurútgáfu er stuttlega gerð grein fyrir höfundum í neðanmálsgrein með hverri sögu.

Í formála nýju útgáfunnar segir Bjarni Harðarson bókaútgefandi meðal annars að virk umræða um kjör dýra og barátta fyrir dýravernd hafi verið hluti af endurreisn og framfarabaráttu Íslendinga á 19. öld. „Rómantískar hugmyndir um þjóðfrelsi, framfarir og nýja dagrenningu vaknandi þjóðar runnu þá saman við baráttu fyrir mannúðlegra samfélagi. Sú mannúð náði út fyrir samfélag mannanna á mörgum sviðum og endurspeglast í þeirri fögru náttúrusýn sem við sjáum í margháttuðum kveðskap þessara tíma sem og skrifum dýravina um hagsmuni málleysingja.

En um leið er dýravernd, eins og hún birtist okkur í sögum þessum, afar athyglisverð innsýn í íslenskt bændasamfélag þar sem saman fara nytjar af búpeningi og virðing fyrir hverju dýri sem fullveðja einstaklingi. Þannig eru dýrin, sálarlíf þeirra, tilfinningar og vitsmunalíf lagt á sömu vogarskálar og ef um mannskepnu væri að ræða. Er sýn þessi afar athyglisverð og lærdómsrík nútíma fólki þar sem hvors tveggja gætir. Annars vegar hinna gömlu sjónarmiða vestrænnar menningar, að líta á dýrin sem „skynlausar" skepnur og svo hins vegar þau nútímasjónarmið að líta á nytjar búpenings sem andstæðu dýraverndar." */VH*

UNSINN

Glæsilegar þýskar kerrur

UNSINN

Traustur undirvagn - ál skjólborð
Gæða kerrur - Góð verð
Komið og kynnið ykkur úrvalið



BRIMCO
Yfir 20 ára reynsla

FLUGUMÝRI 8 - 270 MOSFELLSBÆ
SÍMI: 894 5111 - www.brimco.is



Sandblásturskassi m/ryksugu
2 stærðir
Verð frá 361.900 + vsk



Hobby Sandblásturskassi m/ryksugu
Verð 146.900 + vsk



Hobby Borð-Sandblásturskassi
Verð 39.320 + vsk



Þvottakör
3 stærðir
Verð frá 8.900 + vsk



Verkfæraskápur m/205 verkfærum
Verð 99.900 + vsk

- ✓ HREINSIEFNI
- ✓ SANDBLÁSTURSSANDUR
- ✓ VÉLAHLUTAÞVOTTAVÉLAR
- ✓ HÁÞRÝSTIDÆLUR
- ✓ DÆLUR
- ✓ O.m.fl.



Sandblásturskútur
38L
Verð 39.320 + vsk



Sandblásturskútur m/ryksugu
80L
Verð 53.200 + vsk



Ultrasonic Cleaner
36L
Verð 199.900 + vsk

SENDUM FRÍTT UM ALLT LAND MEÐ FLYTJANDA

JÁKÓ
vélar og efnavörur sf.
Auðbrekku 23, Kópavogi
s. 564 1819, www.jako.is

Áburðardreifarar



Sérstakt vorverð:
kr. 665.000,- án vsk.

AMAZONE ZA-X 1402 Perfect

Tvær dreifiskífur - meiri nákvæmni -
1400 lítra - hægt að stækka í 1700 lítra

■ 1400 lítra (2ja sekkja ■ Kögglasigti ■Ryðfríar skífur ■ Vinnslubreidd: 10 - 18 m ■ Mekanísk stilling ■ Jaðarbúnaður ■ Yfirbreiðsla.

Pinnatætarar



AMAZONE KE-3000 Special

- ■ Sterkir og öflugir pinnatætarar
- ■ 3ja metra vinnslubreidd
- ■ Jöfnunarvals fylgir með
- ■ Drifskaft með skrallkúplingu

Sérstakt vorverð:
kr. 1.450.000,- án vsk.

ÞÓR HF

Reykjavík:	Akureyri:	Opnunartími:	Vefsíða og netverslun:
Krókháls 16	Baldursnes 8		
110 Reykjavík	603 Akureyri	Opið alla virka daga	www.thor.is
Sími 568-1500	Sími 568-1555	Lokað um helgar	

Viðhald - Nýsmíði - Breytingar



JV hús ehf
Jón Vigfússon - löggiltur húsasmíðameistari
Sími: 6613700 - hafnarsport@simnet.is

Bílskúrs- og iðnaðarhurðir





- Stuttur afhendingartími
- Hágæða íslensk framleiðsla
- Val um fjölda lita í RAL-litakerfinu
- Vindstyrktar hurðir


Smíðað eftir máli
Iðnaðarhurðir
Iðnaðarhurðir með gönguhurð
Bílskúrshurðir
Hurðir í trékarma
Tvískiptar hurðir

Fyrsta flokks þjónusta og ráðgjöf

VD HURÐIR
Tunguháls 10, 110 Reykjavík, sími 567 3440, vagnar@vagnar.is, vagnar.is

Gólfhitakerfi

Ekkert brot ekkert flot



- Þægilegur hiti góð hitadreifing
- Hitasveiflur / Stuttur svörunartími
- Aðeins 12mm þykkar hitadreifiplötur
- Fljótlegt að leggja
- Ekkert brot ekkert flot
- Dreifiplötur límdar beint á gólfið
- Gólfefni lagt beint á dreifiplötur (flísar, parket)
- Hentar vel í eldra húsnæði jafnt sem ný hús og sumarhús
- Flooré gólfhitakerfi er einfalt, fljótlegt og þægilegt

Skemmuvegur 10 (blá gata) 200 Kópavogur
Sími 567 1330 Fax 567 1345 www.hringas.is

Hringás ehf.



Nemendur í 4. og 5. bekk fara árlega í heimsókn í Heimilisiðnaðarsafnið á Blönduósi og fá þar leiðsögn og fræðslu auk þess að spreyta sig á að vefa, kemba og spinna ull.

Húnavallaskóli:

Vinna verk með tilvísun í fullveldisafmælið

Húnavallaskóli tekur þátt í verkefni á vegum Textílsetursins en markmið þess er að auka þekkingu og innsýn nemenda í söguna, samfélagið, fullveldishugtakið og velta því fyrir sér hversu mikilvægt fullveldið og prjónaskapur er fyrir Íslendinga.

Um leið er aukin þekking á prjóni og mikilvægi þessa þjóðararfs í sögu landsins. Nemendur vinna verk sem hefur tilvísun í fullveldisafmælið þar sem prjón er nýtt sem verkfæri. Verkið verður sýnt á Prjónagleði 2018, sem haldin verður á Blönduósi í júní, og síðan mun það prýða súlu í Leifsstöð. Sagt er frá þessu á vef Húnavallaskóla. Jóhanna Pálmadóttir, forstöðumaður Textílsetursins, heimsótti nemendur í 4.–8. bekk og hóf verkefnið formlega nú fyrir skömmu. Í verkið er notuð ull í fánalitunum og prjónaðir eru bútar sem verða settir saman í teppi. Allir í skólanum geta tekið þátt.

Á vef skólans kemur einnig fram að nemendur í 4. og 5. bekk fara í árlega heimsókn í Heimilisiðnaðarsafnið. Eins og venja er fengu nemendur leiðsögn og fræðslu um safnið. Einnig fengu þau að spreyta sig á að vefa, kemba og spinna ull. */MÞÞ*



Jóhanna Pálmadóttir, forstöðumaður Textílsetursins, heimsótti nemendur í 4.–8. bekk og hóf verkefnið formlega, en það hefur tilvísun í fullveldisafmælið þar sem prjón er nýtt sem verkfæri.

Bændablaðið
Smáauglýsingar 56-30-300
Næsta blað kemur út 7. júní



HLIÐGRINDUR - ÝMSAR STÆRÐIR

Númer	Lýsing	Verð án vsk.	Verð með vsk.
F000 2147 03	Hlið 0,91 m, 7 sláa	kr. 11.018	kr. 13.662
F000 2147 04	Hlið 1,22 m, 7 sláa	kr. 12.900	kr. 15.996
F000 2140 05	Hlið 1,52 m, 7 sláa	kr. 14.264	kr. 17.687
F000 2147 06	Hlið 1.83 m, 7 sláa	kr. 17.222	kr. 19.147
F000 2140 07	Hlið 2,13 m, 7 sláa	kr. 15.779	kr. 21.355
F000 2140 09	Hlið 2.75 m, 7 sláa	kr. 20.549	kr. 25.481
F000 2140 10	Hlið 3,05 m, 7 sláa	kr. 21.396	kr. 26.531
F000 2140 11	Hlið 3,35 m, 7 sláa	kr. 23.211	kr. 28.782
F000 2140 12	Hlið 3,66 m, 7 sláa	kr. 23.376	kr. 28.986
F000 2140 13	Hlið 3,95 m, 7 sláa	kr. 26.658	kr. 33.056
F000 2140 14	Hlið 4,27 m, 7 sláa	kr. 28.509	kr. 35.351
F000 2140 15	Hlið 4,57 m, 7 sláa	kr. 29.639	kr. 36.752
F000 2140 16	Hlið 4.88 m, 7 sláa	kr. 30.327	kr. 37.605

VB LANDBÚNAÐUR ehf. VB Agriculture ltd.
www.VBL.is
REYKJAVÍK Krókháls 5F 110 Reykjavík Sími: 414-0000
AKUREYRI Baldursnes 2 603 Akureyri Sími: 464-8600



Forsvarsmenn verkefnisins gróðursettu nokkrar plöntur í tilefni dagsins en þetta eru þau, talið frá vinstri, Elfa Birkisdóttir, skólastjóri Bláskógaskóla, Halldór Páll Halldórsson, skólameistari menntaskólans, Þröstur Eysteinsson, skógræktarstjóri, Trausti Jóhannsson, skógarvörður á Suðurlandi, Hreinn Óskarsson, sviðstjóri samhæfingarsviðs Skógræktarinnar og Helgi Kjartansson, oddviti Bláskógabyggðar. Myndir / Magnús Hlynur Hreiðarsson

Nýr eldaskáli og þjónustuhús í Laugarvatnsskógi

Föstudaginn 11. maí var nýr eldaskáli og þjónustuhús með snyrtingum vígt í Laugarvatnsskógi. Af því tilefni voru 100 tré gróðursett í sérstökum fullveldislundi, eitt tré fyrir hvert ár fullveldis Íslands.

Eldaskálinn er allur úr íslensku timbri en timbur er byggingarefni framtíðarinnar enda bindur það í sér kolefni öfugt við stál og steinsteypu sem hefur í för með sér mjög mikla losun. Ívar Örn Þrastarson, byggingameistari og skógfræðingur, hefur stýrt framkvæmdum við eldaskálann. Í Laugarvatnsskógi hefur Skógræktin ásamt heimafólki, skólum á staðnum og fleirum starfað að skógafriðun og skógrækt allan fullveldistímann og því var þessi staður valinn til hátíðarhalda í tilefni fullveldisafmælisins. Svæðið hefur breyst úr berangri með lágvöxnu kjarri í blómlega skóga. Eldaskálinn og nýja þjónustuhúsið er samstarfsverkefni Skógræktarinnar, Bláskógabyggðar og skóla í sveitarfélaginu. Til stendur að koma upp fleiri eldaskálum upp á nokkrum stöðum á landinu á næstu misserum.

/MHH



Guðmundur Magnússon á Flúðum á heiðurinn af smíði þjónustuhússins sem er klætt að utan með lerki, mjög fallegt hús og mikil prýði af því á Laugarvatni.



Eldaskálinn er um 250 fermetrar að stærð, allur byggður úr íslenskum trjám, aðallega sitkagreni úr Haukadalsskógi.



Frá afhendingu Umhverfisverðlauna Eyjafjarðarsveitar fyrir árið 2017. Frá vinstri eru: Randver Karlsson, umhverfisnefnd, Hákon Bjarki Harðarson, formaður umhverfisnefndar, Árni Sigurlaugsson, Villingadal, Páll Snorrason, Hvammi, Snorri Ragnar Kristinsson, Brúnahlíð 8, Sigríður Ásný Ketilsdóttir og Ingólfur Jóhannsson, bæði úr umhverfisnefnd.

Umhverfisverðlaun veitt í Eyjafjarðarsveit

– Páll Snorrason í Hvammi hlaut hvatningarverðlaun fyrir skógrækt

Umhverfisverðlaun Eyjafjarðarsveitar fyrir árið 2017 voru afhent nýlega, en þau eru veitt þeim sem skarað hafa fram úr í tengslum við umgengni og umhirðu á sínu nánasta umhverfi. Umhverfisverðlaun Eyjafjarðarsveitar eru afhent annað hvert ár.

Að þessu sinni hlutu viðurkenningar ábúendur að Villingadal, eigendur Brúnahlíðar 8 og hvatningarverðlaun hlaut Páll Snorrason.

Villingadalur hlaut viðurkenningu fyrir snyrtilegt umhverfi og fallega ásýnd. Bærinn ber þess merki að vel hefur verið hugsa um allt nærumhverfið. Í Villingadal er vélum og tækjum vel upp raðað, girðingar í lagi, vel málað og ekki sýnilegur kerfill eða njóli. Ábúendur eru Guðrún Jónsdóttir, Árni Sigurlaugsson og Ingibjörg Jónsdóttir. Þá hlaut Brúnahlíð 8 viðurkenningu fyrir snyrtilega lóð og fallegan og vel hirtan garð. Eigendur eru Rannveig Guðnadóttir og Snorri Ragnar Kristinsson.

Páll Snorrason, Hvammi, hlaut hvatningarverðlaun fyrir lofsvert starf á sviði skógræktar. Hann hefur gróðursett og hugsað af mikilli natni um skógræktarsvæðin í Hvammi og á Kroppi. */MÞÞ*



Starfsfólk Friðheima, ásamt fulltrúum björgunarsveitanna í Bláskógabyggð, þegar hjartastuðtækin voru afhent formlega.

Starfsfólk Friðheima gaf tvö hjartastuðtæki

Nýlega afhenti starfsfólk Friðheima björgunarsveitum Bláskógabyggðar tvö fullsjálfvirk hjartastuðtæki að gjöf en þetta eru Björgunarsveit Biskupstungna og Björgunarsveitin Ingunn.

Tækin voru keypt úr sjóð sem kallast þjórfjársjóður (Tipssjóður) sem ferðamenn hafa gefið í, þrátt fyrir að ekki sé óskað eftir þjórfé, hvorki í formi söfnunarbauks né við uppgjör í lok þjónustu í Friðheimum. „Það er ómetanlegt fyrir okkur starfsfólkið, gestina okkar og nærsamfélagið í heild að eiga svona flottar björgunarsveitir að sem eru ávallt í viðbragðsstöðu hvenær sem er sólarhringsins. Þessar sveitir vinna svo ótrúlega óeigingjarnt starf og þurfa auðvitað að vera vel tækjum búnar og er það okkur heiður að geta lagt lóð á vogarskálarnar til þess,“ segir Rakel Theodórsdóttir, starfsmaður Friðheima. */MHH*


Skútustaðahreppur:
Slökkvibúnaður

Fram undan eru talsverðar breytingar á starfsemi sameiginlegs slökkviliðs Þingeyjarsveitar og Skútustaðahrepps í kjölfar þess að Vaðlaheiðargöng verða tekin í notkun síðar á þessu ári.

Að undanförnu hafa sveitarfélögin átt í viðræðum ásamt Slökkviliði Akureyrar við Vaðlaheiðargöng hf. um búnaðarkaup. Fram hefur verið lagður samningur um framlag Vaðlaheiðarganga hf. til búnaðarkaupanna, en samkvæmt honum skuldbinda Vaðlaheiðargöng sig til að veita slökkviliðunum framlag að upphæð 80 milljónir króna vegna Vaðlaheiðarganga.

Sveitarstjórnir beggja sveitarfélaganna, Þingeyjarsveitar og Skútustaðahrepps, hafa staðfest samninginn. */MÞÞ*

ÍSRÖR



Hjá Ísrör færðu einangruð hitaveiturör frá LOGSTOR


– Stálrör
– Stálfittings og samsetningar

– Pexrör
– Pexfittings og samsetningar

– PexElextra sveiganlegri plaströr
– Pexfittings og samsetningar

Og svo allt annað sem þarf til hitaveitulagna

ÍSRÖR



Nýtt hjá ÍSRÖR

Bjóðum nú kaldavatnslagnir PE-100 og PE-80 ásamt tilheyrandi fittings

Bjóðum einnig snjóbræðslurör PP og PE

Hringhella 12, 221 Hafnarfjörður · Sími 565 1489 · isror@isror.is · www.isror.is

Bændablaðið
Smáauglýsingar 56-30-300




ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA
FYRIR ÍSLENSKA VEÐRÁTTU
PVC GLUGGAR I HURÐIR I RENNIHURÐIR
SÓLSTOFUR I SVALALOKARNIR

PGV
FRAMTÍÐARFORM EHF
PLASTGLUGGAVERKSMIÐJA

Hafðu samband, veldu viðhaldslítið og notaðu frítíma þinn í annað en málningar-og viðhaldsvinnu

SKIPHOLT 35, 105 REYKJAVÍK I SELJABÓT 7, 240 GRINDAVÍK
510-9700 I WWW.PGV.IS I PGV@PGV.IS

Husqvarna – Steinsagir, kjarnaborvélar, gólf- og vegsagir



HUSQVARNA FS 400 LV
Sögunardýpt 16,5 sm

HUSQVARNA K 760
Sögunardýpt 12,5 sm

HUSQVARNA K 3600 MK II
Sögunardýpt 27 sm

HUSQVARNA K 2500
Sögunardýpt 14,5 sm

HUSQVARNA DM 230

HUSQVARNA
Steinsagarblöð og kjarnaborar

MHG VERSLUN

Framúrskarandi fyrirtæki 2017

ALLT FYRIR ATVINNUMANNINN

MHG Verslun ehf | Akralind 4 | 201 Kópavogi | Sími 544-4656 | www.mhg.is

AUÐLINDIR & UMHVERFISMÁL

Fuglarnir mættu daginn eftir að skurðgrafan fór

– segir Andrés Skúlason, oddviti í Djúpavogshreppi, um vel heppnaða endurheimt votlendis í hreppnum og gróskumikið fuglalíf

Einlægur áhugi á umhverfismálum einkennir Andrés Skúlason, oddvita Djúpavogshrepps. Andrés er fæddur og uppalinn í náttúruparadísinni Borgarfirði eystri en bróðurpart ævinnar hefur hann þó lifað og starfað í annarri náttúruparadís, sem er Djúpavogshreppur. Oddvitastarfinu hefur hann gegnt í sextán ár. Andrés er auk þess formaður skipulags- og umhverfisnefndar.

Umhverfi mótar fólk og Andrés er ekki í vafa um áhrif austfirskrar náttúru á hann sjálfan.

„Áhugi og tenging við náttúruna hefur því fylgt mér frá blautu barnsbeini. Þetta hefur vaxið jafnt og þétt eftir því sem ég hef aflað mér meiri þekkingar á náttúru- og umhverfisvernd í sínum víðasta skilningi.“ Oddvitinn bætir því við að hann hafi fundið fyrir knýjandi þörf að beita sér fyrir umhverfismálum sem hafi óumdeilt haft góð áhrif á samfélagið.

Umhverfismál eru eilífðarverkefni

Andrés segir að umhverfismálin eigi sér enn of fáa talsmenn á sveitarstjórnarsviðinu. Hann hafi hins vegar ekki hikað við að taka einarða afstöðu þegar umhverfismálin séu annars vegar. Þau séu einfaldlega mál málanna.

„Ég tel mig geta kinnroðalaust haldið því fram að Djúpavogshreppur hafi verið í fararbroddi sveitarfélaga í landinu þegar kemur almennt að náttúruvernd og umhverfismálum og auk þess minjaverndarmálum, þó er auðvitað hér eins og annars staðar alltaf hægt að bæta úr. Umhverfismál eru eilífðarverkefni.“

En hvernig líður manni sem er alinn upp í samfélagi veiðimanna og bænda og var vanur því að handleika byssur og veiðarfæri af ýmsu tagi? Saknar hann ekki þess tíma? „Nei, nú horfi ég á náttúruna og lífríkið öðrum augum en áður. Ég nýt þess að fylgjast með atferli fugla og mynda þá en læt ógert að drepa þá, nema hvað ég geng enn þá til rjúpnaveiða, það er hluti af menningararfleifðinni.“

Náttúrubarnið Andrés segir að hann horfi á umhverfi sitt í öðru og stærra samhengi en áður. „Þegar kemur að umhverfinu verður náttúran og lífríkið að njóta vafans. Við sjáum örar breytingar eiga sér stað í loftslagsmálum. Það er ekki í boði að segja að við séum svo lítil eða fá að við skiptum ekki máli. Við erum öll hluti af þessari jörð og berum ábyrgð á henni.“

Djúpavogshreppur hefur friðlýst nokkur svæði

Djúpavogshreppur hefur unnið í mörgum athyglisverðum verkefnum á sviði umhverfismála á liðnum árum.

„Það hefur verið sérstaklega ánægjulegt fyrir mig sem oddvita og fulltrúa sveitarfélagsins að fá að taka þátt í að móta metnaðarfulla stefnu í þessum málum. Við höfum meðal annars friðlýst nokkur svæði og tekið í umsjón og ber þar Teigarhorn auðvitað hæst. Við erum líka fyrsta sveitarfélagið til að friðlýsa búsvæði tjarnarklukkunnar og þar með fyrsta sveitarfélagið til að vernda smádýralíf og taka þar með þátt í að verja og viðhalda líffræðilegri fjölbreytni. Þá settum við fram mjög metnaðarfulla verndarstefnu í Aðalskipulagi sveitarfélagsins 2008 – 2020 og fengum til þess mjög góðan stuðning úr nærsamfélaginu,“ segir náttúruverndarsinninn Andrés sem hefur einnig unnið í metnaðarfullum og stórum verkefnum sem varða menningarminjar í sveitarfélaginu - endurgerð gamalla húsa og skráningarverkefnum, sbr. fornleifaskráningum þar sem verndarsjónarmið er haft að leiðarljósi. „Ég geri engan greinarmun á náttúru- og minjavernd, hvort tveggja er jafn mikilvægt, þetta er órjúfanlegt samspil í mínum augum.“



Andrés Skúlason. Í bakgrunni er svokölluð Borgargarðsblá eða Bláin eins og svæðið er kallað. Mynd / ask



Skurður í Teigarhorni fyllist af mold. Mynd / Guðmundur Gunnlaugsson gröfumaður.

Voru með hugann við loftslagsmálin

– Hvers vegna ákvað Djúpavogshreppur að endurheimta 20 ha votlendi á Teigarhorni? Hver var hvatinn?

„Hann er í raun margþættur. Í fyrsta lagi er landið friðlýst. Með þessu viljum við ekki bara endurheimta votlendi heldur fjarlægja þessi mannvirki sem skurðir eru. Við erum að færa landið til hins upprunalega með þessu og svo um leið viljum við leggja í púkkið á heimsvísu til að sporna við neikvæðum afleiðingum í loftslagsmálum.

Þá hefur þegar komið í ljós að lífríki hefur aukist til muna á svæðinu á Teigarhorni þar sem við endurheimtum votlendi. Fuglalíf er mun meira á þessu svæði og má þar nefna að æðarfuglinn var mættur mjög fljótlega eftir votlendisendurheimtina á Teigarhorni.“

Andrés segir ljóst að víða hafi verið gengið mjög harkalega fram við framræslu lands og þar með hefur verið gengið mjög á mikilvæg búsvæði margra mikilvægra fuglastofna af fullkomnu skeytingarleysi. „Í langan tíma var það eiginlega hálfgerð þjóðaríþrótt að ræsa fram land og þá skipti stundum litlu hvort ætti að nýta það til ræktunar eða ekki. Bændur voru beinlínis styrktir til að grafa skurði. Ég ásaka þá ekki. Við vitum bara betur í dag og hvaða afleiðingar framræsla á votlendi hefur gagnvart fuglum og gróðurhúsalofttegundum.“

Ótrúlega skemmtileg þróun í Blánni

Skammt frá fótboltavellinum á Djúpavogi er svokölluð Borgargarðsblá eða Bláin eins og svæðið er kallað. Hluti af landinu, eða um 25 hektarar, hefur verið endurheimtur og má segja að hafi orðið hrein sprenging í fuglalífinu og hreint ótrúlegt að sjá hvað svæðið tekur skemmtilega við sér. Andrés sagði að fuglarnir hefðu mætt daginn eftir að grafan sem notuð var til að fylla í skurðina fór af svæðinu.

„Þarna má nú sjá fjölmargar andartegundir, vaðfugla og svo er gríðarstór hópur grágæsa sem hefur haldið sig á svæðinu og hafa orpið þar líka. Ég hefði ekki trúað – fyrr en ég sá – þessar jákvæðu breytingar. Það sem gerðist í Blánni fór langt fram úr mínum björtustu vonum.“

– Hvað vakti fyrir ykkur með því að endurheimta votlendi í Blánni?

„Markmiðið er það sama og á Teigarhorni, taka ábyrgan þátt gegn loftslagsbreytingum, endurheimta, ásýnd svæðisins og auka fuglalíf

Djúpavogshreppur og Cittaslow – Markmið í umhverfismálum

Djúpavogshreppur hefur innleitt hér hugmyndafræði sem nefnist Cittaslow. Í þeirri hugmyndafræði þarf að uppfylla 70 viðmið og þar inni eru mörg og stór markmið sem sett eru fram m.a. í umhverfismálum og þar með vernd náttúru- og menningarminja.


„Við vorum það sveitarfélag á landinu sem byrjaði hvað fyrst að flokka úrgangsefni frá heimilum og fyrirtækjum og erum sífellt að þróa það til að ná betri árangri og þessa dagana erum við einmitt að vinna markvisst að þeim málum. Sömuleiðis eru fráveitumál stórt umhverfismál sem við erum búin að gera áætlun um að ljúka á næstu árum.

Öll eru þessi mál hluti af því að uppfylla viðmið sem Cittaslow-hugmyndafræðin setur okkur.

Þá skal síðast en ekki síst að nefna endurheimt votlendis sem er stórt framlag til loftslagsmála. Þá er stefnt í aðalskipulagi okkar að frekari friðlýsingu svæða í sveitarfélaginu,“ segir Andrés



Votlendið í Teigarhorni verður að veruleika. SG vélar á Djúpavogi sáu um verkið þar og í Blánni. Mynd / GG.



Jaðrakan í endurheimtu landi. Mynd / AO

og fjölbreytni lífríkis á svæðinu almennt.“

Bláin var ræst fram fyrir margt löngu og eins og um önnur svæði átti þar að vinna og rækta land til grasnytja. Það var þó aldrei stundaður heyskapur á þessu svæði sem neinu nam því það náðist satt best að segja aldrei að þurrka það nægilega vel upp. Andrés segir að þessi framræsing hafi verið mikil mistök á sínum tíma.

„Ég álasa mönnum ekkert sem þetta gerðu. Fólk vissi bara ekki betur á þeim tíma.“

Allir eiga að leggja sitt af mörkum

− Má segja að þessi framkvæmd sé framlag Djúpavogshrepps til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda?

Sannarlega má segja að svo sé og að mínu mati er þetta bara upphafið að frekari endurheimt í sveitarfélaginu, ég að minnsta kosti vona að haldið verði áfram á sömu braut því árangurinn er ótvíræður.“

− Er það ekki dálítið magnað að lítið sveitarfélag norður á hjara veraldar sé að gera meira í endurheimt votlendis en stór sveitarfélög?

„Jú, sannarlega, mér finnst það vera góður vitnisburður fyrir okkar fámenna en landstóra sveitarfélag að við skulum takast á hendur svo stórt verkefni. Við viljum að hver og einn – þótt lítill sé – leggi sitt af mörkum til að sporna við hlýnun jarðar. Okkur ber skylda til að hugsa um komandi kynslóðir og sýna metnað með því að leggja lóð á vogarskálarnar inn í framtíðina í þessum efnum.“

Jákvæð viðbrögð íbúa Djúpavogshrepps

− Ég þykist vita að fuglarnir séu hæstánægðir með endurheimt votlendis hjá Djúpavogshrepp – en hvað segja samborgarar þínir? Fólkið sem býr í hreppnum?

„Jú, víst fékk ég spurningar til hvers væri verið að þessu. En ég finn ekki annað en bara mjög jákvæðar undirtektir hjá íbúunum þegar fólk sér hvernig svæðið tekur sig út eftir endurheimtina. Fólk skilur þegar það sér breytinguna hvað þetta hefur gríðarlega skjótvirk og jákvæð áhrif m.a. á fuglalífið og þarna hafa auk þess myndast fallegar tjarnir.

Það er efalaust um þetta eins og margt annað að fólk hefur skiptar skoðanir en þó finn ég ekkert annað en stuðning við endurheimtina, ekki síst frá eldra fólki, sem hafði sumt hvert reyndar hvatt mig til að ganga fram í þessum málum löngu áður en þetta átak um endurheimtina átti sér stað.“

− Eru einhverjar áætlanir um framhald eða meiri endurheimt í sveitarfélaginu?

Það verður nýrrar sveitarstjórnar að taka ákvörðun um það en ég vil trúa því að þegar ávinningurinn er svona augljós að það hljóti að vera ríkur vilji að halda áfram á sömu braut.“



Gæsin kunni vel við sig í Blánni. Mynd / AO

Verndarsvæði í byggð

Djúpavogshreppur náði þeim áfanga að gerast fyrst sveitarfélaga aðili að verkefninu Verndarsvæði í byggð með staðfestingu ráðherra. En hvað er Verndarsvæði í byggð?

Markmiðið með Verndarsvæði í byggð er að stuðla að vernd og varðveislu byggðar sem hefur sögulegt gildi sem ástæða þykir að varðveita. Við þessa vinnu er lagt mat á varðveislugildi viðkomandi svæða og á Djúpavogi má segja að sagan sé við hvert fótmál.

Andrés sagði að heimamenn hefðu séð í því mikil tækifæri að gerast aðilar að þessu verkefni með það fyrir augum að vinna með söguna, og t.d. gömlu húsin sem verið er að endurgera.



Lómur á „nýrri“ tjörn. Mynd / AO

„Við viljum blanda saman fortíð og framtíð með því að nýta gömlu húsin með fjölbreyttum og nýstárlegum hætti.

Við afmörkuðum miðbæjarsvæðið hér í kringum voginn og skilgreindum sem Verndarsvæði í byggð og á grunni vinnunnar við verndarsvæðið erum við svo að vinna deiliskipulag hér á miðbæjarsvæðinu og þannig tryggjum við þessa órjúfanlegu og mikilvægu samþættingu, fortíðar og framtíðar.

Þau sveitarfélög sem hafa rutt gömlu húsunum og öðrum merkum menningarminjum í burtu eru að rýra framtíð sína og sérstöðu. Fulltrúar sveitarfélaga almennt ættu í mun meira mæli að sjá tækifærin sem felast í að varðveita menningarminjar og nýta þau miklu tækifæri sem felast í því.

Fornleifaskráningar og varðveisla á minjasvæðum eru því gríðarlega mikilvægar og það er að mínu mati besta leiðin til að varðveita menningararfinn sem að öðrum kosti kann að glatast með öllu.“

Sveitarstjórnarfólk og landeigendur – hugsið til framtíðar

− Hvers vegna ættu sveitarfélög – lítil og stór – að hefja endurheimt votlendis? Hvað viltu segja við allt það góða fólk sem innan skamms sest í nýjar umhverfisnefndir og sveitarstjórnir?

„Það sem ég vil segja við nýtt sveitarstjórnarfólk sem og landeigendur almennt úti um hinar dreifðu byggðir landsins, þar sem jarðir hafa fengið nýtt hlutverk t.d. í ferðaþjónustutengdri starfsemi. Hugsið til framtíðar og látið taka út t.d. aflagt framræst land sem sýnt er að ekki verði nytjað frekar til ræktunar og látið endurheimta og leggið þannig ykkar af mörkum.

Aðilar í ferðaþjónustu geta einnig lagað að sér fjölda ferðamanna með því að endurheimta votlendi og auka þannig fuglalíf sem margir hafa áhuga á, auk þess eru menn um leið í tilfellum að bæta stórlega ásýnd svæða. Það verður því hver og einn að skoða túngarðinn heima í þessum efnum og huga að því hvernig þeir ætla að skilja eftir sig jákvætt vistspor inn í framtíðina.“

− Væri ráð að gera úttekt á landi í sveitarfélaginu og athuga hvar mætti endurheimta votlendi?

„Já, það ættu í raun öll sveitarfélög að láta gera úttekt í þessum efnum í góðu samstarfi við landeigendur og gera svo áætlun um endurheimt votlendis í kjölfarið í takti við umfangið.“



Flogið yfir endurheimtu landi. Mynd / AO

Fólk getur ekki beðið eftir að aðrir bjargi heiminum

− Hefur almenningur – kjósendur – meiri áhuga nú en áður á umhverfismálum, landgræðslu, skógrækt og loftslagsmálum en áður?

„Það er mín tilfinning að fólk sé mun meðvitaðra í dag en áður. Það eru ekki svo ýkja mörg ár að menn afneituðu loftslagsbreytingunum og afleiðingum ýmissa mengandi efna. Nú vita menn betur og mótrökin fokin út í veður og vind.

Helsta áhyggjuefnið er að margir virðast ætla að treysta því að það verði bara einhverjir aðrir sem taki að sér að bjarga heiminum í þessum efnum. Við náum ekki árangri í þessum málum nema að heimurinn taki allur höndum saman – og þeir sem nú lifa verða að hugsa hlýrra til afkomenda sinna en svo að þeir ætli bara að eftirláta öðrum að vinna á vandanum, sem hefur orðið til á ótrúlega skömmum tíma.

Ég hef stundum sagt að okkar kynslóð sé bara eins og eitt sandkorn í jarðsögunni, samt hefur þessari kynslóð nánast einni tekist að kollvarpa jarðkringlunni með ófyrirsjáanlegum afleiðingum á örtíma í þessu samhengi. Það er því eiginlega ótrúlegt að eins vel og almenningur á að vera upplýstur skuli hann ennþá sýna jafn mikið skeytingarleysi gagnvart móður jörð og raun ber vitni. Mengunin er yfirgengileg og afleiðingar hennar gríðarlegar og það er fullkomlega ábyrgðarlaust að skila jarðkringlunni svona af sér til afkomenda okkar og ætla þeim að vinna úr vanda sem við höfum kallað yfir þau.

Við erum ekkert of góð að byrja strax að taka ærlega til í garðinum okkar. Vandi afkomenda verður nú nægur samt að takast á við þær áskoranir sem bíða þeirra,“ segir Andrés Skúlason. /ÁÞ



Gamli traktorinn



Cassani - fyrsta dísil-dráttarvélin í heimi

Francesco Cassani var undrabarn og frumkvöðull þegar kom að hönnun og smíði dráttarvéla. Tvítugur smíðaði hann fyrstu dísildráttarvélina ásamt bróður sínum. Árið 1942 stofnuðu þeir SAME sem í dag er hluti af SAME Deutz-Fahs, eins stærsta dráttarvélaframleiðanda í heimi.



Þrátt fyrir að Francesco Cassani sé ekki jafnþekkt nafn og Harry Ferguson og Henry Ford í heimi dráttarvélaframleiðslu var hann undrabarn og frumkvöðull þegar kom að vélahönnun og smíði dráttarvéla.

Árið 1942 stofnuðu ítölsku bræðurnir Francesco og Eugenio Cassani dráttarvélaframleiðslufyrirtækið Società Accomandita Motori Endotermici, skammstafað SAME.



Smíðaði fyrstu dísildráttarvélina tvítugur

Francesco fæddist skömmu eftir aldamótin 1900 og fyrsti mótorinn sem hann smíðaði var flugvélamótor. Tæplega tvítugur að aldri hóf hann að gera tilraunir með dísilvélar sem var það nýjasta nýja á þeim tíma. Bræðurnir smíðuðu sinn fyrsta traktor 1927 sem fékk heitið Cassani 40. Jafnframt því að vera fyrsta ökutæki með dísilvél sem smíðað var utan Þýskalands var það fyrsta dísildráttarvélin.

Vélin var tveggja strokka á fjórum stálhjólum, 40 hestöfl við 550 snúninga á mínútu. Traktorinn var fjögurra gíra, þrír áfram og einn aftur á bak og náði fimmtán kílómetra hámarkshraða.

Aðdragandi SANE

Bræðurnir hófu að kanna möguleikann á að fjöldaframleiða dráttarvélar árið 1942 og sama ár stofnuðu þeir SAME. Þremur árum eftir lok heimsstyrjaldarinnar síðari, 1948, settu þeir fyrstu dráttarvélina á markað, þriggja hjóla smátraktor sem kallaðist Trattorino Universale.

Traktorinn þótti ódýr og fjölhæfur en klunnalegur í notkun. Vélin var tíu hestöfl og gekk fyrir parafíni og með einfalda lyftu. Trattorino Universale var fyrsti traktorinn í heimi með snúningssæti fyrir ökumanninn.

Árið 1952 setti fyrirtækið á markað fyrstu fjórhjóladrifnu dísildráttarvélina, DA 25. Sú dráttarvél var tveggja strokka, 25 hestöfl og loftkæld. Sex árum síðar kynnti fyrirtækið til leiks beltadráttarvél sem byggði á grunnhugmynd Ferguson.

Francesco bar mikla virðingu fyrir Harry Ferguson og leit reyndar á hann sem sinn eina keppinaut þegar kom að hönnun og smíð dráttarvéla.

Útþensla SANE

Snemma á áttunda áratug síðustu aldar keypti SANE traktorsdeild Lambourghini. Árið 1979 bættist svissneski dráttarvélaframleiðandinn Hürlimann í safnið og nafni SAME breytt í SAME-Lambourghini-Hürlimann, skammstafað SLM.

Rekstrarerfiðleikar

Efnahagssamdrátturinn á níunda áratug síðustu aldar reyndist SLM erfiður en fyrirtækið stóð þrengingarnar af sér.



Snemma árs 1995 keypti SLM þýska dráttarvélaframleiðandann Deutz-Farh og var nafni SLM breytt í SDF, SAME Deutz-Farh.

Í dag er SDF einn stærsti dráttarvélaframleiðandi í heimi. Það framleiðir dráttarvélar víða um heim og er með söluskrifstofur víða, þar á meðal á Íslandi.

Haft er eftir Francecco Cassini að SAME hafi ekki verið stofnað til að græða peninga heldur til að færa Ítalíu virtan iðnað. */VH*

UTAN ÚR HEIMI

Vélakostnaður ákvarðar arðsemi sauðfjárbænda

Rannsakendurnir Ola Flaten hjá norsku lífhagkerfisstofnuninni (NIBIO) og Lars Rønning hjá Byggðarannsóknum í Noregi rannsökuðu 72 sauðfjárbú á árunum 2007–2009 og komust að því að það er ekki kjötframleiðslan á hvern skrokk sem ákvarðar arðsemi sauðfjárgreinarinnar heldur vélakostnaður.

„Það að hafa góða stjórn á vélakostnaði er mikilvægara en að ná hámarksframleiðsluniðurstöðum. Bændurnir, sem voru með háan vélakostnað, voru jafnframt með lægstu arðsemina og verða því ekki nógu góðir sauðfjárbændur fyrir vikið," segir Ola Flaten.

Mikið tekjubil hjá bændunum

Rannsóknin sýndi svo ekki um villtist að það er ekki samasemmerki á milli þess að eiga stóra dráttarvél og að reka gott sauðfjárbú. Rannsóknin nær til lengri tíma einnig til beitarlands, fóðrunar og bygginga.

„Það sem er mikilvægt er að vera með dráttarvél sem ræður við þau verkefni sem þarf að vinna þannig að sauðfjárbændur ættu ekki að hafa sem markmið að vera með stærstu mögulegu vélina á markaðnum," segir Ola en hann og Lars, félagi hans, könnuðu einnig velferð og ánægju sauðfjárbændanna í könnuninni:


„Allra flestu sauðfjárbændurnir sem tóku þátt voru mjög ánægðir með að stunda búskapinn, óháð arðsemi við hann. Hér kom fram mikil gleði hjá bændunum með að annast dýrin og að halda bæjunum í byggð. Það sem kom okkur á óvart var hversu mikið tekjubil var á milli bændanna, allt frá tímalaunum upp á rúmar 2 þúsund krónur íslenskar og niður í tímakaup upp á rúmar 500 krónur íslenskar í mínus. Svo hér var klárlega þáttur sem hægt væri að fara frekar ofan í saumana á til að auka skilvirkni. Meðalbúið þénaði um 700 krónur íslenskar á tímann samkvæmt þeim tölum sem bændurnir gáfu upp. Það var tilhneiging til að vera betri arðsemi á stærri búunum en þó var það ekki afgerandi að menn væru með stóran rekstur."

Góð stjórn á föstum kostnaðarliðum

Ola skrifaði grein í fyrra um svipað málefni þar sem hann líkti sauðfjárbúskap í Noregi við geitfjárrækt og birtist greinin í norska fagtímaritinu Sau og Geit.



Ola Flaten hjá norsku lífhagkerfisstofnuninni hefur rannsakað arðsemi sauðfjárbúa í Noregi ásamt kollegum sínum og borið saman við geitfjárbúskap.



Hér má sjá mun á vinnu og eiginfé fyrir hvert ársverk á 9 ára tímabili milli nokkurra mismunandi búfjárgreina í Noregi. Mynd / Ola Flaten

Samanburður á greinunum tveimur sýndi að arðsemisþróun hefur verið góð í geitfjárrækt undanfarin 10 ár.

„Það hefur verið hóflegri framför í sauðfjárræktinni á sama tímabili en í báðum rekstrarformunum þarf að hafa góða stjórn á föstum kostnaðarliðum og skilvirk notkun á starfskröftum er mikilvæg til að ná góðri arðsemi. Sameiginlegt með bæði sauðfjár- og geitfjárræktinni er að skilyrði sem greinunum eru gefnar frá stjórnvöldum hafa mikil áhrif á framtíðararðsemi þeirra," útskýrir Ola og segir jafnframt:

„Veður, markaðir og stjórnmálin geta notendur eða réttara sagt bændurnir í þessu tilfelli gert lítið með. Það hefur þó sýnt sig að hin miklu tilbrigði innan greinanna er hægt að gera ýmislegt með til að bæta arðsemina í rekstri hvers og eins. Betri stjórnun kostnaðar og skilvirk notkun á starfsfólki eru oft og tíðum mikilvægar ráðstafanir en þó þarf að passa upp á að skera ekki á kostnað og vinnuframlag á kostnað arðseminnar."

/ehg - Ostlendingen.no

Undur náttúrunnar:

Djassaðir hákarlar

Rannsóknir sýna að hákarlar geta lært að þekkja djasstónlist sé fæða í boði en að klassísk tónlist gerir þá áttavillta.

Nýleg rannsókn við Macquarie-háskólann í Sydney í Ástralíu bendir til að hákarlar geti lært að þekkja og átta sig á hvaðan djasstónlist kemur séu fæðugjafir í boði en að klassísk tónlist rugli þá í ríminu og geri þá áttavillta.



Rannsókn bendir til að hákarlar geti lært að þekkja og átta sig á hvaðan djasstónlist kemur séu fæðugjafir í boði.

Rannsóknin sem um ræðir fólst í því að kanna skynjun hákarla á hljóði. Lengi hefur verið vitað að hákarlar laðast að vélarhljóði báta og talið að þeir setji það í samhengi við fæðu sem ferðamenn og leiðsögumenn henda í sjóinn til að laða hákarlana að. Dæmi sýna að hákarlar eru ótrúlega fljótir að læra þetta atferli og nýta sér það óspart.

Til að kanna getu til að setja ólík hljóð í samhengi við fæðu var spiluð fyrir þá ólík tónlist, djass og klassík. Hegðun hákarlanna sýndi greinilega að hákarlarnir lærðu að staðsetja mismunandi fæðustaði þar sem djasstónlist var spiluð. Aftur á móti virtust þeir missa áttir þegar spiluð var klassísk tónlist. Greinilegt var að þeir áttuðu sig á að eitthvað átti að gera en þeir rötuðu ekki á fæðugjöfina. */VH*

Leiðandi framleiðandi í gólfum fyrir gripahús

naut - svín - hross - sauðfé



Hefðbundnir gólfbitar



Rastaðir gólfbitar



Velferðargólf - gúmmí og steinsteypa

AB Andersbeton www.andersbeton.com (VDV benton)

Benedikt Hjaltason · Akureyri · Sími 894 6946 · Netfang: fjosbitar@simnet.is

Bændablaðið á bbl.is og líka á Facebook

Hringburstar og burstakefli

Burstar á lager
í flestar gerðir sópa



Vesturhrauni 3 - 210 Garðabær - Sími: 480-0030
sala@burstagerdin.is - www.burstagerdin.is

BURSTAGERÐIN ehf

SAVAGE ARMS ACCUTRIGGER ACCUSTOCK

NIELSEN SONIC **SONIC hljóðdeyfa á alla riffla** NIELSEN SONIC


Model: 93R17GVXP
Cal: 17HMR þungt hlaup og Bushnell sjónauki 3-9x40
kr. 74,900


MarkII FVXP
Cal: 22 LR Bushnell sjónauki 3-9x40
kr. 59,900


Trophy Hunter XP
Cal: 223 - 243 og 260 Bushnell sjónauki 3-9x40
kr. 125,900



110 Tactical Desert
Cal: 308 og 6,5 creedmoor snittaður stillanlegt skefti
kr. 159,900


Savage Axis II XP
Cal: 223 og 243 Bushnell sjónauki 3-9x40 stillanlegur gikkur og skefti
kr. 89,900

Vesturröst

Sérverslun veiðimannsins - Laugavegi 178 - sími: 551 - 6770 - www.vesturrost.is

FLAUTAN ER KOMIN!



DRONEFLY
AERIAL VIDEOGRAPHY / PHOTOGRAPHY

VERSLUN, VERKSTÆÐI, LEIGA & NÁMSKEIÐ
KRÓKHÁLSI 6 - S: 566-6666 - DRONEFLY.IS

MULTI ONE®
Oft veltir lítil vél þungu hlassi

Ný sending af MultiOne 6.3 SD fjölnotavélum

Nú bjóðum við MultiOne 6.3 SD vélar á enn betra verði en áður og með fleiri aukahluti innifalda. Um er að ræða frábærar fjölnotavélar með **1200 kg lyftigetu**.

Á MultiOne 6.3 SD situr stjórnandi í aftari hluta þessara lipru og sveigjanlegu véla. **Vélarnar afhendast með skóflu, aukaballest að aftan og taðgreip.**

Hafðu samband við sölumann í síma 590 5116 eða sendu línu á iab@klettur.is og kynntu þér þína möguleika.

KLETTUR

KLETTUR / SALA OG ÞJÓNUSTA / KLETTAGARÐAR 8-10 / 104 REYKJAVÍK / 590 5100 / klettur.is

HELSTU NYTJAJURTIR HEIMSINS



Óþroskuð vanillualdin.

Vanilla í flokki með músík og málaralist



Vilmundur Hansen
vilmundur@bondi.is

Flestir þekkja bragðið af vanillu og þykir gott. Þrátt fyrir það hafa margir aldrei smakkað náttúrulega vanillu þar sem yfir 90% af vanillu á markaði er bragðefni sem er að mestu unnið úr trjákvoðu. Sagt hefur verið um vanillu að það sé ekki til nokkurs gagns og því í flokki með músík og málaralist.

Náttúruleg vanilla er annað dýrasta krydd á markaði, einungis saffran er dýrara. Samkvæmt heimildum FAO, Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna, var heimsframleiðsla á vanillu 7.940 tonn árið 2016.

Madagaskar, út af austurströnd Afríku, er stærsti ræktandi vanillu í heiminum og framleiðir rúm 2.900 tonn á ári. Indónesía er í öðru sæti og framleiðir rétt rúm 2.300 tonn. Mexíkó er í því þriðja með 513 tonn og Papúa Nýja-Gínea í því fjórða og framleiddi 502 tonn af vanillu. Kínverjar hafa jafnt og þétt verið að auka sína framleiðslu og mun hún hafa verið 335 tonn árið 2016.


Talið er að framleiðsla á vanillu á Madagaskar muni dragast saman á næstu árum vegna hnattrænnar hlýnunar.

Samkvæmt upplýsingum á vef Hagstofu Íslands voru flutt inn 1.485 kíló af ómulinni vanillu árið 2017 og 2.909 kíló af pressaðri og mulinni vanillu sama ár eða samanlagt tæp 4.400 kíló Fyrir utan það sem flutt er inn í tilbúnum matvælum eins og súkkulaði, kökum og ís.

Mest er flutt inn af pressaðri vanillu frá Bandaríkjum Norður-Ameríku, 2.777 kíló og Indlandi, 466 kíló. Af ómulinni vanillu kemur mest frá Madagaskar, 807 kíló og Frakklandi, 221 kíló.

Brönugrasaætt

Orkideu- eða brönugrasaættin er sú ætt plönturíkisins sem hefur að geyma flestar tegundir blómstrandi plantna. Í dag teljast tegundirnar innan ættarinnar vera um 28.000 og skiptast niður á 763 ættkvíslir. Margar tegundir eru mjög fáséðar og friðaðar. Að sama skapi eru þær eftirsóttar af söfnurum sem eru reiðubúnir að greiða gríðarlega hátt verð fyrir þær. Stuldur á sjaldgæfum orkideum er því víða vandamál. Orkideur eru vinsælar pottaplöntur.



Árið 1841 fann tólf ára þræll, Edmond Albius, á frönsku nýlendunni Réunion í Indlandshafi, aðferð til að handfrjóvga vanilluorkideuna.

Tvær tegundir orkidea finnast villtar á Íslandi, Friggjargras, Platanthera hyperborea, og hjónagras, Pseudorchis staminea, eins og þær kallast í dag. Í alþýðumáli hafa þessar plöntur gengið undir ýmsum nöfnum sem tengjast útliti þeirra, þjóðtrú eða trúnni á virkni þeirra, brönugras, barnarót, pungvör, graðrót, hornberi, rægirót og vinarót.

Ættkvíslin Vanilla

Ættkvíslin Vanilla telur um 110 ólíkar tegundir en aðeins fáar þeirra, aðallega V. planifolia og í minna mæli V. pompona og V. tahitensis eru nýttar til matar sem krydd. V. tahitensis er líklega blendingur af V. plantifolia og V. pompona.

Úr V. planifolia, sem aðallega er ræktuð á Madagaskar, í Indónesíu og löndunum við Indlandshaf, er unnið um 90% af öllu náttúrulegu vanillu á markaði. V. talhitensis er mest ræktað í löndum við Suður-Kyrrahafið og V. pompona í Vestur-Indíum, Mið- og Suður-Ameríku.

Vanilla planifolia

Vanilluorkideur eru sígrænar klifurjurtir sem ná allt að 30 metra hæð í náttúrlegum heimkynnum sínum þar sem þær vinda sér upp eftir trjám. Ræturnar kallast loftrætur og vaxa á stönglinum þar sem þær safna raka og næringu úr andrúmsloftinu. Stöngullinn er grannvaxinn og límkenndur viðkomu. Blöðin stakstæð og þykk, flatvaxin, 10 til 15 sentímetra löng, ílöng og mjókka í annan endann.

Plantan er tvíkynja. Blómin, ilmdauf, gulgræn og standa aðeins í einn dag. Sjálffrjóvgandi og frjóvgast með skordýrum eða með höndum í ræktun. Eftir frjóvgun breytist blómbotninn í aldin sem líkist löngum, 15 til 25 sentímetrar, flötum baunabelg. Inni í belgnum þroskast mörg þúsund svört fræ. Það tekur um átta mánuði frá frjóvgun þar til fræbelgurinn er fullþroskaður.

Náttúruleg heimkynni vanilluplöntunnar eru í Mið-Ameríku og þar vex hún villt við jaðar hitabeltisskóga í Mexíkó.

Blóð himnaprinsessunnar

Samkvæmt goðsögn Totonak fólksins sem býr á austurströnd Mexíkó var það fyrst til að rækta vanilluplöntur. Goðsögnin segir að



Blóm vanillaorkideunar eru frjóvguð með höndum.



Þurrkuð vanillaaldin.

plantan hafi sprottið upp í skógi sem himnaprinsessan Xanat flýði í með ástinni sinni þegar faðir hennar bannaði henni að giftast jarðneskum manni. Prinsessa og ástmaður hennar voru elt uppi í skóginum og hálshöggvin og óx vanilluorkidean upp af blóði Xanat.

Á fimmtándu öld hernámu Astekar lendur Totonakanna og kolféllu fyrir vanillubragðinu. Astekar kölluðu aldinið tlixochitl sem þýðir svart blóm. Meðal þess skatts sem Totonakanar greiddu Astekum var vanilla og það sent í stórum stíl til höfuðborgar Astekanna.

Þegar Spánverjar tóku Montezuma II, síðasta keisara Astejka, til fanga sá einn af herforingjum Hernando Cortes keisarann drekka „chocolatl“ sem er drykkur gerður úr möluðum kakóbaunum, möluðu hveiti og bragðbættur með möluðum vanillubelgjum og hunangi. Eftir það var ekki aftur snúið og smám saman sigraði vanillubragð heiminn.

Talið er að Cortés og kónar hans hafi fyrstir flutt vanillu til Evrópu árið 1520 og varð vanilla strax mjög vinsæl og fyrst vinsælli en súkkulaði. Um 1700 hafði notkun hennar breiðst út um alla Evrópu.

Mexíkó var stærsti ræktandi heims af vanillu í þrjár aldir og fram á miðja 19. öld. Árið 1819 sendu Frakkar vanillufræ til eyja við Madagaskar og hófu ræktun þess þar. Sú ræktun gekk brösuglega utan Mexíkó þar sem vanilluorkidean er háð staðbundinni býflugnategund til frjóvgunar.

Fyrsta vanilluorkidean sem blómstraði í Evrópu gerði það í gróðurhúsi í London 1806.

Árið 1841 fann tólf ára gamall þræll, Edmond Albius, á frönsku nýlendunni Réunion í Indlandshafi, aðferð til að handfrjóvga plöntuna. Aðferðin, sem notuð er enn í dag gerði það að verkum að mögulegt var að rækta vanillu víða um heim.

Aðferð Albius fólst í því að nota þunna spýtu eða graslauf og þumalinn til að frjóvga plöntuna. Uppgötunin varð til þess að Réunion var um tíma stærsti framleiðandi vanillu í heiminum. Franskir nýlenduherrar hófu fljótlega vanilluræktun með þessari tækni á eyjunni Madagaskar sem er stærsti framleiðandi vanillu í heiminum í dag.

Eftir að Frakkar afnámu þrælahald árið 1848 starfaði Albius í eldhúsi. Hann var sakfelldur fyrir að stela skartgripum og dæmdur í tíu ára fangelsi en náðaður vegna framlags síns til vanilluræktar á Réunion. Hann lést árið 1880 í sárri fátækt.

Heimsmarkaðsverð á náttúrulegri vanillu hækkaði mikið á síðari hluta sjöunda áratugar síðustu aldar þegar mikið vanilluræktunarland skemmdist í fellibyl og hefur verð þess haldið áfram að hækka síðan.



Krónublöð brönugrasa þykja líkjast skapabörmum og hugmyndin um ástarhvetjandi áhrif þeirra líklega tengd því.



Vanilla er algengt bragðefni í ís og súkkulaði.

Nafnaspeki

Eftir að Spánverjar kynntust vanillu kölluðu þeir fræbelginn vainilla eða litli belgur. Enska orðið vanilla er dregið af latneska orðinu vagina og vísar til lögunar blómsins.

Nafnið orkidea er myndað af gríska orðinu orchis, sem þýðir eista.

Vanillí og vanillulíki

Það gefur augaleið að tæp átta þúsund tonn af náttúrulegri vanillu er engan veginn nóg til að mæta eftirspurn eftir bragðefninu vinsæla.

Aðalbragðefnið í vanillu kallast vanillín og var fyrst framleitt með aðferðum efnafræðinnar árið 1874. Í dag er gríðarlegt magn af vanillubragðefnum eða vanillulíki framleitt efnafræðilega, aðallega úr efnasamböndum sem kallast guaiacol sem unnið er úr viðarolíu og lignini sem er tréni. Vanilínbragðefni er að langstærstum hluta hliðarafurð sem fæst við pappírsvinnslu.

Vanillín er yfirleitt notað í vanilludropa en það þykir ekki hafa sömu bragðeiginleika og náttúruleg vanilla.

Einnig er mikið um að vanillustangir á markaði séu sviknar og allt önnur plöntuafurð en þær eru sagðar vera. Dæmi um það eru tonka-baunir, Dipteryx odorata, sem bragðast svipað og vanilla og notaðar til að þynna náttúruleg vanillubragðefni. Tonka-baunir eru eitraðar og víða bannaðar sem íblöndunarefni í mat.

Talið er að innan við 1% af vanillubragðefnum á markaði í dag komi úr náttúrulegri vanillu og ólíklegt að flest okkar hafi nokkurn tíma smakkað náttúrulega vanillu.

Þeir sem smakkað hafa náttúrulega vanillu segja bragðgæði þess og vanillulíkis engan veginn sambærileg.

Vanilluræktun

Ræktun á vanillu er hvort tveggja í senn tíma- og mannfrek. Blóm plöntunnar standa einungis í einn dag og til að þau nái að mynda aldin þurfa þau að frjóvgast fljótlega eftir að þau opna sig og helst fyrri part dags. Þar sem vanilluorkideur í ræktun eru frjóvgaðar með höndum þarf að fylgjast grannt með blómgun þeirra.



Vanillubelgir lagðir til þurrkunar á Madagaskar.



Vanilínbragðefni er að langstærstum hluta hliðarafurð sem fást við pappírsvinnslu.



Vanilluorkidea, Vanilla planifolia, í blóma.

Vanilluorkideur í ræktun eru yfirleitt ræktaðar af græðlingum, 60 til 120 sentímetrar að lengd, eða með vefjaræktun. Plönturnar vaxa utan á tréstaurum og haldið í viðráðanlegri vinnuhæð og handfrjóvgaðar. Hollendingar hafa náð góðum árangri við að rækta vanillu í gróðurhúsum.

Plantan þrífst best í skugga við háan loftraka, 80%, og 15 til 30° á Celsíus í lausum og vel framræstum jarðvegi með hátt hlutfall lífrænna efna, til dæmis barkarmulningi eða kókosmold. Kjörsýrustig er pH 5,3. Hæfilegur fjöldi plantna á hektara er um 2.500.

Kjörlendi plöntunnar er milli 10 og 20 gráðu norður- og suðlægðrar breiddar.

Líkt og í annarri ræktun herja margs konar sveppir, skordýr, bakteríur og vírusar á vanila-orkideuna og bæði beitt líffrænum og efnafræðilegum hernaði í baráttunni við óværuna.

Þroski aldinbelgja vanillu-orkideunnar er breytilegur og fylgjast þarf með þeim daglega og tína jafnóðum af plöntunni jafnóðum þegar þeir ná þroska. Fullvaxinn fimm ára planta getur við góð skilyrði gefið af sér um sex kíló af aldinum á ári.

Verðhækkun, skógareyðing og dauði

Eftirspurn eftir vanillubelgjum sem náttúrulegt bragðefni hefur ríflega fimmfaldast á Vesturlöndum undanfarin ár. verðhækkunin hefur leitt til þess að aukið skóglendi hefur verið rutt til ræktunar á vanilluorkideunni. Auk þess sem meiri ásókn í belgina hefur leitt til þjófnaða, átaka og dauða vegna átaka um uppskeruna.

Víða þar sem vanilla er ræktuð ríkir umsátursástand þar sem þjófar sitja um uppskeruna og bændur verja hana með vopnum. Í að minnsta kosti einu tilfelli þar sem þjófar fóru um ræktunarsvæði tóku bændurnir sig saman og réðust til atlögu við þjófana með þeim afleiðingum að fimm þjófanna voru dregnir á burt og síðan drepnir með sveðjum og spjótum.

Þrátt fyrir að eftirspurn eftir vanillubelgjum hafi aukist mikið og verðið hækkað í samræmi við það lifa langflestir vanilluræktendur á Madagaskar langt undir fátækramörkum.

Nytjar

Algengast er að nýta vanillualdinið á fernan hátt, aldinið heilt, þurrkað og mulið duft, sem vanillusafa eða olíu og sem vanillusykur sem er blanda af sykri og vanillusafa. Náttúruleg vanilla gefur af sér sterkan ilm og gulbrúnan lit við notkun.

Vanillubragðefni, hvort sem það er náttúrulegt eða vanillulíki, er mikið notað til að bragðbæta drykki og matvörur auk þess sem það er haft sem lyktarefni í snyrtivörur. Vanilluís er feikilega vinsæll auk þess sem vanilla er algeng íblöndunarefni í súkkulaði, karamellum, kaffi og kökum.

Fyrst eftir að vanilluorkidean barst til Evrópu var hún talin til ástarörva en ekki eru til sagnir um slíka tengingu í upprunalandi hennar. Krónublöð brönugrasa þykja líkjast skapabörmum og hugmyndin um ástarhvetjandi áhrif vanillu líklega tengd því.

Heimagerðir vanilludropar

Skerið nokkrar vanillustangir í tvennt og setjið tvær þeirra í litlar flöskur og hellið vodka yfir. Vodkinn tekur fljótlega á sig dökkan lit og eftir þrjár til fjórar vikur eru droparnir tilbúnir.

Vanilla á Íslandi

Í ritinu Lögbergi árið 1893 er að finna uppskrift að búðingssósu sem meðal annars má krydda með hvaða víni sem vill, vanillu eða lemónum. Ári seinna er í sama blaði auglýst til sölu 35 sentílítra glas af besta heimatilbúnu vanillu á 25 aura og síðar sama ár, aðeins fyrir peninga út í hönd, einnar krónu virði af vanillu extract fyrir 75 aura.

Í erindi sem Níels Dungal, prófessor og forstöðumaður Rannsóknastofu Háskólans Íslands, flutti um orkideurækt 1953 og birtist í Náttúrufræðingnum sama ár segir meðal annars „þótt tegundirnar séu svo margar, eru ekki nema tiltölulega fáar ræktaðar. Og merkilegt má það heita, að engin af öllum þessum skara skuli vera ræktuð til gagns. Því að þótt vanilla sé unnið úr fræi vanilluplötunnar, sem er orkidea, þá getur það naumast talizt til gagns. Nei, engin af öllum þessum plöntum er til nokkurs gagns. Þær lenda í flokki með músík og málaralist. Þær eru til yndisauka vegna fegurðar og ilms, en aðeins fyrir það fólk, sem kann að njóta þeirra.“

Tillögur af aðalfundi Landssamtaka sauðfjárbænda:

Skoðaður verði möguleiki á sameiningu og verkaskiptingu afurðastöðva

Aðalfundur Landssamtaka sauðfjárbænda var haldinn dagana 5. og 6. apríl síðastliðinn og voru fjölmargar tillögur samþykktar á fundinum. Ein af þeim gerir ráð fyrir að stjórn fái heimild til að vinna að framgangi þess að stofnaður verði markaðssjóður fyrir íslenskar sauðfjárafurðir. Önnur tillaga gerir ráð fyrir að skoðaður verði möguleiki á sameiningu og verkaskiptingu afurðastöðva.



Frá aðalfundi Landssamtaka sauðfjárbænda á dögunum. Mynd / smh

Markaðssjóður fyrir íslenskar sauðfjárafurðir

Úr endurskoðunarnefnd kom tillaga númer 01.02 um að stjórn LS hafi heimild á árinu 2018 til að ná í fjármuni inn í sauðfjársamninginn til að halda áfram sambærilegu átaki og markaðsráð hefur stundað á árinu 2017.

Þar segir einnig: „Að því gefnu að það verði verulegur viðsnúningur á afurðaverði í haust hefur stjórn heimild til að vinna að framgangi þess að stofnaður verði markaðssjóður fyrir íslenskar sauðfjárafurðir.“

Hagræðingarmöguleikar afurðageirans

Úr endurskoðunarnefnd kom einnig tillaga 01.03; að aðalfundur Landssamtaka sauðfjárbænda 2018 beini því til stjórnvalda að fara rækilega yfir alla hagræðingarmöguleika afurðageirans á kindakjötsmarkaði. Skoðaður verði möguleiki á að setja lagaheimild sem heimilar sameiningu og/eða verkaskiptingu afurðarstöðva á kjötmarkaði. Aukinn innflutningur á kjöti gefur tilefni til að endurskilgreina stærð kjötmarkaðarins og í hvaða samkeppnisumhverfi afurðarstöðvarnar starfa.

Ályktun um upptöku framleiðslustýringar tekin út

Endurskoðunarnefndin lagði einnig til, í tillögu 01.04, að erindi frá Félagi sauðfjárbænda við Eyjafjörð og Félagi sauðfjárbænda á Suðurfjörðum um upptöku framleiðslustýringar yrði tekið út af dagskrá fundarins og vísað til stjórnar LS í samræmi við 4. grein starfshátta aðalfundar LS.

Meiri sameining meðal sauðfjárbænda

Úr félags- og fjárhagsnefnd kom tillaga 02.01 frá aðalfundi Félags sauðfjárbænda í Skagafirði, sem beinir því til Landssamtaka sauðfjárbænda að beita sér fyrir því að meiri sameining ríki meðal sauðfjárbænda.

Í greinargerð með tillögunni segir:

„Allir sauðfjárbændur eru samfélagslega mikilvægir fyrir greinina. Þeir bændur sem eiga færra fé gegna ekki síður hlutverki í að „líma“ sveitasamfélagið saman en þeir sem eiga fleira fé. Það er ekki eðlilegt að LS sé að mismuna sauðfjárbændum eftir sauðfjárfjölda. Þegar hugtakið sauðfjárbóndi er skilgreint er eðlilegast að notast við samþykktan sauðfjársamning á milli bænda og ríkis, þ.e. að sauðfjárbóndi sé sá aðili sem á fé á lögbýli og er með það mikinn rekstur að hann flokkist undir virðisaukaskylda starfsemi.“

Félags- og fjárhagsnefnd leggur til að tillögunni sé vísað til stjórnar LS.

Aukin þátttaka við ferðakostnað fulltrúa

Tillaga 02.02 kom einnig úr félags- og fjárhagsnefnd, en þar skorar aðalfundur Félag sauðfjárbænda á Héraði og Fjörðum, haldinn á Skjöldólfsstöðum 9. mars 2018, á Landssamtök sauðfjárbænda að taka aukinn þátt í ferðakostnaði þeirra fulltrúa sem lengst eiga að fara á aðalfund þar sem hann er alltaf haldinn á sama stað og því alltaf fulltrúar sömu aðildarfélaga sem bera mestan kostnað.

Félags- og fjárhagsnefnd leggur til að tillögunni sé vísað til stjórnar LS.

Félagsgjöld verði 19.900 á hvert bú

Aðalfundur Landssamtaka sauðfjárbænda 2018 samþykkti tillögu 02.05 úr félags- og fjárhagsnefnd, að félagsgjald fyrir árið 2018 skuli vera 19.900 kr. á hvert bú. Gjaldið innifelur aðild að samtökunum fyrir tvo einstaklinga sem uppfylla að öðru leyti skilyrði fyrir aðild samkvæmt samþykktum samtakanna. Gjald fyrir aukaaðild skal vera 5.600 kr. Er þetta í samræmi við ákvæði 7. gr. samþykkta LS.

Úr allsherjarnefnd komu þrjár tillögur sem samþykktar voru á aðalfundinum. Tillaga 03.01 kveður á um að aðalfundur landssamtaka sauðfjárbænda 2018 beini því til framkvæmdanefndar búvörusamninga að reglugerð um stuðning við sauðfjárrækt nr. 1183/2017 verði breytt á þann veg að fyrsta greiðsla ársins samkvæmt búvörusamningi berist ekki seinna en fyrsta virka dag febrúarmánaðar. Tillaga 03.02 tekur undir ályktun Búnaðarþings, þar sem lögð er áhersla á að Byggðastofnun verði falið að vinna nýja greiningu á því hvaða landsvæði ættu að njóta svæðisbundins stuðnings og á hvaða forsendum. Þá samþykkti aðalfundurinn tillögu 03.03 að aðalfundur samtakanna skuli haldinn 4.-5. apríl árið 2019 í Reykjavík. Stjórn er þó heimilt að flýta þessari dagsetningu ef sérstakar aðstæður vegna endurskoðunar samninga kalla á slíkt.

Lambakjöt verði vottað sem hollustuafurð

Úr markaðsnefnd var samþykkt tillaga 04.01 sem beinir því til Icelandic lamb að kanna hvort forsendur séu til að fá lambakjöt vottað sem hollustuafurð. Sömuleiðis hvetur markaðsnefnd í tillögu 04.02 til þess að allir aðilar sem koma að sölu og markaðssetningu landbúnaðarafurða að hafa eftirfarandi atriði að leiðarljósi:

- Kolefnisfótspor
- Umhverfisfótspor
- Upprunamerkingar
- Lyfjanotkun
- Dýravelferð

Markaðssetning á lambakjöti fyrir ungt fólk

Þá var samþykkt tillaga markaðsnefndar númer 04.03, að aðalfundur Landssamtaka sauðfjárbænda beini til Icelandic lamb að markaðssetja lambakjöt fyrir ungt fólk með tilliti til nútíma markaðssetningu.

Framleiðslunefnd sendi frá sér tillögu 05.03 sem leggur til eftirfarandi stuðla á gæðastýringaálaga fyrir árið 2019:

- Stuðull fyrir kjöt af lömbum 1,0
- Stuðull fyrir kjöt af veturgömlum ám 0,6
- Stuðull fyrir kjöt af veturgömlum sauðum 0,6
- Stuðull fyrir annað kjöt 0,3

Betra eftirlit með líflambasölu

Fag-, búfjár- og umhverfisnefnd lagði til í samþykktri tillögu 06.01 að aðalfundur Landssamtaka sauðfjárbænda 2018 beini því til stjórnar LS og MAST að sinna betur eftirlitsskyldu með líflambasölubæjum til að tryggja að sjúkdómastaða þar sé þekkt.

Tillaga 06.03 úr nefndinni beinir því til stjórnar LS, að hafa samstarf við BÍ að undirbúningi kolefnisjöfnunar greinarinnar.

Tillaga 06.04 var loks samþykkt, en þar segir að aðalfundur Landssamtaka sauðfjárbænda 2018 beinir því til stjórnar LS að gæta í hvívetna hagsmuna sauðfjárbænda vegna fyrirhugaðrar stofnunar miðhálendisþjóðgarðs.

Í greinargerð með tillögunni segir:

„Í nýjum stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar er samþykkt að stofna miðhálendisþjóðgarð og er afar mikilvægt að stjórn LS komi að borðinu í þeirri vinnu til að tryggja að rödd sauðfjárbænda heyrist og að hagsmuna þeirra sé tryggilega gætt.“ */smh*

Fjögur verkefni fá styrk úr Byggðarannsóknasjóði

– Rannsókn á kransæðasjúkdómum, þekkingarsetur, rannsókn á framtíðarsýn sveitafólks og rannsókn á mönnun sveitarstjórna

Tilkynnt var á ársfundi Byggðastofnunar nýverið um fjóra styrki úr Byggðarannsóknasjóði til jafnmargra verkefna. Alls bárust 12 umsóknir um styrki úr sjóðnum, samtals að upphæð 34 milljónir króna, en til úthlutunar voru 10 milljónir.

Hæsta styrkinn hlýtur verkefni sem snýr að rannsókn á kransæðasjúkdómum og þeirri fræðslu og stuðningi sem sjúklingum býðst, bæði í dreifbýli og þéttbýli.

Margrét Hrönn Svavarsdóttir, dósent við hjúkrunarfræðideild HA, hlaut styrk að fjárhæð 3,5 milljónir króna til verkefnisins Lífsstíll, áhættuþættir og sjálfsumönnun einstaklinga með kransæðasjúkdóm (KRANS rannsóknin). Í verkefnislýsingu kemur fram að kransæðasjúkdómar eru algengasta dánarorsökin hér á landi.

Markmið rannsóknarinnar er m.a. að skoða lífsgæði, heilsulæsi og sjálfsumönnun sjúklinga, þekkingu þeirra á sjúkdómnum og fræðsluþarfir. Skoðað verður hvort einstaklingar í dreifbýli fái þá endurhæfingu, fræðslu og stuðning sem þeir þurfa til að lifa með sjúkdómnum og takast á við afleiðingar hans og á hvern hátt best er að koma til móts við þarfir þessa hóps. Einnig verður skoðað hvernig heilbrigðiskerfið uppfyllir þarfir einstaklinga á landsbyggðinni fyrir fræðslu og hvernig þeim gengur að takast á við lífsstílsbreytingar, samanborið við einstaklinga í þéttbýli.



Skagafjörður. Það grillir í Sauðárkrók handan Héraðsvatna, en þar eru höfuðstöðvar Byggðastofnunar. Mynd / HKr.

Skerpa sýn á stöðu og árangur þekkingarsetra

Þekkingarsetrið Nýheimar á Höfn í Hornafirði hlaut styrk að fjárhæð 2,5 milljónir króna til verkefnisins Staða og hlutverk þekkingarsetra í byggðaþróun. Verkefnið mun skerpa sýn á stöðu, hlutverk og árangur þekkingarsetra á landsbyggðinni, með sérstakri áherslu á byggðaþróun.

Skoðuð verða þrjú þekkingarsamfélög: Nýheimar á Höfn, Fjölheimar á Selfossi og Þekkingarsetrið á Húsavík með það að markmiði að geta yfirfært aðferðafræðina við rannsóknir á öðrum slíkum samfélögum á landinu. Aflað verður gagna um viðhorf og væntingar almennings, starfsmanna setranna og sveitastjórnarmanna í þessum byggðarlögum til þekkingarsetra og leitað leiða til að efla starfsemi þeirra með hliðsjón af niðurstöðunum.

Öll él birtir upp um síðir

Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi hlýtur styrk að fjárhæð 2 milljónir króna til verkefnisins Öll él birtir upp um síðir: Hver er framtíðarsýn fólks sem býr í sveitum landsins og hvernig sker hún sig frá þeim sem búa í minni þéttbýlum. Í verkefnislýsingu kemur fram að börnum fækkar ört til sveita og ungir bændur hafa verið líklegri til að bregða búi en þeir sem eru á miðjum aldri.

Kanna á hvort fólk í sveitum sé líklegra til að hugleiða brottflutning á næstu tveimur árum en fólk í smærri þéttbýlum landsins. Auk þess verður greint hvaða búsetuskilyrði þeir telja mikilvægust fyrir áframhaldandi búsetu sína og hvort munur sé á afstöðu þeirra og íbúa smærri þéttbýla landsins. Þá verður skoðað hvort fjarlægð frá sterkum þjónustukjarna, eins og höfuðborgarsvæðinu, hafi áhrif á afstöðu til fyrrgreindra spurninga.

Er mönnun sveitarstjórna raunverulegt vandamál?

Rannsóknastofnun HA hlýtur styrk að fjárhæð 2 milljónir króna til verkefnisins Mönnun sveitarstjórna. Rekstur félagsþjónustu og grunnskóla eru stærstu verkefnin en flest sveitarfélög vilja einnig bjóða upp á viðameiri þjónustu. Grundvallarforsenda þess að sveitarfélög geti starfað með góðu móti er sú að íbúar þess séu tilbúnir að leggja í þá vinnu sem þarf til að reka sveitarfélagið.

Þrátt fyrir að sveitarfélögum á Íslandi hafi fækkað mjög mikið á undanförnum áratugum eru þau ennþá frekar mörg og smá. Markmið þessarar rannsóknar er að kanna það meðal sveitarstjórnarmanna hvort þeir hafi í raun og veru sóst eftir þátttöku í sveitarstjórn og hvort mönnun sveitarstjórna sé orðið raunverulegt vandamál í smærri sveitarfélögum. Þá verður kannað hlutfall kvenna í sveitarstjórn í þessum sveitarfélögum og því velt upp hvort fyrirkomulagið hafi áhrif á hlut þeirra. */MÞÞ*

LESENDABÁS

Strandveiðisumarið 2018

Hinn 26. apríl sl. voru samþykkt á Alþingi lög sem breyta tilhögun strandveiða tímabundið í sumar. Við afgreiðsluna var undirritaður annar tveggja þingmanna sem greiddi atkvæði á móti þessum breytingum og mun ég í þessari grein leitast við að skýra mál mitt.

Ég hef verið hlynntur því að auka strandveiðikvótann og með frumvarpinu fylgdi ráðagerð um að ráðherra muni í reglugerð auka þar talsvert við, sem ber auðvitað að fagna.

Eftir að ýmsir þingmenn höfðu gagnrýnt frumvarpið harðlega var það lagað í tvígang milli umræðna og var það sannarlega til bóta.

Mesti ágalli þessarar tilraunar, er hvorki það að verið sé að auka við strandveiðikvótann né að 700 tonn af ufsa fylgi með utan við hámarksafla, heldur sú misskipting sem fyrirsjáanleg er að verði milli veiðisvæða.


Karl Gauti Hjaltason

Strandveiðikvótinn

Strandveiðikvótinn var 2011 tæp 4,2% af heildarþorskafla landsmanna, fór svo niður fyrir 4% og hefur æ síðan, öll þessi sex ár, verið undir 4% og á tímabili var hann 3,3%. Miðað við að kvótinn hefði alltaf verið 4,2% á þessu tímabili er búið að minnka kvóta strandveiðiflotans um rúm 9.200 tonn, sem er tæplega 20% árleg skerðing að meðaltali eða sem svarar til eins strandveiðisumars á þessu sex ára tímabili. Því eru þær raddir sem býsnast nú yfir aukningu afla strandveiðibátanna að taka heldur djúpt í árina. Þvert á móti er gott að það sé verið að gefa í núna og mætti sannarlega gera getur.

Veiðidagar milli svæða

Ef sókn flotans er skoðuð síðasta sumar sést að hún hefur alls staðar verið meiri en 12 dagar nema á svæði A vegna þess að þar hefur kvótinn verið kláraður á skemmri tíma, á átta dögum fyrstu þrjá mánuði sumarsins. Á því svæði er því verið að fjölga sóknardögum. Á svæðum B, C og D voru sóknardagar strandveiðiflotans 16 til 18 dagar alla mánuði síðasta sumar. Þarna er því í raun verið að fækka sóknardögum á þeim svæðum um fjóra til sex í hverjum mánuði.

Því ber að fagna ef strandveiðimenn geta haft fleiri daga til að sækja sjóinn, en ég fagna því ekki ef veiði og sókn á þremur svæðum er minnkuð.

12 dagar

Í lögunum er hverju strandveiðiskipi tryggður réttur til að stunda strandveiðar í 12 veiðidaga innan hvers mánaðar. Síðan er ráðherra veitt heimild til að stöðva strandveiðarnar þegar stefnir í að heildarveiði sé náð. Það er því möguleiki og hann ekki ýkja fjarlægur að um miðjan júlí eða í byrjun ágúst verði veiðarnar stöðvaðar og úti er ævintýri. Það er því engin trygging fyrir því að strandveiðiskipin geti veitt alla þessa 48 daga.

Ólympískar veiðar

Af ýmsum ástæðum eru svæðin misjöfn, veiði hefst fyrr fyrir vestan, veðurlag er erfiðara fyrir opnu hafi en inn í fjörðum sérstaklega snemma sumars. Þeir veiðimenn sem búa við erfiðari aðstæður hafa í byrjun júlí mögulega ekki náð nema hluta af afla fyrri ára, einmitt þegar hætta skapast á að öllum veiðisvæðum verði lokað þar sem heildaraflamarkinu er náð.

Eitt af markmiðum frumvarpsins og laganna nr. 19/2018 er að koma í veg fyrir ólympískar veiðar. Að sjómenn fari ekki út í hvaða veðri sem er til þess að tryggja sinn hlut áður en veiðisvæðum er lokað. Markmiðið er afskaplega gott og líka nauðsynlegt svo öryggi sjómanna sé eins og best verður á kosið. Því miður er ekki girt fyrir að þetta geti gerst, því sú staða getur hæglega komið upp strax í júlí að fyrirsjáanlegt verði að strandveiðikvótinn sé að klárast og ekki bara á einu svæði heldur allt í kringum landið, því strandveiðimiðin verða eitt svæði í þessu tilliti og er viðbúið að slíkt ástand geti skapast, jafnvel talsvert áður en veiðum á að ljúka.

Veiðar sumarið 2017

Enda þótt of snemmt sé að spá um veiðina í sumar, er ekki unnt að skilja svo við þetta mál en að líta á fylgiskjal með frumvarpinu, um áætlaðar veiðar strandveiðiflotans miðað við 48 daga, þ.e. 12 daga í mánuði í fjóra mánuði. Þá kemur í ljós, miðað við óbreyttan bátafjölda frá því í fyrra, að veiði á svæði A yrði um 5.000 tonn, tæp 2.000 á svæðum B og C og tæp 1.200 tonn á svæði D. Hvað þýðir þetta borið saman við tölur frá því í fyrra? Það þýðir að veiðin á svæði D minnkar um 330 tonn, á svæði C minnkar veiðin um 360 tonn og á svæði B minnkar veiðin um 240 tonn. Á svæði A eykst veiðin um tæp 1.400 tonn.

Auðvitað fagna ég því að sjómenn geta veitt meira, en ég vil ekki að það komi niður á einhverjum öðrum. Fyrirsjáanlega verða færri dagar og minni veiði á svæðum B, C og D og þess vegna greiddi ég atkvæði gegn þessu frumvarpi.

Lokaorð

Við verðum að efla strandveiðar um allt land og til þess þarf að auka kvóta strandveiðiflotans og skipta honum réttlátlega milli landshluta. Það hefur sýnt sig að strandveiðarnar færa líf í byggðir um allt land. Það er ekki boðlegt þegar heildarkvóti er aukinn að veiðihlutfall þessara báta sitji eftir.

Ég óska sjómönnum á strandveiðunum góðra gæfta hvar á landinu sem þeir eru. Verkefnið í haust er að bæta strandveiðikerfið enn frekar og læra af reynslunni.

Karl Gauti Hjaltason
alþingismaður Suðurkjördæmi
kgauti@althingi.is

Útvegum starfsmenn
TIL FJÖLBREYTTRA STARFA UM LENGRI EÐA SKEMMRI TÍMA
Nánari upplýsingar í síma 551 5000 eða sendið fyrirspurn á netfangið proventus@proventus.is
PROVENTUS Starfsmannaþjónusta 551 5000
Ármúla 15, 108 Reykjavík - www.proventus.is - proventus@proventus.is
Bændablaðið Smáauglýsingar 56-30-300

MATVÆLALANDIÐ FJÁRSJÓÐUR FRAMTÍÐAR ÍSLAND
RÁÐSTEFNA MATVÆLALANDSINS ÍSLANDS
ÁBYRG MATVÆLAFRAMLEIÐSLA
ÍSLAND OG HEIMSMARKMIÐ SÞ

HARPA, KALDALÓN
FIMMTUDAGINN 31. MAÍ
KL. 13.00–16.00

Samstarfsvettvangur um Matvælalandið Ísland efnir til ráðstefnu í Hörpu fimmtudaginn 31. maí þar sem fjallað verður um íslenska matvælaframleiðslu og heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna.

DAGSKRÁ
KL. 13.00

SETNING OG AFHENDING VERÐLAUNA ECOTROPHELIA ÍSLAND
Kristján Þór Júlíusson, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra

MATVÆLALANDIÐ ÍSLAND: SAMKEPPNISFORSKOT Á GRUNNI ÁBYRGÐAR OG UPPLÝSINGAGJAFAR
Sveinn Margeirsson, forstjóri Matís

THE SUSTAINABLE DEVELOPMENT GOALS: OPPORTUNITIES FOR THE ICELANDIC FOOD INDUSTRY
Serena Brown, director, Sustainable Development KPMG International

ÁFRAM VEGINN
Einar Snorri Magnússon, forstjóri Coca Cola European Partners á Íslandi

ÁBYRGAR FISKVEIÐAR
Heiðrún Lind Marteinsdóttir, framkvæmdastjóri SFS

FUNDARSTJÓRI: ELÍN HIRST fjölmiðlakona

REYNSLUSÖGUR ÚR ÝMSUM ÁTTUM

Arnheiður Hjörleifsdóttir, bóndi á Bjarteyjarsandi
Eva María Sigurbjörnsdóttir, framleiðslustjóri Eimverks
Bryndís Marteinsdóttir, verkefnastjóri hjá Landgræðslu ríkisins
Ólafur Helgi Kristjánsson, matreiðslumeistari á Hótel Sögu
Guðrún Hafsteinsdóttir, markaðsstjóri Kjöríss

ENGINN AÐGANGSEYRIR. SKRÁNING Á VEFNUM WWW.SI.IS

TÆKNI & VÍSINDI

Ítalir komnir með IVECO metangas-trukk sem mengar 95% minna en dísilbíll



Hörður Kristjánsson
hk@bondi.is

Í nýrri umhverfisvænni framleiðslustefnu ítalska bílaframleiðandans IVECO er auk rafbíla lögð áhersla á metangasknúnar bifreiðar og dísilbíla sem miða við Evrópustaðal í mengunarmálum.

Athyglisvert er að skoða hvað ítölsku vélahönnuðirnir eru að gera til að draga úr loftmengun frá dísilbílum eins og IVECO Daily dísil Euro 6 RDE2 ready (staðall sem á að ganga í gildi 2020).

Þetta er sögð vera þróaðasta dísilvélin á markaðnum í dag með tilliti til losunar CO_2 og NO_x sem ekki notar aukaefnið Add blue í pústkerfið til að draga úr mengun. Þá eyðir hún um 7% minna eldsneyti en forverinn. Hjá IVECO hafa stór stökk verið tekin en Ítalir hafa áratugum saman staðið framarlega í hönnun dísilvéla.



IVECO Stralis-NP-460 keyrir á 100% náttúrulegu metangasi, eyðir 15% minna en sams konar trukkur með nýjustu gerð af dísilvél, er 9% ódýrari í rekstri og mengar 95% minna. Mynd/IVECO

Byltingarkenndur umhverfisvænn og hljóðlátur Stralis gas-trukkur

Metangasknúni trukkurinn IVECO Stralis-NP-460 er síðan flaggskipið í þeirri viðleitni fyrirtækisins að draga úr mengun stórra atvinnubíla. Samkvæmt vefsíðu fyrirtækisins er þegar búið að panta yfir 1.600 slíka trukka.

Kolefnisfótsporið af notkun bílsins er 95% minna en nýjustu sambærilegra dísilbíla samkvæmt tölum framleiðanda. IVECO hefur yfir 20 ára reynslu af framleiðslu gasknúinna bifreiða og þjónustar fyrirtækið nú um 22 þúsund gasknúin ökutæki í Evrópu.

Stralis-NP-460 er með 460 hestafla Pure Power, Cursor 13 NP 12,9 lítra vél, sem brennir gasi en er í raun byggð á dísilvél. Hann notar eingöngu 100% náttúrulegt gas (IVECO Cursor 13 NP single-fuel engine) og er ekki háður því að vera gangsettur á öðru eldsneyti eins og þekkt er með aðra stóra bíla sem hannaðir hafa verið fyrir gasnotkun.

Vélin í Stralis-NP-460 er sögð eyða 15% minna eldsneyti en vél í sams konar dísiltrukk og er 9% ódýrari í rekstri. Þá er hann líka merkilegur fyrir þær sakir að hann kemst heila 1.600 kílómetra á einni tankfyllingu, en til viðmiðunar þá er þjóðvegur 1, hringvegurinn um hluta Íslands, 1.337 km. Langdrægnin skýrist af því að hann notar fljótandi gas (LNG) sem geymt er á tveim kútum. Hægt er að velja um þrjár tankstærðir. Fljótandi gasið er mun þjappaðra og orkuríkara á rúmmálseiningu en þekkist í þeim metangasbílum sem nú aka um á Íslandi. Gallinn við þetta er að sem stendur er dreifikerfi ekki til staðar hér á landi og víðast ekki erlendis heldur.



Fyrsta nothæfa common-rail kerfið var hannað í Japan af dr. Shohei Itoh og Masahiko Miyaki hjá Denso Corporation um miðjan tíunda áratuginn. Voru vélar með þeirra ECD-U2 common-rail búnaði settar í Hino Ranger vörubíla.

Tregða í innviðauppbyggingu fyrir gas

Reyndar er stórfurðulegt hvað menn hafa verið seinir til að byggja upp dreifikerfi fyrir gasátöppun hér á landi miðað við umhverfisávinninginn sem hægt er að ná út úr aukinni notkun gasdrifinna ökutækja. Þá er hægt að framleiða metangas mjög víða, bæði úr ruslahaugum og úr skít og lífmassa í sveitum eins og grasi, þara, korni og öðrum gróðri.

Vélin í Stralis-NP-460 dregur úr sótagnaútblæstri um 99% miðað við dísilbíl sem stenst mengunarkröfur Euro 6 og notar lífdísil. Þá skilar hann 60% minna af nituroxíði NOx út í andrúmsloftið. Koltvísýringsmengun CO_2 er líka sáralítil, eða 95% minni en í dísilbílnum. Þá er bíllinn afar hljóðlátur og heyrist lítið hærra í honum en þegar fólk talar saman og er hljóðstyrkurinn undir álagi aðeins um 71dB.

Trukkurinn er með 12 gíra Hi-Tronix sjálfskiptingu með fjórum bakkgírum. Hún er afar mjúk, með 99,7% skilvirkni og býður líka upp á að hægt sé að rugga bílnum, t.d. úr festu (rocking function). Skiptingin kemur með vökvastýrðri viðnámsbremsu (retarder) og „hill-holder“.



Fyrsti fólksbíllinn sem var með common-rail kerfi var Alfa Romeo 156 2.4 af árgerð 1997.

Varð til við samruna

IVECO varð til 1. janúar 1975 við samruna Fiat Veicoli Industriali, OM (Brescia á Ítalíu), Lancia Veicoli Speciali á Ítalíu, Unic í Frakklandi og Magirus-Deutz í Þýskalandi. Í dag er IVEVO undir stjórn CNH Industrial sem skráð er í Hollandi en er í eigu fjárfestingafélagsins Exor sem er í eigu Agnelli fjölskyldunnar, en Giovanni Agnelli var einn af stofnendum Piedmont árið 1899 sem síðar varð að FIAT motor company. Undir þessum hatti eru svo m.a. líka Alfa Romeo og Ferrari. Einnig Case IH og New Holland dráttarvélarnar.

Höfundar nútíma common-rail kerfisins

Úr smiðju Fiat samsteypunnar er upprunnin nútíma „common-rail“ eldsneytiskerfið með beinni háþrýstri innspýtingu fyrir dísilvélar. Þetta kerfi var hannað upp úr 1990 í samstarfi Magneti Marelli, Centro Ricerche Fiat og Elasis. Fyrsti fólksbíllinn sem var með common-rail kerfi var Alfa Romeo 156 2.4 af árgerð 1997. Síðar sama ár kom Mercedes-Benz W202 á markað með sams konar kerfi.

FIAT seldi framleiðsluleyfið af þessu eldsneytiskerfi til þýska fyrirtækisins Robert Bosch GmbH sem lagði lokahönd á hönnunina til fjöldaframleiðslu. Var salan talin mikið klúður fyrir FIAT sem varð þar af gríðarlegu viðskiptatækifæri. Hafa nær allir dísilvélaframleiðendur í heimi nýtt sér slík kerfi.

Upphaflega hugmyndin að common-rail eldsneytiskerfi er þó enn eldri og frumgerð af common rail kerfi var smíðuð af Svisslendingnum Robert Huber á sjöunda áratug síðustu aldar. Fyrsta nothæfa common-rail kerfið af svipuðum toga var svo hannað í Japan af dr. Shohei Itoh og Masahiko Miyaki hjá Denso Corporation um miðjan tíunda áratuginn. Voru vélar með þeirra ECD-U2 common-rail búnaði settar í Hino Ranger vörubíla sem seldir voru á almennum markaði árið 1995.

Mikill umhverfisávinningur af brennslu á metangasi

Enn athyglisverðara er þróun IVECO á vélum sem brenna metangasi. Við bruna á metangasi losnar um 95% minna af CO_2 heldur en við bruna á dísilolíu.

Það er mikið til vinnandi og í raun mun meiri ávinningur af því að nota gas en jafnvel rafmagn til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Ástæðan er einföld. Metangas er 20 sinnum skaðlegri sem gróðurhúsalofttegund en koltvísýringur CO_2. Það er því mjög umhverfisvæn aðgerð að brenna gasið í stað þess að hleypa því óheftu út í andrúmsloftið, eins og gerist í miklum mæli á hverri einustu sekúndu. Metangas verður til í náttúrunni við rotnun m.a. jurtaleifa og bæði menn og jórturdýr losa frá sér mikið af metangasi. Með því að vinna metangas úr kúamykju og nytjajurtum og nýta það síðan til að knýja bifreiðar og ljósavélar er verið að draga stórlega úr losun gróðurhúsalofttegunda.

Samkvæmt tölum frá Sorpu er framleiðsla á metani hjá þeim ígildi 2000 metanbíla á markaðnum. Án mikilla breytinga gæti Sorpa aukið magn metans upp í ígildi 4000 fólksbíla.

Eftir tvö ár mun verða tekin í gagnið gas- og jarðgerðastöð, mun magn metans aukast í ígildi 8000 fólksbíla. Í undirbúningi er framleiðslan á fljótandi gasi (LNG) og er hluti af búnaðinum kominn. Stutt mun vera í að farið verði að setja upp slíka stöð hér á landi, en engar tímasetningar hafa þó verið gefnar út.

EYJALIND Startarar og Alternatorar
- Vinnuvélar
- Lyftarar
- Dráttarvélar
- Bátar



Vertu vinur okkar á Facebook
Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is

Nýir Dieci lyftarar á leiðinni til landsins með 2,5 – 4 tonna lyftigetu

Margar útfærslur í boði.



VÉLAFL
Uppl. í síma
893-8424 / set@velafl .is
og á 694-3700 / gk@velafl .is

Iveco Daily Electric Blue Power:

Fyrsti stóri rafmagns-sendibíllinn á Íslandi

Nýverið frumsýndu Kraftvélar sendibíl ársins 2018 sem er Iveco Daily Electric Blue Power.

Um er að ræða fyrsta 100% rafmagnsbílinn á Íslandi í flokki stærri sendibíla. Iveco hefur tekið stórt stökk á síðustu árum í bifreiðahönnun þar sem stefnan hefur verið tekin á umhverfisvæna bíla.

Iveco Daily var kosinn sendibíll ársins 2015 þegar nýja kynslóð Daily var kynnt en núna þremur árum síðar kynntu Iveco umhverfisvæna lausn af Daily sem kallast Blue Power. Þessi lausn varð til þess að bíllinn var aftur kosinn sendibíll ársins, í þetta skiptið fyrir árið 2018. Verðlaunin eru á alþjóðavísu kosin af dómnefnd bílablaðamanna frá 25 löndum.



Ívar Þór Sigþórsson, sölustjóri atvinnubifreiða hjá Kraftvélum, afhendir hér Ólafi Helga Harðarsyni hjá Veitum ohf. fyrsta 100% IVECO rafmagns-sendibílinn.

Allt að 200 km drægni

Daily Blue Power Electric er með allt að 200 kílómetra raundrægni og er með 2 tíma hraðhleðslumöguleika og með 100% endurvinnanlegum rafhlöðum. Hægt er að fá Daily Blue Power í sendibílaútfærslu frá 9m3 og allt að 19,6m3 flutningsrými í 3,5 og 5,0t heildarþyngd. Einnig er hægt að fá Daily Blue Power með vörukassa og í pallbílaútfærslu.

Daily Electric Blue Power er hluti af nýrri vörulínu Iveco sem heitir Daily Blue Power en í henni er hægt að velja á milli þriggja aflgjafa framtíðarinnar:

- Iveco Daily 100% rafmagn
- Iveco Daily metan
- Iveco Daily dísil Euro 6

Allir eiga þessir aflgjafar sameiginlegt að vera mun umhverfisvænni heldur en hefðbundnir aflgjafar. Því er þetta í fyrsta skipti sem framleiðandi atvinnubíla býður upp á heildstæða vörulínu sem samanstendur af umhverfisvænum atvinnubílum sem eru sérstaklega hannaðir fyrir notkun í borgum og þéttbýli. Gefst fyrirtækjum nú kostur á umhverfisvænni atvinnubílum sem standast kröfur um minni mengun en hafa engin takmörk í þéttbýlisnotkun.

Það var Veitur ohf. sem tóku á móti fyrsta Daily Blue Power Electric 100% rafmagnsbílnum. Veitur ohf. hafa verið í fararbroddi íslenskra fyrirtækja í að taka í notkun umhverfisvæna atvinnubíla.

REKI

BJÓÐUM MIKIÐ ÚRVAL SÆTA Í HVERS KYNS VINNUTÆKI FRÁ UNITEDSEATS.



Reki ehf | Sími: 562 2950
Höfðabakka 9 | 110 Reykjavík
Netfang: tryggvi@reki.is | Vefsíða: www.reki.is

HVAMMSHÓLAR

ROTÞRÆR ÁN SITURLAGNA
SITURTANKUR Í STAÐ SITURLAGNA
SKOLPHREINSISTÖÐVAR
FYRIR:
HÓTEL
HEILSÁRSHÚS
SUMARHÚS

GRÆNT ALLA LEIÐ

SIGURÐUR VIGGÓ HALLDÓRSSON PÍPULAGNINGAMEISTARI +354 660 4085 SIGGI@HVAMMSHOLAR.IS

Gluggar og hurðir

Í yfir 20 ár hefur Viking Window AS framleitt tréglugga og hurðir með eða álkápu í öllum litum sem afhendast tilbúnir til ísetningar. Afgreiðslutími er einungis 5-8 vikur
Sjá nánar á www.viking.ee

Viking
Viking Window AS





Sendu okkur gögn á sala@aflvelar.is og fáðu tilboð

Vesturhrauni 3 - 210 Garðabær
480-0000 - sala@aflvelar.is - www.aflvelar.is

AFLVÉLAR

VÍKURVAGNAR EHF.

MIKIÐ ÚRVAL KERRUVARAHLUTA



RAFMAGNSBÚNAÐUR
BREMSUR
BEISLI
DEKK
LJÓS
LED LJÓS

VÍKURVAGNAR EHF.

STYRKUR, ÞJÓNUSTA OG ÁREIÐANLEIKI

Víkurvagnar ehf. – Hyrjarhöfði 8. – 110 Reykjavík
Sími 577-1090 – www.vikurvagnar.is – sala@vikurvagnar.is

Twenty One
FLUGNAEITUR
Einstök formúla flugnaeiturs fyrir bændur í kvikfjárrækt



Sölustaðir:
Bústólpi
Fóðurblandan
Kaupfélag Borgfirðinga
Kaupfélag Vestur-Húnvetninga
Verslunun Eyri
Vélaval

STREYMI heildverslun

Streymi heildverslun ehf.
Goðanesi 4
603 Akureyri

S 588 2544
N streymi@streymi.is
V www.streymi.is

UTAN ÚR HEIMI

Norska matvælaeftirlitið í orðaskaki:

Bannaði Nortura að nota orðið kalkúnabeikon


Það hefur ekki verið auðveld leið fyrir Nortura að koma vöru á markað undir heitinu kalkúnabeikon því Matvælaeftirlitið í Noregi bannaði notkun þess í fyrstu tilraun vegna þess að heiti þess gæti ruglað neytendur í ríminu.

Samkvæmt norskum orðabókum er beikon skilgreint sem léttreykt og léttsöltuð svínasíða og því stóð það í Matvælaeftirlitinu að veita leyfi fyrir heitinu kalkúnabeikon. Það hefur verið langt þróunarferli hjá Nortura við að gera kalkúnabeikon sem bæði lyktar, bragðast og lítur út eins og beikon af svíni.

Norskir svínabændur eru ósáttir við að fyrirtækið Nortura gangi fram í þessu máli og framleiði vöru í samkeppni við sínar vörur enda fyrirtækið samvinnufyrirtæki bænda.

„Það er verið að þynna út orðið beikon sem ætti eingöngu að nota um svínakjöt. Stjórn Norsvin og margir af okkar framleiðendum eru hissa á því að okkar eigið fyrirtæki, Nortura, setji það fram að kalkúnabeikon sé hollara og betra með því að markaðssetja vöruna „Með tilliti til að heilsan er mikilvægust“. Þá er óbeint verið að segja að beikon af svíni sé skaðlegt heilsunni. Ég er ekki mjög hræddur við að fólk gleymi því hvað beikon af svíni er en markaðssetningin er klárlega árás á vöru sem fyrir er á markaðnum. Í okkar huga er beikon einungis beikon og neytendur hafa ákveðnar væntingar til beikons og þá eiga þeir rétt á að fá þá vöru sem þeir vænta,“ segir Gustav Grøholt, framkvæmdastjóri Norsvin.

/Bondebladet - ehg



Kolkrabbar í Indlandshafi safna klofnum kókoshnetuskeljum og flytja þær á einn stað þar sem þeir setja skeljarnar saman og nota sem skjól.

Kolkrabbar komu til jarðar sem egg utan úr geimnum

Hópur líffræðinga hefur sent frá sér skýrslu þar sem líkur eru að því að kolkrabbar hafi upphaflega þróast á annarri plánetu og borist til jarðar sem egg utan úr geimnum fyrir nokkur hundruð milljónum ára.



Kolkrabbar komu fullskapaðir til Jarðar sem frosin egg utan úr geimum samkvæmt nýrri kenningu.

Kenning líffræðinganna sem birtist í tímaritinu Progress in Biophysics and Molecular Biology er tvímælalaust umdeild og að margra mati tómt rugl en engu að síður athyglisverð fyrir áhugafólk um rómatíska geimnáttúrufræði.

Geimský lífrænna efna

Í greininni segir að fyrir um 500 milljón árum hafi orðið gríðarleg aukning í lífi á jörðinni og að hugsanlegt sé að plánetan hafi farið í gegnum ský af lífrænu efni sem að hluta til hefur loðað við plánetuna og náð að dafna.

Líffræðingarnir benda á að fyrstu ummerki um kolkrabba á jörðinni séu 270 milljón ára gamlar og því mögulegt að þeir hafi borist til jarðar 230 milljón árum eftir að jörðin fór í gegnum fyrrnefnda geimsúpu af lífrænum efnum á kambríumtímabilinu. Það sem meira er að kolkrabbar virðast hafa þróast óvenju hratt í þá mynd sem þeir halda enn í dag eftir að þeir komu fyrst fram.

Stór heili og flókið taugakerfi

Máli sínu til stuðnings segja líffræðingarnir að heili kolkrabba og augu sé óvenju stór fyrir hryggleysingja. Auk þess sé hæfileiki þeirra til að skipta um lit í samræmi við umhverfi sitt óvenjulegur.

Kolkrabbar sýna óvenjulega útsjónarsemi. Sést hefur til þeirra losa lok af krukkum, sem þeir hafa verið lokaðir inni í, innan frá, skríða upp úr geymslukerum á rannsóknarstofum og leita uppi niðurfall og sleppa þannig úr prísundinni. Í nýlegu myndbandi sjást kolkrabbar í Indlandshafi safna klofnum kókoshnetuskeljum og flytja þær á einn stað. Seinna sást til kolkrabbanna þar sem þeir fóru aftur á staðinn þar sem þeir geymdu skeljarnar, settu þær saman og notuðu sem skjól. Allt greinileg merki um vitsmuni og getuna til að læra og leysa verkefni.

Óvenjuleg genasamsetning

Genasamsetning kolkrabba er sögð vera óvenjuleg og flókin. Að sögn höfunda greinarinnar er mögulegt að hluti genanna sé tiltölulega nýtilkominn til jarðarinnar sem frjó kolkrabbaegg úr víðáttum geimsins.

/VH

Á FAGLEGUM NÓTUM



Ísland er eitt örfárra landa í heiminum þar sem gerð er krafa um útiveru kúa en efnið hefur verið tilefni ótal rannsókna undanfarin ár. Mynd / HKr.

Góð beit og beitarstjórn skilar sér í meiri tekjum



Snorri Sigurðsson
snsig@arlafoods.com

Hér áður fyrr tíðkaðist að setja kýrnar á beit í sama hagann dag eftir dag og jafnvel viku eftir viku, en flestir kúabændur hafa nú væntanlega fallið frá þessari aðferð í dag. Æ algengara er að sjá öfluga beitarstýringu þegar mjólkurframleiðsla er annars vegar.

Nú þegar beitartíminn fer í hönd, er sem fyrr mikilvægt að huga að ýmsum atriðum sem geta skilað sér beint til tekjuaukningar og um leið að rifja upp algeng mistök við beit mjólkurkúa.

Beitin eflir heilsu kúnna

Ísland er eitt örfárra landa í heiminum þar sem gerð er krafa um útiveru kúa en efnið hefur verið tilefni ótal rannsókna undanfarin ár. Í Svíþjóð er einnig krafa um að kýrnar fari út og þar hefur verið skoðað sérstaklega hvort munur sé á því fyrir kýrnar hvort þær fari bara út á tún að viðra sig, þ.e. þeim sé ekki beint ætlað að éta úti, og á því að fara út á beit. Í ljós kom að kýr sem einungis fá að vera í útihólfi voru ekki eins heilsuhraustar og hinar sem þurftu að hafa heldur meira fyrir útiverunni.

Vel hægt með mjaltaþjónum

Á Íslandi er um það bil annar hver mjólkurlítri frá kúabúum sem nota mjaltaþjóna til þess að sjá um mjaltir kúnna og hér áður fyrr var því oft haldið fram að það væri afar erfitt að samræma notkun mjaltaþjóna og beitar kúa. Þetta hefur auðvitað verið hrakið fyrir löngu síðan og sýna niðurstöður skýrsluhaldsins að vel má ná hörku afurðum á sama tíma og kúm er beitt. Þetta er einnig reynslan erlendis þar sem mörg afburða kúabú setja einnig kýrnar út á beit. Þess ber þó að geta að afar misjafnt er á milli búa hve miklu bændurnir ætla kúnum að éta á beitinni og sumir ætla þeim í raun einungis örfáum tuggum á dag og gefa þeim vel með á fóðurganginum, en aðrir eru með þetta þveröfugt. Þó má fullyrða að nánast allir, ef ekki allir, gefa með beitinni.

20 ára reynsla mjaltaþjóna

Í ár eru liðin 20 ár frá því fyrsti mjaltaþjónninn tók til starfa á Norðurlöndum en sá fyrsti var tekinn í notkun í Danmörku og ári síðar var svo fyrsti mjaltaþjónninn settur upp hér á landi á Bjólu í Rangárþingi Ytra. Á þessum tveimur áratugum hefur reynslan af beit samhliða notkun á mjaltaþjóni vaxið og dafnað og í dag eru allir helstu framleiðendur mjaltaþjóna með góðar og nokkuð staðlaðar lausnir þegar kemur að beit og beitarstjórn kúa. Eftir lauslega skoðun á mismunandi lausnum þeirra fjögurra fyrirtækja sem selja mjaltaþjóna hér á landi má draga saman beitarráð þeirra með eftirfarandi hætti:

- Nota innra skipulag tölvukerfis mjaltaþjónsins og láta hann sjá um að hjálpa við beitarstjórnina. Húgbúnaðurinn er hannaður fyrir beit kúa og getur t.d. stjórnað hliðum sem sjá um að koma kúm inn eða út úr fjósinu.

- Mikilvægt er að göngleiðir til og frá fjósinu séu vel hannaðar. Þær eiga að vera sléttar og helst grasi vaxnar eða með þannig yfirborði að kúnum líki að ganga á því, ekki með tröppum eða öðru slíku sem er ekki heillandi fyrir kýr og almennt gerðar þannig að kúnum reynist afar auðvelt að ganga fram og til baka.

- Miða ætti við að fjarlægð frá mjaltaþjóni og út að ytri enda beitarstykkis sé ekki meiri en 1.000 metrar. Margir vísindamenn hafa prófað mun meiri fjarlægðir en þetta, rétt eins og margir bændur hafa gert, en niðurstöður slíkra beitarrannsókna benda í sömu átt og sé stefnt að hámarks afköstum mjaltaþjóna með kúm á beit þá eru 1.000 metrar heppilegasta viðmiðið.

- Passa þarf grasgæðin og magn beitarinnar. Ef kýrnar hafa aðgengi að of miklu magni í einu verða þær latari og koma sjaldnar inn til mjalta. Á hinn bóginn, ef magnið er lítið þá koma þær í raun of oft inn og draga að óþörfu úr afköstum mjaltaþjónsins. Því þarf að fylgjast vel með kúnum á beitinni og takmarka eða auka aðgengið allt eftir magninu sem er aðgengilegt á hverjum tíma.

- Gefið kúnum nóg vatn og ekki nota vatnsskort sem ástæðu þess að kýrnar komi inn í fjós eins og var lenska hér á fyrstu árunum eftir að mjaltaþjónar komu fyrir hartnær tveimur áratugum. Reynslan hefur enda sýnt að þegar kýrnar þurfa að fara um langan veg eftir vatni, eru þær ekki fullnýttar til afurðasemi. Því ber að koma fyrir góðum, hreinum og öflugum drykkjarstöðum fyrir kýrnar bæði úti á beitinni, jafnvel við gönguleiðir til og frá fjósinu, sem og inni í fjósinu sjálfu að sjálfsögðu.

Skipuleggja vel

Beitina þarf að skipuleggja vel, hvort sem maður er með mjaltaþjón eða ekki, enda er eitt af lykilatriðunum til þess að það takist vel til með beitina er að kýrnar sæki í beitina en séu ekki þvingaðar á beit. Beitargróðurinn þarf því að vera bæði kraftmikill, lystugur og með mikla nýtanlega orku. Þarna skiptir því gróðurgerðin miklu máli og um það geta bændur sótt leiðbeiningar og reynslu til ráðgjafa RML.

Hér á landi og erlendis er til mikil reynsla varðandi stjórn beitarinnar því eitt er að vera með heppilegan gróður til beitar og annað að stjórna aðgengi kúnna að beitinni eða öllu heldur hve miklu við ætlum kúnum að taka til sín á degi hverjum. Sumir eru með afar góð vinnubrögð í kringum skiptibeit eða randbeit en bestur árangur næst væntanlega þegar kúnum er beitt af krafti á lítið svæði í einu og það svo friðað þar til kýrnar koma á það svæði aftur.

Óhætt er að mæla með því að fjárfesta í svokallaðri ruddasláttuvél til þess að beita á toppana sem verða eftir, þegar kýrnar eru búnar með viðkomandi beitarstykki. Þá verður endurbeit á sama stykki betri og jafnari og mun auðveldara er að reikna út fóðurgildi viðkomandi spildu, sé hún jöfn að gæðum og vexti.

Geta gengið langt til beitar

Þar sem ekki eru notaðir mjaltaþjónar má ætla kúnum að ganga mun lengra á beit heldur en á búum með mjaltaþjóna og erlendar ráðleggingar miða við að sé fjarlægsti endi beitarstykkis í 1,5-1,7 km fjarlægð frá fjósi þá geti það samt skilað sér í hagkvæmni beitar.

Eins og hér að framan kom fram, með ráðleggingar um beit þar sem mjaltaþjónar eru notaðir, er þó mikilvægt að hafa hugfast að gönguleiðin fyrir kýrnar sé breið, jöfn, vaðist ekki upp og henti fyrir klaufdýr. Þá er gríðarlega mikilvægt að tryggja kúnum gott aðengi að vatni.



Hér er gott að hafa hugfast að kýr sem mjólkar 20 kg á dag drekkur í kringum 80 lítra af vatni daglega. Hluta af þessu vatni drekkur hún vissulega þegar í fjósinu í tengslum við mjaltirnar en stærstan hluta drekkur hún væntanlega úti á beitinni.

Erlendar rannsóknir á drykkjaratferli sýna að sé aðgengið gott og vatnið af góðum gæðum þá drekka kýrnar einfaldlega meira af vatni og það getur hæglega skilað sér í aukinni nyt. Sé aðgengið takmarkað eða erfitt þá draga kýrnar hinsvegar úr vatnsdrykkjunni, sem þá aftur bitnar á nytinni.

Í dag ætti að vera hægur vandi að ráða bót á döpru aðgengi að vatni þar sem kúnum er beitt og það jafnvel þótt langt sé í næsta fjós. Þannig fæst t.d. í dag einfaldur lágspennubúnaður sem getur dælt upp vatni og er hægt að fá slíkan búnað sem er knúinn annaðhvort af vind- eða sólarorku.



HÚSIÐ Á EYRARBAKKA
Húsið á Eyrarbakka



Byggðasafn Árnesinga er staðsett í Húsinu, sögufrægum bústað kaupmanna sem var byggt 1765.

Húsið er eitt elsta hús landsins og glæsilegur minnisvarði þess tíma er Eyrarbakki var einn helsti verslunarstaður landsins.

Þar eru margar og áhugaverðar sýningar um sögu og menningu Árnessýslu, fornfrægt píanó, herðasjal úr mannshári og koppur kóngsins eru meðal sýningargripa.

Hlýlegur og heimilislegur andi er aðalsmerki safnsins.

Sjóminjasafnið á Eyrarbakka er örskammt frá en þar er áhersla á sjósókn og sögu alþýðunnar í þorpinu. Tólfæringurinn Farsæll er aðalsýningargripur safnsins.

HÚSIÐ Á EYRARBAKKA
Byggðasafn Árnesinga

Opnunartímar: 1. maí – 30. sept. alla daga kl. 11 - 18 eða eftir samkomulagi
Sími: 483 1504 & 483 1082 | husid@husid.com | www.husid.com

Bændablaðið
Smáauglýsingar 56-30-300

Nýr vörulisti kominn í hús

praxis
...Þegar þú vilt þægindi

Við sendum vörulistann heim þér að kostnaðarlausu



Mikið úrval af fatnaði sem þolir hátt hitastig í þvotti, ótrúlega góð efni.

Bonito ehf. • Praxis • Faxafen 10 • 108 Reykjavík • sími 568 2870 • www.praxis.is
Opið mán. og mið. 11-17, fim. 16-18.

Eplauppskeru- og ævintýraferð til Noregs 3. – 7. október 2018

Flogið í beinu flugi til Bergen með Icelandair, gist í 1 nótt í Harðangursfirði, 1 nótt í Voss og 2 nætur í Bergen. Ferðin er stútfull af áhugaverðri dagskrá og hér má sjá brot af því sem þátttakendur munu upplifa:

- Heimsækjum bændur sem selja beint frá býli og fáum þjóðlegar veitingar.
- Skoðum stafkirkjuna í Fantoft í Bergen.
- Náttúruperlur kannaðar og kíkt á kraftmikla fossa.
- Tökum þátt í eplauppskeru íslensku eplabændanna í Harðangursfirði.
- Heimsækjum glæsilega eplavínsverksmiðju í Ulvik.
- Fáum kynnisferð um Oleana-prjónaverksmiðjuna í Bergen, ofl., ofl.

Verð á mann í tvíbýli: 134.800,-
Verð á mann í einbýli: 147.800,-
(Allt innifalið fyrir utan 2 hádegisverðir og 2 kvöldverðir ásamt drykkjum)




Fararstjóri: Erla Hjördís Gunnarsdóttir, epla- og eggjabóndi í Harðangursfirði og blaðamaður Bændablaðsins.
Skráning á erlagunn@gmail.com fyrir1. ágúst 2018.

Fyrir frekari upplýsingar og ferðadagskrá er hægt að senda tölvupóst á erlagunn@gmail.com eða í síma 563-0320.



PRODIG RÚLLUGREIPAR



ProDig

Verð kr. 229.000 + vsk.
279.000 m/vsk.

1. Hringlaga ramminn er opinn og gefur ökumanni gott útsýni við vinnu sína.
2. Stór rúllukefli tryggja góða meðhöndlun rúllunnar.
3. Hraðtengi á rúllukefli.
4. Hardox stál og öflugar fóðringar tryggja langan líftíma.
5. 1250mm rúlluspjót.

VB LANDBÚNAÐUR ehf.
VB Agriculture ltd.
www.VBL.is
REYKJAVÍK
Krókháls 5F
110 Reykjavík
Sími: 414-0000
AKUREYRI
Baldursnes 2
603 Akureyri
Sími: 464-8600

HROSS & HESTAMENNSKA

Landsmót og kynbótasýningar 2018

Þorvaldur Kristjánsson
ábyrgðarmaður í hrossarækt
thk@rml.is



Hérna verður farið yfir atriði sem snúa að kynbótahrossum á Landsmóti 2018 og einnig nýjum áhersluatriðum í dómum í ár sem gott er að minna á.

Hvað varðar kynbótahross á Landsmóti 2018 eru nokkur atriði sem þarf að koma á framfæri. Ákveðinn fjöldi efstu hrossa vinnur sér þátttökurétt á mótinu og miðað er við að hafa 170 kynbótahross á mótinu. Fjöldann í hverjum flokki má sjá inn á heimasíðu RML, www.rml.is, undir kynbótastarf > hrossarækt > kynbótasýningar. Til að auðvelda bestu klárhrossum landsins að komast inn á mótið er 10 stigum bætt við aðaleinkunn klárhrossa í sætisröðun hrossa inn á mótið. Þegar sýningarnar eru komnar í gang má á heimasíðunni www.worldfengur.com finna lista yfir þau kynbótahross sem búin eru að vinna sér þátttökurétt á Landsmót hverju sinni. Endanlegur listi lítur ekki dagsins ljós fyrr en 16. júní þegar vordómum lýkur. Yfirlitssýningu á Hellu lýkur þann dag en vegna fjölda hrossa á þeirri sýningu líkur henni degi síðar en öðrum sýningum. Ekki þarf að skrá sig inn í WorldFeng til að sjá þennan lista heldur má opna hann á forsíðunni með því að smella á „Sýningarskrá fyrir Landsmót 2018“.

Ef fleiri en eitt hross eru jöfn í síðasta sæti inn á mótið (til dæmis fleiri en ein hryssa í 15. sæti í flokki 7 vetra og eldri hryssna) þá er þeim öllum heimil þátttaka á mótinu. **Þá eru eigendur hrossa sem vinna sér þátttökurétt á mótinu en ætla sér ekki að mæta með þau af einhverjum ástæðum beðnir um að láta vita í síðasta lagi fyrir 18. júní**, þannig að hægt sé að bjóða hrossum sem eru neðar á listanum þátttöku á mótinu. Hægt er að láta vita í síma 892-9690 eða á netfanginu thk@rml.is.

Úrvalssýning kynbótahrossa

Á laugardeginum á Landsmóti verður úrvalssýning kynbótahrossa þar sem hugmyndin er að virða fyrir sér bestu hross landsins fyrir ákveðna eiginleika; kynna fjölhæfni og fegurð íslenska hestsins og í raun þá miklu vídd sem býr í reiðhestskostum hans. Á þessa sýningu mega koma hross með 9.5 – 10 fyrir tölt, brokk, skeið, stökk, fet og fegurð í reið. Þessi sýning er opin þeim hrossum sem hafa hlotið þessar einkunnir á sýningum vorsins, óháð því hvort þau vinna sér þátttökurétt á Landsmóti sem einstaklingar eða ekki. Nánari upplýsingar um þetta sýningaratriði verða birtar innan tíðar.

Sýningargjald af kynbótahrossum á Landsmóti

Á Landsmóti 2018 verður nauðsynlegt að innheimta sýningargjald af einstaklingssýndum kynbótahrossum á mótinu. Samningar hafa náðst á milli Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins og Landsmóts 2018 ehf. um skiptingu kostnaðar við sýningar kynbótahrossa á mótinu og verður hægt að hafa þetta gjald nokkru lægra en á öðrum kynbótasýningum. Gjaldið mun því verða 14.315 kr. fyrir utan vsk., samtals 17.750 kr. Þetta var nauðsynlegt að gera á síðasta móti einnig en ánægjulegt er engu að síður að niðurstaðan skuli vera lægra gjald en á öðrum kynbótasýningum.

Sýningar ársins

Sýningarnar byrja í Spretti, Kópavogi 22. maí. Það eru nokkur atriði sem eru ný í dómum í ár og er gott að rifja þau upp hér:



Fátt er betra en væn tugga. Mynd / HKr.

Dómar á tölti og stökki

Í dómskala kynbótahrossa hefur staðið að 8.00 sé hámarkseinkunn fyrir tölt ef ekki er sýnt hægt tölt og einnig að 8.00 sé hámarkseinkunn fyrir tölt ef eingöngu er sýnt hægt tölt. Þá þarf einkunn fyrir hægt tölt að vera að lágmarki 7.0 eigi einkunnin 8.0 fyrir tölt að nást. Þetta hefur þótt ruglandi og gerir það að verkum að í sumum tilvikum er betra að sýna ekkert hægt tölt í stað þess að sýna afar lélegt hægt tölt. Það var ákveðið í vetur að gera einnig meiri kröfur til sýninga á hægu tölti og lækka þá einkunn sem hrossið getur hlotið að hámarki ef t.d. ekkert hægt tölt er sýnt. Þetta lítur því svona út í dómskalanum núna:

7,5 er hámarkseinkunn fyrir tölt ef:

Hægt tölt er ekki sýnt.
Eingöngu hægt tölt er sýnt.

Til að hljóta einkunnina 8.0 fyrir tölt þarf einkunn fyrir hægt tölt að vera að lágmarki 7.0.

Það sama á við um stökk; að 7.5 er nú hámarkseinkunn fyrir stökk ef hægt stökk er ekki sýnt eða eingöngu hægt stökk er sýnt. Ennfremur; til að hljóta einkunnina 8.0 fyrir stökk þarf einkunn fyrir hægt stökk að vera að lágmarki 7.0. Afar fátítt er að eingöngu hægt tölt eða stökk sé sýnt. Þá þykir það mikið af upplýsingum um gangtegundirnar vanta ef þær eru ekki sýndar á hægu, að rétt sé að hafa hámarks einkunnina 7,5 í þeim tilfellum. Þá er það viðmið nú á yfirlitssýningum að ef hækka á einkunn fyrir tölt og stökk upp úr 8.0, þá þarf að sýna gangtegundirnar bæði á hægu og hraðari ferð.

Mat á samræmi

Þegar samband byggingar og hæfileika var kannað á sínum tíma komu í ljós mikil áhrif breiddar um brjóst á hæfileika. Þetta var sú einstaka mæling sem hafði einna mest áhrif á hæfileika. Aukin breidd um brjóst skapar m.a. betra jafnvægi í hestinum sem er ein af grunnforsendum afkasta af einhverju tagi. Áhrifin eru það mikil að ástæða þykir að horfa sérstaklega til breiddar um brjóst þegar samræmi hrossa er metið en breidd um brjóst hefur ekki haft teljandi áhrif á einkunnagjöf fyrir samræmi hingað til. Aðal áhrifin eru þau að mjög grannt brjóst hefur neikvæð áhrif á hæfileika en þegar breidd um brjóst er komin upp fyrir 40 cm þynnast áhrifin út. Það er því markmiðið að koma breidd um brjóst upp fyrir ákveðið lágmark en stefna ekki að sífellt breiðara og breiðara brjósti enda eru áhrifin á hæfileika ekki línuleg upp á við. Það kom í ljós að best er að hafa breidd um brjóst ca. 3 cm yfir meðaltali. Meðaltal hjá stóðhestum er um 37 cm og meðaltal hjá hryssum 36 cm. Af þessari ástæðu var ákveðið að setja ákveðna vinnureglu nú fyrir vorið um hvaða áhrif breidd um brjóst hefur á einkunnagjöf fyrir samræmi. Þessi vinnuregla var samþykkt á fundi ræktunarleiðtoga FEIF-landanna í byrjun febrúar. Reglan er eftirfarandi:

Mat á samræmi:

Til að hljóta 8.5 eða hærra fyrir samræmi þurfa stóðhestar að hafa að lágmarki 35 cm í breidd um brjóst og hryssur 34 cm.

Þetta eru ekki mjög miklar kröfur þar sem það eru ekki mörg hross sem eru fyrir neðan þessi viðmið um brjóstbreidd en mikilvægt að taka tillit til þessa atriðis við mat á samræmi.

Aðrar vinnureglur við dómana, eins og með mat á skeiði og vilja og geðslagi, sem teknar voru upp í fyrra má finna inn á heimasíðu RML undir kynbótastarf > hrossarækt>kynbótasýningar (Vinnureglur FEIF við kynbótadóma).

Sýningarárið 2018 og ekki síst Landsmót hestamanna í Víðidal er sannkallað tilhlökkunarefni og væntum við hjá Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins góðs samstarfs við hrossaræktendur og sýnendur nú í vor sem endranær.

Glæsilegir hestar en líka ótrúlega margt annað á Landsmóti hestamanna í Reykjavík í júlí

Landsmót hestamanna fer fram í Reykjavík dagana 1.-8. júlí næstkomandi. Þar verða á einum stað sýnd landsins fremstu kynbótahross og þar fer fram glæsileg gæðingakeppni. Landsmót eru haldin á tveggja ára fresti, þau eru stærstu viðburðir sem haldnir eru í kringum íslenska hestinn og fjöldi erlendra gesta sækir landið heim sérstaklega til að koma á Landsmót. Alls er búist við um 10–12.000 gestum á mótið og þar af mun um fjórðungur koma erlendis frá.

„Það verða ekki bara frábærir hestar sem munu láta ljós sitt skína á Landsmóti í sumar. Samhliða þéttri keppnisdagskrá verður boðið upp á fjölbreytta hliðardagskrá þar sem fræðsla um allt sem tengist íslenska hestinum í glæsilegri aðstöðu sem verkefnið Horses of Iceland stendur fyrir. Þá verður tónlistin aldrei langt undan þegar hestafólk kemur saman og á Landsmóti verða bæði frábær gítarpartí og alvöru sveitaböll, segir Áskell Heiðar Ásgeirsson, framkvæmdastjóri mótsins.



Frá setmningarathöfn Landsmóts hestamanan í Reykjavík 2012. Mynd / HKr.

„Meðal þeirra sem fram koma eru Albatross með Sverri Bergmann, Röggu Gísla og Sölku Sól, Alex Ó og kántrýhljómsveit, Helgi Björns og reiðmenn vindanna, Stebbi Jak og Andri, Sigvaldi Helgi, Grétar og Hebbi, Dísella Lár. og Magni Ásgeirsson sem jafnframt er tónlistarstjóri mótsins. Þá verður á svæðinu risaskjár í tjaldi þar sem sýnt verður frá 16 liða og 8 liða úrslitum á HM í fótbolta sem fram fer í Rússlandi á sama tíma og Landsmót.

Landsmótið í sumar hefst á sérstökum fjölskyldudegi, sem er sunnudagurinn 1. júlí, en frítt verður inn á mótssvæðið þann dag. Þá hefst keppni í barna- og unglingaflokki og auk þess verða Jói P. og Króli á svæðinu, Leikhópurinn Lotta lítur í heimsókn og ýmislegt fleira skemmtilegt verður í boði. Alla mótsdagana verður svo opið sérstakt leiksvæði fyrir börn.

Áhugafólk um verslun og viðskipti fær nóg fyrir sinn snúð á glæsilegu markaðssvæði Landsmóts þar sem hægt verður að skoða og kaupa ýmiss konar varning, bæði hestatengdan og ekki.

Á svæðinu verður fjölbreytt úrval af mat, bæði í Reiðhöll Fáks sem verður breytt í matsal og eins úti þar sem fjölbreytt úrval af götumat verður í boði.

Tjaldstæði standa öllum mótsgestum til boða og auk þess geta gestir keypt sér aðgang að ákveðnum tjaldstæðareitum með rafmagnstengi.

Miðasala á Landsmót stendur yfir á vefnum landsmot.is og hjá tix.is og miðar fást á sérstöku forsöluverði til 15. júní. Hægt er að kaupa vikupassa og helgarpassa en á mótinu sjálfu verða jafnframt til sölu dagmiðar,“ segir Áskell.

/HKr.

Frá Bændasamtökum Íslands:
Umsóknir um styrki úr Stofnverndarsjóði íslenska hestakynsins

Fagráð í hrossarækt starfar samkvæmt 15 gr. búnaðarlaga nr. 70/1998. Fagráð fer, meðal annarra verkefna, með stjórn Stofnverndarsjóðs sem starfræktur er samkvæmt ákvæðum í sömu lögum og reglugerð nr. 1123/2015 um sama efni.

Verkefni sjóðsins eru að veita styrki til þróunar- og rannsóknaverkefna í hrossarækt. Verkefnin skulu stuðla að viðhaldi verðmætra eiginleika í íslenska hrossastofninum, verndun erfðafjölbreytileika stofnsins og/eða auka þekkingu á stofninum og útbreiðslu hans. Fagráð í hrossarækt auglýsir eftir umsóknum ár hvert og tekur ákvörðun um styrkveitingar.

Fagráð tekur ákvörðun um styrkveitingar í júní 2018. Nánari upplýsingar fást hjá Bændasamtökunum.

Frestur til að skila inn umsóknum er til 18. júní 2018 og skal umsóknum skilað til:

Fagráð í hrossarækt, Bændahöllinni v/Hagatorg, 107 Reykjavík.

Fagráð í hrossarækt.

LESENDABÁS

Raforkukerfi á brúninni

Hlutverk flutningskerfis raforku er að færa orkuna sem unnin er í virkjun til notenda, oft á milli landshluta. Notendur eru ýmist dreifiveitur á borð við Rarik og HS Veitur sem þjónusta almenning eða stórnotendur á rafmagni á borð við ál-, kísil- eða gagnaver.

Birtingarmynd þessa kerfis í hugum margra er hringtenging háspennulína með tilheyrandi möstrum hringinn í kringum landið sem er í daglegu tali nefnd byggðalínan.



Jón Skafti Gestsson.

Byggðalínan forsenda framþróunar

Byggðalínan var umfangsmikið samfélagslegt verkefni sem færði minni sveitarfélögum landsins tryggari og hreinni raforku en þau höfðu áður búið við. Bygging byggðalínunnar var lykilatriði í því að færa Ísland frá notkun mengandi orkugjafa á borð við olíu og kol sem víða voru enn notuð við raforkuvinnslu. Byggðalínan var því grundvallarforsenda fyrir þeim árangri sem íslenskt samfélag náði áratugum á undan flestum öðrum löndum. Það að gera raforkukerfið okkar að öllu leyti endurnýjanlegt stórbætti um leið samkeppnishæfni minni sveitarfélaga á landinu.

Aðgangur að áreiðanlegri öruggari raforku var stórt byggðaþróunarmál sem leystist að miklu leyti með tilkomu byggðalínunnar sem tekin var í rekstur í áföngum á árunum 1974-1984. Síðan þá hefur byggðalínan ekki náð að vaxa með samfélaginu . Víða um land er komin upp sú staða að ekki fæst afhent raforka vegna takmarkaðrar flutningsgetu byggðalínunnar. Uppsöfnuð fjárfestingaþörf til þess að geta mætt eftirspurn eftir raforku sem víðast á landinu er orðin veruleg.

Staðan sem upp er komin á byggðalínunni og þar með raforkukerfinu í heild er alvarleg. Afleiðing þess að flutningsgeta raflína er þegar eins nærri því að vera fullnýtt og raun ber vitni veldur umtalsverðum kostnaði í þjóðhagslegu og rekstrarlegu samhengi.


Í grunninn gerist tvennt. Til skamms tíma minnkar sveigjanleiki kerfisins og það tapar getunni til takast á við erfiðar aðstæður á borð við bilanir, veður og náttúruhamfarir. Til lengri tíma tapast getan til að mæta þeim kröfum sem opinber stefnumótun og breyttar markaðsaðstæður krefjast. Hvort tveggja hefur raungerst á undafönum árum.

Hingað til hefur Landsnet náð eftirtektarverðum árangri í að viðhalda stöðugleika kerfisins með vel þjálfuðu fólki í stjórnstöð og þróun ýmissa lausna á borð við snjallnetið á Austurlandi. Þótt þessar lausnir hafi komið í veg fyrir ótalinn fjölda kostnaðarsamra atvika í kerfinu koma þær ekki stað nauðsynlegrar styrkingar byggðalínunnar. Ef til vill hefur árangur stjórnstöðvarinnar dulið alvarleika stöðunnar fyrir almenningi.


Fullnægir ekki þörfum rafrænnar framtíðar

Skortur á fjárfestingum birtist í því að stór hluti byggðalínunnar hefur ekki verið endurnýjaður þrátt fyrir mikinn vöxt í eftirspurn eftir raforku. Til dæmis er meðalaldur byggðalínuhringsins norðan frá Borgarfirði og að Sigöldu 40 ár. Afskriftatími flutningslína er 50 ár og því orðið tímabært að hefja endurnýjun og viðbætur.

Án endurnýjunar veikist kerfið þar sem búnaður og línur ganga óhjákvæmilega úr sér. Til lengri tíma leiðir svo veikt og ósveigjanlegt flutningskerfi til meiri kostnaðar og hindrar að markmiðum verði náð sem allir vilja stefna að í orði, eins og t.d. rafvæðingu samgangna og jöfnun atvinnutækifæra um landið. Hið síðarnefnda hefur reyndar lengi blasað við mörgum í byggðum landsins eins og sjá má á mynd 1 sem sýnir hversu mikið viðbótarafl er hægt að afhenda á hverjum afhendingarstað Landsnets.



Mynd 1. Flutningsgeta til afhendingarstaða Landsnets.



Mynd 2. Væntanleg flutningsgeta til afhendingarstaða Landsnets árið 2030 án viðbótarfjárfestinga.

Nauðsynlegt er að styrkja flutningskerfi raforku frá því sem nú er. Frá því byggðalínan var reist hefur raforkuvinnsla margfaldast og því þarf að þróa flutningsgetu byggðalínunnar til þess að geta mætt eðlilegri spurn eftir raforku sem víðast um landið. Margt er nú þegar vitað um óvissuþætti og áskoranir sem flutningskerfið mun standa frammi fyrir til lengri tíma. Hagkvæm innleiðing rafrænna samgöngukosta mun að miklu leyti ráðast af því hvort flutningskerfið verður styrkt eða ekki. Mynd 2 sýnir væntanlega stöðu kerfisins árið 2030 að óbreyttu. Ekki verður hægt að auka afhendingu neins staðar á landinu.

Ávinningurinn af því að takast á við áskoranirnar áður en þær fara að raungerast er ótvíræður. Það þarf að sýna frumkvæði og hugsa langt fram í tímann. Með samvinnu og lausnamiðuðu hugarfari er hægt að stíga stór framfaraskref – saga byggðalínunnar sýnir það.

Jón Skafti Gestsson
sérfræðingur á fjármálasviði Landsnets





Höfum á lager mikið úrval af alskyns vinnufatnaði, hífi- og festingabúnaði, krönum og talíum, snjókeðjum, pökkunarlausnum og fallvarnarbúnaði. Í vörulistanum á www.isfell.is er að finna ítarlegar upplýsingar um allar vörur.

Hafðu samband og kynntu þér vöruúrvalið og þjónustuna!

ÍSFELL
Ísfell ehf, Óseyrarbraut 28
220 Hafnarfjörður, Sími 5200 500
www.isfell.is, isfell@isfell.is

VÉLABÁSINN

KIA Stonic, vel útbúinn bíll í millistærð



Hjörtur L. Jónsson
liklegur@internet.is

KIA er eini bíllinn sem seldur er hér á landi og er með 7 ára ábyrgð sem segir mikið um áreiðanleika KIA bíla. Nýjasti bíllinn er KIA Stonic og er fáanlegur bæði með dísil og bensínvél.

Ég kaus að prófa beinskipta dísilbílinn sem er með 1,6 lítra dísilvél og á að skila 110 hestöflum (bensínbíllinn er með 1,0 lítra vél sem skilar 120 hestöflum).

Þægilegur í akstri, hljóðlátur og vel útbúinn bíll

Að keyra bílinn er þægilegt, sæti góð og ágætis fótapláss. Eins og í mörgum beinskiptum bílum segir mælaborðið manni hvenær bíllinn vill að skipt sé upp eða niður um gír og í KIA Stonic er beðið um gírskiptingu á mjög lágum snúningi. Svo lágum að maður heyrir varla í vélinni því hljóðeinangrun á milli vélar og innrýmis í bílnum virðist vera afar góð að framanverðu í bílnum.

Við akstur á malarvegi heyrist svolítið steinahljóð frá afturdekkjunum (nánast ekkert frá framhjólunum). Á bundnu slitlagi er því afar hljóðlátt inni í bílnum og eina aukahljóðið sem maður heyrir kemur frá afturhjólunum.

Mikið lagt upp úr þægindum og öryggi

KIA hafa samkvæmt minni reynslu alltaf verið fljótir að setja í bíla sína mikið af öryggisbúnaði s.s. blindhornsvara sem sýnir ljós í hliðarspeglum ef ökutæki er á þeim stað sem kallast blindhorn og er illsjáanlegt í hliðarspeglunum. Hita í stýrinu sem hentar vel á köldum vetrarmorgnum. Akreinalesara sem lætur vita með hljóðmerki ef farið er yfir punktalínu á vegi án þess að gefið er stefnuljós. Í KIA virðist akreinavarinn lesa ágætlega illa málaðar vegmerkingar, en þrátt fyrir það má Vegagerðin verulega bæta akreinamerkingar sem eru vægast sagt ekki landi og þjóð til sóma.

Ýmislegt annað er gott í bílnum s.s. velti og aðdráttarstýri, bakkskynjarar, árekstrarvörn, búnaður sem bremsar sjálfkrafa ef farið er of nálægt næsta bíl fyrir framan.

Prufuaksturinn og eyðsla

Ég ók bílnum alls 108 km og var mín meðaleyðsla samkvæmt aksturstölvunni 5,5 lítrar af dísil, en uppgefin meðaleyðsla í bæklingi er 4,2.

Fyrstu 40 km voru innanbæjarakstur og eftir þá km sagði tölvan að ég hefði verið að eyða 5,6 lítrum. Þess ber að geta að í þau skipti sem ég hef prófað KIA bíla hef ég alltaf verið frekar nálægt uppgefinni eyðslu á þeim bílum þrátt fyrir að ég er ekkert að reyna að spara eldsneyti í þessum prufukeyrslum. Í lokin tók ég 16 km á um 80 km hraða og sýndi þá eyðslumælirinn að ég hefði verið að eyða 4,9 l á hundraðið. Á malarveginum sem ég nota mikið við prufuakstur var ég ánægður með bílinn, stöðugur, fjöðrun góð og



KIA Stonic dísil. Myndir / HLJI



Til að fá afturljósin á í akstri þarf að kveikja ljósin og best er að hafa takkann alltaf svoleiðis svo ekki gleymist að kveikja.



Nokkuð sáttur við lokatölurnar 5,5 lítra eyðsla ekki mikið.



Ágætis hæð undir lægsta punkt.



Allan tímann sem ég var með bílinn var ég með ljósatakkann stilltan svona svo að ég fengi ekki 20.000 sekt.



Hliðarspeglarnir mættu alveg vera stærri, en góðir samt.



Varadekkið er það sem ég kalla aumingi, en betra að vera með aumingja en ekkert varadekk eins og er í mörgum bílum.



Allt innrými er gott og sætin þægileg.

sáralítið malarhljóð. Á malbiki er bíllinn ósköp svipaður og að keyra rafmagnsbíl, nánast ekkert hljóð frá dísilvélinni og veghljóð lítið.

Kostir margfalt fleiri en ókostir

Í umferðinni er mikið af KIA bílum ljóslausir að aftan (næstum því áberandi margir KIA bílar). Þetta er sennilega vandamál þess sem ekur bílnum þar sem að KIA bílar eru með ljósatakka sem er með möguleikann „AUTO“ en með þessa stillingu eru engin afturljós nema í myrkri. Nýju sektarákvæðin eru 20.000 fyrir að vera ekki með afturljós í umferð. Þeir KIA bílar sem ég hef prófað slökkva öll ljós sjálfkrafa þegar bílnum er læst þó að ljósatakkinn sé stilltur á full ljós og því óþarfi að slökkva ljósin þó að mælaborðið segi manni að slökkva ljósin að loknum bíltúr. Eini ókosturinn sem ég sá við bílinn er að varadekkið er það sem ég kalla „aumingja“. Hins vegar eru kostirnir svo margir að aumingja varadekkið fellur í skuggann við hluti eins og; akreinavarann, hitann í stýrinu, blindhornsvarann, árekstrarvörnina og vel hljóðeinangraðan bíl, svo eitthvað sé nefnt.

Verð og val á KIA Stonic

Ódýrasti KIA Stonic er beinskipti 120 hestafla bensínbíllinn sem kostar 3.140.777, en dýrasti bíllinn er bíllinn sem ég prófaði sem er með 110 hestafla dísilvélinni og kostar 3.690.777 krónur. Flest umboð eru með þrjár síðustu tölurnar í verðinu 000, en með tilvísun í 7 ára ábyrgð enda allir KIA bílar á tölunum 777. KIA Stonic er bara í boði beinskiptur með 6 gíra kassa. Allar nánari upplýsingar um bílinn er hægt að nálgast hjá sölumönnum KIA í Öskju eða á vefsíðunni www.kia.is.

ÖRYGGI – HEILSA – UMHVERFI

Sektir við umferðarlagabrotum eru misháar og stundum óskiljanlegar

– Sektir og orðalag í nýrri reglugerð getur verið ágætis skemmtun til lestrar



Hjörtur L. Jónsson
liklegur@internet.is

Eins og flestir vita tók í gildi ný reglugerð við ýmsum umferðarbrotum þann 1. maí síðastliðinn. Þar sem að ég tel mig vera atvinnubílstjóra ákvað ég að renna yfir reglugerðina svona rétt til þess að kynna mér breytingarnar og í leiðinni reyna að fækka mínum óþarfa sektum aðeins.

Við lesturinn fannst mér reglugerðin vera frekar torlesin, en á köflum ágætis skemmtilesning. Í of mörgum tilfellum fannst mér orðalagið vera illskiljanlegt og skildi eftir fleiri spurningar en svör og lítið um frávik samanber að í ár hafa margir ferðalangar þurft að vera með nagladekk á ferðum á milli landshluta þrátt fyrir að nagladekk megi ekki nota í maí, en sektin fór úr 5000 í 20.000 á dekk.

Útgefið af samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, 28. febrúar 2018, undirskrifað: Sigurður Ingi Jóhannsson.

Reglugerð no. 288:
Í fyrstu grein er strax endað á eftirfarandi:

Heimilt er að víkja frá ákvæðum í viðaukum ef veigamikil rök mæla með því.

Hér er greinilegt að maður þarf að vera með röksemdir á hreinu við umferðarlagabrot ætli maður að komast upp með brotið.

Svo í 2. gr. er þetta:

Lögreglustjóra ber að veita sakborningi 25% afslátt af sektarfjárhæð sem ákveðin er af lögreglustjóra, ef sakborningur greiðir sektina ásamt sakarkostnaði að fullu innan 30 daga frá dagsetningu sektar á vettvangi, sektarboðs eða undirritun sektargerðar sem sakborningur hefur gengist skriflega undir.

Lítil samantekt úr nýju reglugerðinni

10. gr. Skyldur við umferðaróhapp

1. mgr.:
Eigi numið staðar og veitt hjálp (ekki slys á fólki) 20.000 sekt. Hér finnst mér hart gengið fram þar sem að á mjög mörgum stöðum er hættulegra að stoppa en að halda áfram (þekki þetta mjög vel þar sem ég þarf reglulega að kalla til lögreglu til að hafa blá blikkandi ljós fyrir umferðinni til að ég geti unnið mína vinnu í skjóli bláu ljósanna við vegaaðstoð á biluðum bílum). Dæmi eru um mjög alvarleg slys á þeim sem eru að veita hjálp þeirra sem eru í nauð í vegköntum.

18. gr. Akstur við biðstöð hópbifreiða o.fl.

1. mgr.:
Eigi virtur forgangur hópbifreiðar til aksturs frá biðstöð 20.000. Stjórnandi hópbifreiðar vanrækir aðgát við akstur frá biðstöð 20.000.

Hér er svolítið mikill tvískinnungur og þessar tvær línur alveg óskiljanlegar fyrir mig.

32. gr. Ljósanotkun

1. mgr.:
Ökuljós eigi tendruð í dagsbirtu 20.000.

2. mgr.: Ökuljós eigi tendruð þegar birta er ófullnægjandi 20.000.

3.–8. mgr.: Óheimil eða röng notkun ljósa 20.000.

